Bryndís Zoëga
Guðmundur St. Sigurðarson

# Fornleifaskráning Skagabyggðar

## Kelduland/Hafsvellir, Brandaskarð, Efri- og Neðri Harrastaðir



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2010/106

Forsíðumynd: Varða í landi Neðri-Harrastaða

**© Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson**
**Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki**
**2010/106**

# Efnisyfirlit

**EFNISYFIRLIT** .......... **1**

**INNGANGUR** .......... **2**

**TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA** .......... **3**

AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU .......... 4

**KELDULAND OG HAFSVELLIR – SÖGUÁGRIP** .......... **6**

FORNLEIFASKRÁNING KELDULANDS .......... 8

**BRANDASKARÐ – SÖGUÁGRIP** .......... **38**

FORNLEIFASKRÁNING BRANDASKARÐS .......... 40

**EFRI OG NEÐRI HARRASTAÐIR – SÖGUÁGRIP** .......... **51**

FORNLEIFASKRÁNING EFRI-HARRASTAÐA .......... 54

FORNLEIFASKRÁNING NEÐRI-HARRASTAÐA/HARRASTAÐAKOTS .......... 75

**SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR** .......... **91**

ÁHUGAVERÐAR MINJAR TIL RANNSÓKNA .......... 94

**NIÐURLAG** .......... **95**

**HEIMILDASKRÁ** .......... **96**

# Inngangur

Haustið 2009 lauk öðrum áfanga vettvangsskráningar fornleifa í Skagabyggð vegna aðalskipulags. Skráningin var unnin af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir sveitarfélagið. Í eftirfarandi skýrslu er fornleifaskráning jarðanna: Keldulands/Hafsvalla, Brandaskarðs og Efri (áður Harrastaðir)- og Neðri-Harrastaða (áður Harrastaðakot). Auk þeirra voru skráðar jarðirnar Víkur, Krókssel, Hróarsstaðir, Kurfur, Örlygsstaðir og Hlíð, Skeggjastaðir, Árbakki, Vindhæli, Ytri-Ey og Syðri-Ey (Eyjarkot), Ytri-Hóll, Njálsstaðir og Þverá í Norðurárdal.

Um var að ræða heildarskráningu jarðanna þar sem allar fornleifar sem tengjast hverri jörð og nýtingu hennar voru mældar upp og þeim lýst; minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa, selja og hjáleigna ef einhverjar eru. Á þann hátt skapast yfirsýn yfir minjar sem heyrt hafa saman í tíma og rúmi þótt alltaf megi búast við því að töluverður fjöldi minja sé horfinn af náttúru- eða mannavöldum.

Samkvæmt samningi Skagabyggðar og Byggðasafns Skagfirðinga miðast skráningin við jarðabók Johnsen frá 1847 og ætti því með réttu að skrá sérstaklega jörðina Hafsvelli sem í dag tilheyrir Keldulandi. Jarðirnar eru þó skráðar saman hér þar sem þær tilheyra núorðið sama skipulagssvæði. Þess er þó getið hvorri jörðinni minjarnar tilheyrðu. Efri- og Neðri-Harrastaðir eru skráðir í sitthvoru lagi en söguágrip jarðanna er sameiginlegt enda saga þeirra samofin fram um miðja 20. öld.

Heimilda- og undirbúningsvinna var í höndum Berglindar Þorsteinsdóttur fornleifafræðings en vettvangsvinna sem fór fram á sumarmánuðum 2009 var unnin af þeim Guðmundi St. Sigurðarsyni fornleifafræðingi og Bryndísi Zoëga landfræðingi sem einnig sá um ritun skýrslunnar sem lauk 2010.

Landeigendum og heimildamönnum kunnum við bestu þakkir fyrir veittar upplýsingar, aðstoð og yfirlestur, þeim Óla Albertssyni fyrrum bónda í Keldulandi nú búsettum á Skagaströnd, Gunnlaugi Sigmarssyni á Skagaströnd en hann er uppalinn á Efri-Harrastöðum, ábúendum á Neðri-Harrastöðum þeim Reyni Davíðssyni og María Línbjörgu Hjaltadóttur og Jens Jónssyni bónda á Brandaskarði.

## Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> [...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
>
> a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
> c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
> d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
> e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
> f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
> i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
>
> Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til." Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna

þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

## Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær gamli bærinn á Keldulandi númerið 1 (auðkennt Kelduland - 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvrnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins en Fornleifavernd hefur yfirumsjón með minjavörslu á landinu. Til dæmis er kennitala fyrir Kelduland - 1, 12144.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túna eða í nágrenni þeirra séu í einhverri hættu af völdum framkvæmda en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær verði fyrir hnjaski. Hættumat kann að breytast síðar vegna framkvæmda eða annarra ástæðna sem ófyrirséðar voru þegar minjarnar voru skráðar. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vef stofnunarinnar: www.fornleifavernd.is. Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður útfrá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Gróðurfar er oft betri vísbending, þar sem minjar geta verið grænni og gróskumeiri en umhverfið í allt að tvö til þrjú hundruð ár, en fara eftir það að samlagast umhverfinu betur. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjum eða punktur tekinn eftir atvikum. Þessar teikningar, punktar og línur voru færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í eigu Sveitarfélagsins Skagabyggðar. Upplýsingarnar voru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins. Minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir hvar hafi staðið, s.s. byggingar sem mældar voru upp á túnakortum á fyrrihluta 20. aldar, eða minjar sem heimildamenn töldu sig geta staðsett með öryggi, voru sömuleiðis hnitsettar en þar má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

## Kelduland og Hafsvellir – Söguágrip

Í Húnaþingi II segir um Kelduland: „Á Keldulandi er graslendi mikið og gott. Bærinn stendur skammt frá þjóðvegi móts við Bakka, áður stóð hann nær fjallinu.“[1] Hafsvellir eru eyðijörð sem áður var sjálfstæð en liggur nú í Keldulandi.

Keldulands er fyrst getið í kaupbréfi frá 1437 en þar kemur fram að Ásbjörn Vigfússon ábóti á Þingeyrum seldi Birni Þorleifssyni alla veiði í Víðidalsá sem fylgt hefur Borgarlöndum og fær í staðinn jörðina Kelduland á Skagaströnd.[2] Í elsta hluta Sigurðarregistris frá 1525[3] kemur fram að Kelduland, sem þá var í eyði, í eigu Þingeyrarklausturs.[4]

Í jarðabókum frá 1686 og 1696 er Kelduland metið á 8 hundruð, þar af eru 5 hundruð í einkaeign en 2 hundruð tilheyrðu Þingeyrarklaustri.[5] Í jarðabók frá 1708 er jörðin metin á 3 hundruð, leigukúgildi voru 2,5 og landskuld 30 álnir sem greiddist í landaurum til klaustursins en kúgildin í smjöri.[6] Í sóknarlýsingum frá 1840 segir prestur jörðina metna á 10 hundruð og er þá ekki ólíklegt að þar sé hún metin með Hafsvöllum (sjá hér að neðan).[7] Árið 1847 var jörðin í bændaeign og ábúandinn var landeigandi sjálfur. Jörðin var þá metin á 3 hundruð, landskuld var 40 álnir, og kúgildi 2.[8] Þegar nýtt jarðamat var gert árið 1861 var búið að sameina jarðirnar og voru þær metnar á 13,6 hundruð en Hafsvellir að fornu sagðir 8 hundruð en Kelduland 3 hundruð.[9]

### Ábúð

Þegar manntal er fyrst tekið á Íslandi 1703 eru 5 til heimilis að Keldulandi, Jón Sigurðsson skráður ábúandi ásamt eiginkonu sinni Valdísi Helgadóttur og þremur börnum. Heimilisfólk er eftir það á bilinu 5-8 nema árið 1860 en þá er þar tvíbýli og 12 skráðir í heimili.[10]

### Náttúrufar og jarðabætur

Árið 1708 er búfénaður sagður, 2 kýr, 20 ær, 5 veturgamlir sauðir, 16 lömb og 1 hross. „Túninu grandar lækir, sem bera sand á völlinn, og vatnsuppgángur, sem gjörir grasleysumýrar í vellinum til stórskaða. Hætt er kvikfje fyrri dýjum og verður oft mein að.“[11]

**Hafsvellir/Hrafnsvellir** voru í eyði 1703[12] og í jarðabók frá 1708 segir „Þessi jörð hefur í eyði legið í næstu tvö ár.“ Þar er dýrleikinn metinn 8 hundruð og eigandi biskupsstóllinn á Hólum.[13] Hafsvellir voru árið 1686 í eigu Hólastóls, metnir á 6 hundruð og 160 álnir, kúgildi voru 3 og landskuld 40 álnir.[14] Í jarðabók Johnsen frá 1847 eru Hafsvellir sagðir í bændaeign, dýrleiki var enn 8 hundruð en kúgildi lækkuðu úr þremur í tvö og landskuld úr 40 álnum í

---

[1] *Húnaþing II* (1978), 99.
[2] *Íslenskt Fornbréfasafn IV*, 573.
[3] Sigurðarregistri inniheldur máldaga Hóladómkirkju, klaustranna og nokkurra kirkna á Norðurlandi þegar Jón Arason biskup tók við.
[4] *Íslenskt Fornbréfasafn IX*, 314.
[5] Björn Lárusson (1967), 241.
[6] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII. bindi*, 459.
[7] *Sýslu- og sóknarlýsingar I. bindi*, 168.
[8] *Jarðatal Johnsen* , 244.
[9] *Ný jarðabók fyrir Ísland*, 90.
[10] Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. http://manntal.is/#
[11] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII. bindi,* 459.
[12] Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. http://manntal.is/#
[13] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII. bindi*, 458.
[14] Björn Lárusson (1967), 241.

30.[15] Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 segir: „Túninu grandar vatnsuppgángur til stórskaða, sem gjörir mýri í túninu og jetur úr rótina. Hætt er kvikfje fyrir dýjum og holgryfjulækjum, sem gjörði skaða meðan jörðin bygðist. Þessa jörð til túns og engja brúkar ábúandinn á Keldulandi, og geldur ekkert fyrir nema vakta hús, rækta tún og halda uppi boðburði og förumanna flutníngi. Þessa jörð má aftur byggja ef fólk til fengist.“[16]

Ekki virðist hafa verið mannmargt á Hafsvöllum en þar eru aðeins 3 skráðir til heimilis þegar mest er árið 1870, annars eru ábúendur ekki nema 1 eða 2. Árið 1835 bjuggu þar hjónin Jón Jónsson og Ingibjörg Jónsdóttir og virðast þau hafa búið þar samfellt í hátt í 20 ár[17] en í manntali 1855 er Jón skráður ekkill. Eftir það virðist jörðin vera í eyði um einhvern tíma en 1870 eru síðasti ábúandi skráður Jónas Hjálmarsson ásamt bústýru sinni Sæunni Sigurðardóttur og Jóni Einarssyni vinnumanni, er þá jörðin jafnframt skráð hjáleiga.[18]

Nafn býlisins virðist lengi hafa verið á reiki og er það ýmist ritað Hafsvellir, Hofsvellir eða Hrafnsvellir.[19] Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Keldulands eru hugleiðingar Óla Albertssonar um bæjarnöfn, þar segir m.a.: „Bæjanafnið Hafsvellir er útí hött, því jörðin nær ekki að sjó,; þó er það alltaf notað hér, en gæti verið afbökum úr hverju hinna sem er sbr. Hafursstaðir eru alltaf kallaðir Hafstaðir í daglegu tali.“[20]

---

[15] *Jarðatal Johnsen*, 244.
[16] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII. bindi, 459.*
[17] Eða skv. manntölum 1835, 1840, 1845, 1850 og 1855.
[18] Manntalsvefur Þjóðskjalasafn Íslands. http://manntal.is/#
[19] Sjá m.a. Landamerkjalýsingu frá 1891, Úttekt frá 1875, jarðabækur 1847 og 1861.
[20] *Kelduland: Athugasemdir og viðbætur* (1982), 9. (ÖS5).




*Mynd 1. Á myndinni er túnakort frá fyrri hluta 20. aldar lagt yfir hnitaða loftmynd frá Loftmyndum ehf. Túnakortið var hvorki merkt höfundi né með ártali en flest kortin voru gerð um eða rétt eftir 1920 og eru á Þjóðskjalasafni Íslands. Á kortinu sjást þau hús sem voru á Keldulandi upp úr aldamótum 1900, Bærinn nr. 1, fjósið nr. 2, hesthús nr. 3 og fjárhús nr. 5. Á myndinni sést einnig túngarður nr. 7 og heimreiðin sem merkt er nr. 4 (númerin eru hlaupandi númer úr fornleifaskráningu Keldulands).*


***Mynd 2. Óli Albertsson fyrrum ábúandi á Keldulandi stendur á gamla bæjarstæðinu þar sem baðstofan var áður. Horft er til SA og Spákonufell er í baksýn.***

## Kelduland-1

**Sérheiti:** Gamlabæjarhóll

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Hóll og dældir

### Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar má sjá að gamli bærinn stóð í norðausturhluta gamla túnsins.

### Lýsing

Leifar gamla bæjarins sjást enn þó búið sé að rífa hann og slétta þar tún. Lág hólmyndum sést í túninu 20x40m að ummáli í henni sex dældir um 10-15sm djúpar. Heimildamaður Óli Albertsson sem var síðasti ábúandi á Keldulandi gat bent sérstaklega á hver þeirra hefði verið baðstofan.

### Aðrar upplýsingar

Í athugasemdum Jóns Ól. Benónýssonar árið 1981 við örnefnaskrá Keldulands segir: „Gamli bærinn var torfbær, og var skemman hluti hans. Tvö þil sneru til suður, þil á skemmu og þil, sem bæjardyr voru á. Skemmubalinn var vestan við skemmuna, næstur henni.“ (ÖS3: 1). Síðar segir: „Gamlabæjarhóll er hóll, sem bærinn stóð á. Raunar er það ekki hóll, heldur stóð bærinn aðeins hærra en umhverfi. Bærinn var fluttur til; það þótti hentugra, því þar var þurrlendara. Æskilegt var e.t.v. að græða landið, sem var í kringum gamla bæinn. Ekki var langt á milli gamla og nýja bæjarins, en þann gamla er búið að rífa fyrir löngu.“ (ÖS3: 9).

Árið 1873 var gerð úttekt á Keldulandsbænum og var álag metið á eftirfarandi hús: „Baðstofu, búr og skemmu undir sama risi, eldhús, göng frá norðurstafni til útidyra, fjós yfir 3 kýr og rangala frá eldhúsi til vatns.“ (Úr Úttektarbók Vindhælishrepps (1873)). Í örnefnaskrá er getið um brunnhús í bænum: „Tveir lækir voru í túninu; hinn var Bæjarlækurinn. Hann rann í gegnum bæinn, eða Brunnhúsið, en í það var innangengt eftir ranghala frá eldhúsi.“ (ÖS4:2). Bæjarlækurinn rennur ekki lengur í gegnum túnið og nú rennur hann norðan þess og er nú kallaður Karrahólslækur. (ÖS5: 4).

**Kelduland-2**
**Hlutverk:** Fjós
**Tegund:** Dæld
**Staðhættir**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar má sjá að gamli bærinn stóð í norðausturhluta gamla túnsins og við hann sambyggt fjós.
**Lýsing**
Leifar gamla bæjarins sjást enn þó búið sé að rífa hann og slétta þar tún. Lág hólmyndum sést í túninu 20x40m að ummáli og sjást í honum sex dældir um 10-15sm djúpar og mun væntanlega einhver þeirra hafa verið fjósið.
**Aðrar upplýsingar**
Árið 1873 var gerð úttekt á Keldulandsbænum og var álag metið á eftirfarandi hús: „Fjós yfir 3 kýr.“ (Úr Úttektarbók Vindhælishrepps (1873)).

**Kelduland-3**
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Dæld
**Staðhættir**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er hesthús beint vestur af gamla bænum.
**Lýsing**
Leifar gamla bæjarins sjást enn þó búið sé að rífa hann og slétta þar tún. Lág hólmyndum er í túninu 20x40m að ummáli og í henni sex dældir um 10-15sm djúpar. Þegar túnakort frá fyrri hluta 20. aldar er lagt yfir hnitaða loftmynd passar staðsetning hesthússins við tvær vestustu dældirnar.

**Kelduland-4**
**Hlutverk:** Tröð
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar sést að heimtröð hefur legið til norðurs og síðar norðvesturs frá bænum og önnur frá bænum til suðurs og svo austurs meðfram Syðrilæk að vaði á honum.
**Lýsing**
Heimtröðin er horfin í tún en var teiknuð upp eftir túnakorti sem lagt var yfir hnitaða loftmynd og því má gera ráð fyrir einhverri skekkju á hnitum.

**Kelduland-5**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er fjárhús syðst í túni og enn standa þar leifar fjárhúss 90m suður af gamla bænum, sunnan Syðrilækjar.
**Lýsing**
Tóftin er 18x24m að utanmáli, til vesturs hafa verið fjárhús með tveimur görðum og líklega hefur verið tréþil til vesturs. Hlaða hefur verið til austurs 2x13,5m að innanmáli. Nyrst á tóftinni er einhölukró og virðist sem þar hafi líka verið tréþil. Dyr hafa allar snúið mót vestri. Tóftin er grasi gróin og þýfð en það sér glögglega í torf- og grjóthleðslur í veggjum á nokkrum stöðum. Mesta hæð veggja er um 1,2m.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Húsamýri og Húsamelur draga nöfn sín af fjárhúsum, sem voru skammt frá túninu, suðvestan við það. Fjárhúsin voru í miðju svonefndu Suðurtúni; það er sunnan við bæjarlækinn, þann stærri." (ÖS 1982, 7).

**Kelduland-6**
**Hlutverk:** Fjárhús, hesthús, hænsnakofi og vélaskemma
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tæplega 60m austur af fjárhústóftinni (nr. 5) er tóft tæplega 7x11m að utanmáli.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðaustur/suðvestur og eru dyr á henni við sv-horn sem snúa til norðvesturs. Hæð veggja er minnst um 20sm en um 100sm þar sem þeir eru hæstir. Samkvæmt heimildamanni hafði húsið gegnt mismunandi hlutverki en þar var fjárhús, hesthús og hænsnakofi. Húsinu var síðast breytt í vélaskemmu árið 1956.


**Mynd 3. Túngarðurinn sést greinilega við sunnanverðan skurðbakkann. Horft er til ASA.**

**Kelduland-7**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Túngarður er utan um gamla heimatúnið norðan Stóralækjar. Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er einnig túngarður sunnan bæjarlækjar og hluti hans sagður með gaddavír. Sá hluti garðsins er nú horfinn vegna sléttunar.
**Lýsing**
Garðlagið er alls um 420m á lengd og liggur vestan, norðan og austan túnsins og hafa skurðir verið gerðir

utan með því á alla kanta. Minnsta hæð garðsins er 40sm en mesta hæð um 150sm en breidd er frá 80-160sm. Hann er grasi gróinn og þýfður.

**Kelduland-8**
**Hlutverk:** Jarðvinnsla
**Tegund:** Beðasléttur
**Staðhættir**
Beint vestur af gamla bæjarstæðinu eru beðasléttur sem liggja frá austri til vesturs og eru um 30x35m að utanmáli.

**Kelduland-9**
**Hlutverk:** Jarðvinnsla
**Tegund:** Beðasléttur
**Staðhættir**
Innan við túngarðinn, beint norður af Stóralæk og tæpa 100m VSV af gamla bæjarstæðinu eru beðasléttur á svæði sem er um 27x28m að utanmáli.

**Kelduland-10**
**Hlutverk:** Jarðvinnsla
**Tegund:** Beðasléttur
**Staðhættir**
Í túninu sunnan stóralækjar, vestur af fjárhústóftinni (sjá nr. 5) eru beðasléttur um 30x55m að utanmáli.

**Kelduland-11**
**Sérheiti:** Mylluhóll
**Hlutverk:** Mylla
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á suður bakka Syðrilækjar rúma 50m suðvestur af gamla bænum var mylla en um hana segir í örnefnaskrá: „[...], en suðaustur af Leyningi er Mylluhóll við Bæjarlæk, þar var vatnsmylla“ (ÖS2: 2).
**Lýsing**
Myllan er horfin er punktur var tekinn eftir staðsetningu heimildamanns.



**Mynd 4. Mylluhóll er við bugðu á Stóralæk fyrir miðri mynd. Horft er til nnv.**

**Kelduland-12**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Nokkuð suður af gamla túninu um 270m suður af gamla bæjarstæðinu og um 50m austur af veginum heim að gamla bænum er garðlag.

**Lýsing**

Garðlagið utan um matjurtagarðinn er vel greinilegt til norðurs, austurs og að hluta til suðurs en hlutar suðurveggs og vesturveggs eru lægri. Utanmál er 15x23m og veggir rúmlega 1m á breidd. Garðlagið var skráð af loftmynd þar sem það sést mjög greinilega.




**Kelduland-13**
**Sérheiti:** Kvíaból
**Hlutverk:** Kvíar
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir „Kvíar voru á Kvíabóli. Austan við túnið, sunnarlega, voru kvíarnar, ekki langt frá bæ. Hætt var að færa frá árið 1906.“ (ÖS4: 9). Utan við NA horn túngarðsins er kvíatóft, tæplega 70m NA af gamla bæjarstæðinu.

**Lýsing**

Tóftin er um 6x14m að utanmáli og snýr nálega norðvestur/suðaustur. Veggir eru grasi grónir og að nokkru þýfðir. Þeir eru 40-50sm á hæð og 1,3m á breidd. Hlið hefur verið á tóftinni og snúið til SSV.




**Kelduland-14**
**Sérheiti:** Karrahóll
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**

Í örnefnaskrá er sagt að hesthús hafi verið á Karrahól (ÖS4, 9) sem samkvæmt heimildamanni er norður af túninu. Hóll er um 140m norðvestur af gamla bæjarstæðinu og á honum þrí- eða fjórskipt tóft.

**Lýsing**

Tóftin er 13x8m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvestur. Eitt hólf er til norðvesturs og á því dyr til suðvesturs. Tvenn hólf eru til suðvesturs, engar dyr sjást á eystra hólfinu en dyr til VNV á vestara hólfinu. Óvíst er hvort fjórða hólfið er til suðvestur en þar virðist vera veggur sem þó gæti hafa myndast vegna hruns úr vegg. Veggir eru grasi grónir og um 30-50sm á hæð.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá er haft eftir Jóni Ól. Benónýssyni að Gerði hafi verið fyrir norðan tún en Óli Albertsson gerir athugasemd og telur Jón eiga við hesthús sem stóð á Karrahólnum (ÖS, 2).

**Kelduland-15**
**Sérheiti:** Veita
**Hlutverk:** Niðurgröftur
**Tegund:** Skurður
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá er eftirfarandi lýsing: „Vestan undan bænum (gamla bænum) hét Skemmubali, þar nokkru vestar Leyningur. Vestan við hann sunnan til var Nátthagi, þar norður af Veita, [...]" (ÖS1, 1).
**Lýsing**
Við norðvesturhorn túnsins er 62m langur niðurgröftur sem liggur, nú á milli tveggja skurða, í stefnuna nv/SA. Hann er um 40 djúpur, 70sm breiður og grasi gróinn. Hugsanlega hefur skurðurinn verið notaður til þess að veita bæjarlæknum á Veituna sbr. lýsingu í örnefnaskrá (sjá hér að neðan).
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir að Veita hafi verið blautur flóablettur, rétt fyrir neðan (vestan) túnið (ÖS4, 2) og í þeirri þriðju segir að litla Bæjarlæknum hafi verið veitt á Veituna (ÖS5, 1).




**Kelduland-16**
**Sérheiti:** Nátthagi
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá er eftirfarandi lýsing: „Vestan undan bænum (gamla bænum) hét Skemmubali, þar nokkru vestar Leyningur. Vestan við hann sunnan til var Nátthagi, þar norður af Veita, [...]" (ÖS1, 1). Tvennar tóftir eru vestur af gamla túninu, austari tóftin tæpa 150m VSV af gamla bæjarstæðinu.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt og liggur VNV/ASA. Dyr eru á vestara hólfi og snúa til suðurs og einnig má greina óljósar dyr á milli hólfa. Tóftin er grasi gróin og hæð veggja um 50-60sm en tóftin er í heild 5,5x11m að utanmáli. Hlutverk er óþekkt en ekki er ólíklegt að þarna hafi verið einhverskonar gripahús.

**Kelduland-17**
**Sérheiti:** Nátthagi
**Hlutverk:** Rétt, fjárborg
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá er eftirfarandi lýsing: „Vestan undan bænum (gamla bænum) hét Skemmubali, þar nokkru vestar Leyningur. Vestan við hann sunnan til var Nátthagi, þar norður af Veita, [...]" (ÖS1, 1). Tvennar tóftir eru vestur af gamla túninu, vestari tóftin um 15m vestur af tóft (nr. 16).
**Lýsing**
Hún er nánast hringlaga, um 10,5m að þvermáli og öll grasi gróin. Hæð veggja er frá 40-60sm, ekki sést hvar hlið hefur verið á tóftinni.




**Kelduland-18**
**Sérheiti:** Neðra-Gerði
**Hlutverk:** Rétt, móbyrgi
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá er eftirfarandi lýsing: „Vestan undan bænum (gamla bænum) hét Skemmubali, þar nokkru vestar Leyningur. Vestan við hann sunnan til var Nátthagi, þar norður af Veita, þar vestur af Gerði og Gerðismóar [...]" (ÖS1, 1). Rúmlega 400m VNV af gamla bæjarstæðinu á vesturbakka Stóralækjar eftir að hann beygir til norðvesturs er garðlag.

**Lýsing**
Garðlagið er hringlaga, ekki ósvipað því sem skráð var nr. 17. Þvermál þess er um 9m og hæð veggja 40-60sm. Það er grasi og mosa gróið, veggir hlaupnir í þúfur og er garðlagið fremur gamallegt að sjá. Hlutverk er óþekkt en hugsanlega hefur verið þarna einhverskonar gripheldi eða eins og fram kemur í örnefnaskrá að hugsanlega sé um móbyrgi að ræða (ÖS4, 2).
**Aðrar upplýsingar**
Í athugasemdum og viðbætum við örnefnaskrá Keldulands segir: „Gerði eru tvö, Efra-Gerði og Neðra-Gerði", og Bæjarlækurinn rennur milli þeirra (ÖS2, 1). Í annarri skrá er haft eftir Óla Albertssyni: „Gerðin voru gömul tóftarbrot, sem líklega hafa verið leifar mannabústaða. Gerði var sá bústaður oft kallaður, sem fólk fékk að byggja út frá höfuðbólinu, skammt frá því. Neðri-Gerði er líklega móbyrgi, það er kringlótt (Ó.Á.)." (ÖS4, 2).

**Kelduland-19**
**Sérheiti:** Efra-Gerði
**Hlutverk:** Óþekkt, híbýli?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá er eftirfarandi lýsing: „Vestan undan bænum (gamla bænum) hét Skemmubali, þar nokkru vestar Leyningur. Vestan við hann sunnan til var Nátthagi, þar norður af Veita, þar vestur af Gerði og Gerðismóar [...]" (ÖS1, 1). Efra-Gerði er tæpa 80m austur af Neðra-Gerði (nr. 18) austan Stóralækjar.
**Lýsing**
Á Efra-gerði er aflöng tóft, 9x24m, að utanmáli sem liggur frá NA/SV. Tóftin skiptist í sex hólf, óvíst er hvort þau séu öll samtíða því suðvestur endi tóftar virðist af útliti að dæma geta verið yngri og byggður á hluta norðaustur helmings tóftarinnar sem er óljósari og minni gróska í honum. Eldri hlutinn er þrískiptur 8x10m að utanmáli og veggur liggur til suðvesturs frá tóftinni meðfram þeirri yngri (sjá mynd) og hefur tóftin því að líkindum verið rúmlega 20m að lengd áður en byggt var ofan á hana. Tóftin er í mólendi og eru veggir hlaupnir í þúfur á köflum og eru um 40-50sm á hæð.
**Aðrar upplýsingar**
Í athugasemdum og viðbætum við örnefnaskrá Keldulands segir: „Gerði eru tvö, Efra-Gerði og Neðra-Gerði, og Bæjarlækurinn rennur milli þeirra." (ÖS2, 1). Í annarri skrá er haft eftir Óla Albertssyni: „Gerðin voru gömul tóftarbrot, sem líklega hafa verið leifar mannabústaða. Gerði var sá bústaður oft kallaður, sem fólk fékk að byggja út frá höfuðbólinu, skammt frá því. Neðri-Gerði er líklega móbyrgi, það er kringlótt (Ó.Á.)." (ÖS4, 2).

**Kelduland-20**
**Sérheiti:** Efra-Gerði
**Hlutverk:** Óþekkt, híbýli?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá er eftirfarandi lýsing: „Vestan undan bænum (gamla bænum) hét Skemmubali, þar nokkru vestar Leyningur. Vestan við hann sunnan til var Nátthagi, þar norður af Veita, þar

vestur af Gerði og Gerðismóar [...]“ (ÖS1, 1). Efra-Gerði er tæpa 80m austur af Neðra-Gerði (nr. 18) austan Stóralækjar.

**Lýsing**

Á Efra-gerði er aflöng tóft, 9x24m, að utanmáli sem liggur NA/SV. Tóftin skiptist í sex hólf, óvíst er hvort þau séu öll samtíða því suðvestur endi tóftar virðist af útliti að dæma geta verið yngri og byggður á hluta norðaustur helmings tóftarinnar sem er óljósari og minni gróska í honum. Yngri tóftin er þrískipt með tvennum dyrum, öðrum mót vestri og hinum mót suðri. Veggir eru hlaupnir í þúfur og eru um 40-50sm á hæð. Mólendi er umhverfis tóftirnar.

**Kelduland-21**

**Hlutverk:** Mókofi

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir**

Á milli gamla túnsins og norðurmerkja Keldulands eru mógrafir og nokkrar mótóftir og er ein þeirra um 260m norðvestur af gamla bæjarhólnum.

**Lýsing**

Tóftin er 2,5x3,5m að utanmáli og mest um 30sm há. Hún er grasi og mosa gróin og veggir að komnir í þúfur.



*Mynd 5. Horft er yfir mótóftina til suðausturs.*

**Kelduland-22**

**Hlutverk:** Mókofi

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Á milli gamla túnsins og norðurmerkja Keldulands eru mógrafir og nokkrar mótóftir. Tvískipt tóft er tæpa 390m NNV af gamla bæjarstæðinu.

**Lýsing**

Tóftin er aflöng, 6x12m að utanmáli og snýr ANA/VSV. Veggir eru 20-30sm háir og grónir grasi og mosa. Veggir eru rofnir í sundur á nokkrum stöðum.



*Mynd 6. Horft er til vesturs yfir tvískipta mótóft sem er fremst á mynd.*

**Kelduland-23**
**Hlutverk:** Mókofi
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á milli gamla túnsins og norðurmerkja Keldulands eru mógrafir og nokkrar mótóftir og sú nyrsta liggur tæpa 600m NNV af gamla bæjarstæðinu og rétt um 150m suður af landamerkjum Keldulands og Skeggjastaða.
**Lýsing**
Tóftin er ferhyrnd, regluleg að lögun og liggur í stefnuna ANA/VSV. Utanmál er 4x5,5m og hæð veggja sem eru grónir grasi og mosa er 30-40sm.


**Mynd 7. Horft er til austurs yfir nyrðri enda mógrafanna. Enn er vatn í þeim að hluta.**

**Kelduland-24**
**Sérheiti:** Mólaut
**Hlutverk:** Mógröf
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Á milli gamla túnsins og norðurmerkja Keldulands eru mógrafir og nokkrar mótóftir. Mógrafirnar eru um miðja vegu á milli tveggja nyrstu mótóftanna (nr. 22 og 23) tæplega 500m norðvestur af gamla bæjarstæðinu í svonefndri Mólaut.
**Lýsing**
Mógrafirnar eru um 30m á kant og um 1,5m þar sem þær eru dýpstar. Þær eru að hluta uppþornaðar og grónar grasi en enn er vatn í yngstu gröfunum.
**Aðrar upplýsingar**
„Mór var tekinn nálægt Mómel og í Mólaut, sem var nálægt Mómel, en ekki í tíð Jóns [þ.e. hætt var að taka mó þar fyrir aldamótin 1900]. (ÖS4, 7).“

**Kelduland-25**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í athugasemdum við örnefnaskrá segir: „Stekkjarbrekka er vestan í Stekkjarmel. Fyrir neðan brekkuna er Stekkjarlaut. Í Stekkjarbrekku voru greinilegar rústir eftir stekkinn.“ (ÖS4, 7). Stekkjartóft liggur vestur undir Stekkjarbrekku um 730m VNV af gamla bæjarstæðinu. Umhverfis tóftina er graslendi en sjálfir tóftaveggirnir eru að nokkru orðið þýfðir.




**Lýsing**
Stekkjartóftin er þrískipt og liggur frá norðvestri til suðausturs. Til norðvesturs er lítið hólf líklega lambakróin 1,5x2,5m að innanmáli en ekkert hlið sést. Þar austan við er réttin sem er 2x4,5m að innanmáli. Austan við réttina er lítið hólf 1x2m að innanmáli. Hæð veggja er um 40-60sm og eru þeir algrónir grasi og mosa og hvergi sér í grjót í hleðslum.
**Aðrar upplýsingar**
Í athugasemdum við örnefnaskrá segir: „Jón minnir, að þar hafi verið stekkur, þegar hann var að alast upp [Um aldamótin 1900], en man það ekki svo glöggt. Stekkurinn var ekki langt frá bæ; nokkur spölur var þangað, en hann var utan og vestan við túnið, tæpan km vestur af túninu. Hætt var að færa frá um 1906. Þá komst dilkakjöt í sérstakan verðflokk. Kjöt lamba, sem gengu undir mæðrum sínum, varð eftirsótt, og fékkst hátt verð fyrir það. Fjallalömbin, sem fengu enga mjólk, voru aftur á móti rýr og seldust illa.“ (ÖS4, 7).

**Kelduland-26**
**Hlutverk:** Mógrafir
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Vestur undir Stekkjarbrekku um 40m norðvestur af stekkjartóft (nr. 25) eru tvennar mógrafir með um 8m millibili og eru skráðar saman.
**Lýsing**
Nyrðri gröfin er minni 2x5m að utanmáli en syðri gröfin er 4x6m að utanmáli. Þær eru báðar um 30sm djúpar.

**Kelduland-27**
**Sérheiti:** Mómelur
**Hlutverk:** Mógrafir
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Tæplega 500m vestur af gamla bæjarstæðinu á Keldulandi eru mógrafir. Austan við mógrafirnar er brekka sem nefnist Mómelsbrekka og austur og upp af henni er Mómelur (ÖS4, 7).
**Lýsing**
Svæðið er aflangt og liggur frá norðri til suðurs um 20x105m að utanmáli og liggur vestan undir brekku. Grafirnar eru algrónar og samkvæmt heimildamanni var hætt að nota þær löngu fyrir aldamótin 1900 en móðir heimildamanns sem fædd var 1907 mundi ekki eftir þessum gröfum í notkun.




**Kelduland-28**
**Sérheiti:** Stekkjarbrekka
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tæplega 620m VSV af gamla bæjarhólnum á Keldulandi innan við 140m norður af yngra íbúðarhúsi er stekkjartóft.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt lambakró til austurs og rétt til vesturs. Ekki er að sjá dyr á krónni en hlið hefur verið á réttinni til norðurs. Hæð veggja er frá 50-70sm og breidd um 1,1m, þeir eru algrónir grasi og mosa. Tóftin er 11x11m að utanmáli en veggur liggur til norðurs frá henni sem er um 18m á lengd og hefur líklega verið til að auðvelda innrekstur, norðurendi hans er á kafla óljós. Girðing hefur einhvern tímann legið yfir þennan vegg og því liggur lágt garðlag þvert yfir vegginn frá austri til vesturs.

**Kelduland-29**
**Hlutverk:** Náma, torfrista
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Sunnan við heimreiðina tæplega 110km VSV af yngra íbúðarhúsi á Keldulandi er torfristusvæði.
**Lýsing**
Svæðið er 11x50m að utanmáli, 10-20sm djúpt og grasi gróið.

**Kelduland-30 (Hafsvellir)**
**Sérheiti:** Hafsvellir /Hofsvellir/Hrafnsvellir
**Hlutverk:** Bæjarstæði
**Tegund:** Hryggur
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir um bæinn á Hofsvöllum: „Bærinn stóð hátt; þar var víðsýn. Hann stóð suðaustan við Kelduland, ekki mjög langt frá; þangað var stutt bæjarleið." Bærinn stóð syðst og austast í Hafsvallatúni.
**Lýsing**
Búið er að rífa bæjarhúsin og þau komin undir slétt tún en eftir sést smá hóll í túninu um 10x15m að utanmáli.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Hofsvellir eða Hafsvellir (algengast) (Hafursvellir) voru gamalt býli. Jón þekkir enga skýringu á nafninu. [...] Hofsvellir voru síðast í byggð um 1870-1880. Ólafur, föðurafi Jóns, keypti jarðirnar og sameinaði 1876 eða 1877. Jón man eftir bæjartóftum þar. Hofsvallatún var ekki nýtt, þegar Jón man eftir, en það var nýtt síðar, sennilega ennþá (1981). Hofsvallatún var sléttað með hestverkfærum og er nú að þýfast upp aftur (1982)." (ÖS4: 6).

**Kelduland-31 (Hafsvellir)**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni var tóft á bæjarhólnum á Hafsvöllum þegar hann mundi fyrst eftir sér, hún er nú horfin undir sléttað tún.
**Lýsing**
Tóftin var aflöng með garða en þak stóð ekki. Húsin voru enn í notkun þegar að Ólafur langafi heimildamanns tók við búi á Keldulandi og breytti hann þeim í fjárhús. Punktur var tekinn eftir lýsingu heimildamanns og má gera ráð fyrir einhverri skekkju á honum.
**Aðrar upplýsingar**
Heimildamaður man eftir öðrum tóftaleifum á bæjarhólnum en tóftin sem hér er fjallað um var sú eina sem var heilleg.

**Kelduland-32 (Hafsvellir)**
**Hlutverk:** Mógrafir
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Sunnan til í gamla Hafsvallatúninu, á suðurbakka Hafsvallaár er grasi gróin mógröf.
**Lýsing**
Hún er 6x14m að utanmáli og 20-60sm djúp og eru brúnir hennar aflíðandi. Samkvæmt heimildamanni var hætt að nota grafirnar fyrir árið 1887.

**Kelduland-33 (Hafsvellir)**
**Sérheiti:** Mótóft
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni var fjárhús norðan við miðju túns um 70m sunnan við Hofsvallaána.
**Lýsing**
Þarna er nú slétt tún og fjárhúsin eru horfin en punktur var tekinn samkvæmt ábendingu heimildamanns á vestari bakka skurðar sem liggur norður/suður gegnum hálft túnið og endar við Hafsvallaá í norðri. Húsin munu hafa verið garðahús og tekið um 40 kindur og við þau var heytóft. Samkvæmt heimildamanni var tóftin alltaf kölluð Mótóft og drógu nafn sitt af mógröfum sem voru norðar (nr. 32).

**Kelduland-34 (Hafsvellir)**
**Hlutverk:** Óþekkt, heytóft
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir og lýsing**
Vestarlega fyrir miðju Hafsvallatúninu er niðurgröftur 3,5x4,5m að ummáli. Samkvæmt heimildamanni var grafin þarna heytóft árið 1954 í tóft sem þar var fyrir. Heytóftin var í notkun til 1963.

**Kelduland-35 (Hafsvellir)**
**Hlutverk:** Brunnhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni var brunnur með brunnhúsi í suðausturhorni Hafsvallatúns.
**Lýsing**
Brunnurinn og brunnhúsið er horfið en punktur var tekinn samkvæmt ábendingu heimildamanns. Gera má ráð fyrir einhverri skekkju.




**Kelduland-36 (Hafsvellir)**
**Hlutverk:** Óþekkt, rétt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Sunnan túnsins á Hafsvöllum er graslendi og nokkuð þýft. Þar eru tvennar tóftir um 5-10m suður af túngirðingunni og eru báðar gamallegar að sjá.
**Lýsing**
Nyrðri tóftin er 7x11m að utanmáli og snýr norður/suður. Veggir eru jarðsokknir, grasi grónir og þýfðir, mest um 30-40sm á hæð. Dyr eða hlið er á tóftinni nyrst á vestari langvegg og snúa til vesturs.

**Kelduland-37 (Hafsvellir)**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Sunnan túnsins á Hafsvöllum er graslendi og nokkuð þýft. Þar eru tvennar tóftir um 5-10m suður af túngirðingunni og eru báðar gamallegar að sjá.
**Lýsing**
Suðaustan við tóft (nr. 36) er önnur tóft nokkuð minni. Hún liggur NA/SV og er 3x4,5m að utanmáli. Veggir eru 40-60sm háir, grasi grónir og þýfðir. Óljóst garðlag um 2m langt liggur í boga til norðausturs frá tóftinni, óvíst er hvort að það sé hluti tóftar eða náttúruleg þúfnamyndun.

**Kelduland-38 (Hafsvellir)**
**Hlutverk:** Rétt, stekkur, kvíar
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Austan við túnið á Hafsvöllum er tóft, að líkindum einhverskonar gripheldi; t.d. stekkur eða kvíar.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og frá henni liggur garðlag líklega til að auðvelda innrekstur. Garðlagið er um 6m langt en tóftin sjálf 6x6,5m að utanmáli og veggjahæð frá 40-60sm. Hún er algróin grasi og mosa og hvergi sér í grjót í veggjum.




**Kelduland-39 (Hafsvellir)**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Austan við túnið á Hafsvöllum, norðaustur af tóft (nr. 38) er garðlag.
**Lýsing**
Garðlagið liggur frá norðri til suðurs þar sem það beygir örlítið til suðvesturs. Það er 25m á lengd, um 2ja m breitt og 70-80sm á hæð. Garðlagið er gamalt að sjá, hleðslur mikið hrundar og það algróið mosa og lyngi.




**Kelduland-40 (Hafsvellir)**
**Sérheiti:** Jeríkó
**Hlutverk:** Beitarhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Vestur af Hofsvallatúni eru Brúnir. Á þeim er kofarúst, sem heitir Jeríkó, og vestar Brúnavörður.“ (ÖS1:2). Austast á svonefndum Brúnum við SV-horn Hafsvallatúns um 660m SSV af gamla bæjarstæðinu á Keldulandi eru þrennar tóftir.
**Lýsing**
Yngsta tóftin stendur þar sem Brúnirnar eru hæstar að austan. Þar skiptist á gras- og mólendi og sker tóftin sig nokkuð úr umhverfi. Hún er grasi gróin en þó sér í grjóthleðslur í veggjum. Hún er þrískipt um 9x10m að utanmáli og veggjahæð er um 30-40sm. Hún snýr norður/suður. Eitt hólf er til austurs 2,5x5,5m að innanmáli með dyr til suðurs. Til vesturs eru tvö hólf og innangengt á milli þeirra og dyr á því syðra til vesturs. Nyrðra hólfið snýr austur/vestur og er 1,5x3,5m að innanmáli. Sunnan við er annað hólf þvert á hið fyrra, 2x5m að innanmáli.
**Aðrar upplýsingar**
Samkvæmt heimildamanni mun tóftin vera stærri en bærinn sem Jón byggði en Ólafur langafi heimildamanns breytti húsinu síðar í beitarhús með heytóft að norðan.

**Kelduland-41 (Hafsvellir)**
**Sérheiti:** Jeríkó
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Vestur af Hofsvallatúni eru Brúnir. Á þeim er kofarúst, sem heitir Jeríkó, og vestar Brúnavörður.“ (ÖS1:2). Austast á svonefndum Brúnum við SV-horn Hafsvallatúns um 660m SSV af gamla bæjarstæðinu á Keldulandi eru þrennar tóftir.
**Lýsing**
Beitarhús var byggt þar sem að býlið Jeríkó stóð og ekki ólíklegt að hlutar beitarhússins séu leifar býlisins, sjá lýsingu á minjum nr. 40.
**Aðrar upplýsingar**
„Um Jeríkó sagði Jón þessa sögu: „Jón hét maður og bjó á Hafsvöllum. Hann átti jörðina, en var lítill bóndi. Lenti hann í skuldum og tapaði jörðinni, en fékk að byggja kofa í landareigninni. Settist Jón þar að og bjó þar það, sem hann átti ólifað. Hann var kvæntur maður, en konan dó á undan honum. En einhvern tíma sagði hann svo frá, að hann hefði flutt frá Jerúsalem til Jeríkó. Kofinn var kallaður Jeríkó upp frá því. Jón lýsti heyskap hjá sér eitt sumar þannig, að það hefðu verið nítján Jónar og þrír eða fjórir ærbelgir sem sauðurinn bar

heim; það var konan hans, en hann bar sjálfur heim nítján bagga. Þetta var eftir miðja 19. öld.“ (ÖS4, 7).

**Kelduland-42 (Hafsvellir)**
**Sérheiti:** Jeríkó
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Vestur af Hofsvallatúni eru Brúnir. Á þeim er kofarúst, sem heitir Jeríkó, og vestar Brúnavörður.“ (ÖS1:2). Austast á svonefndum Brúnum við SV-horn Hafsvallatúns um 660m SSV af gamla bæjarstæðinu á Keldulandi eru þrennar tóftir.
**Lýsing**
Tvær tóftir sem sjáanlega eru eldri en tóft (nr. 40) liggja austur undir Brúnunum. Syðri tóftin er tvískipt, hugsanlega fjárhús með garða og heytóft eða hlöðu. Hún snýr norðaustur/suðvestur fjárhústóftin til suðvesturs en heytóftin til norðausturs. Engar dyr eru sjáanlegar. Utanmál er 6x10m, veggir eru jarðsokknir, þýfðir, um 20-30sm á hæð og algrónir grasi og mosa. Af útliti að dæma virðist tóftin vera gömul.

**Kelduland-43 (Hafsvellir)**
**Sérheiti:** Jeríkó
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Vestur af Hofsvallatúni eru Brúnir. Á þeim er kofarúst, sem heitir Jeríkó, og vestar Brúnavörður.“ (ÖS1:2). Austast á svonefndum Brúnum við SV-horn Hafsvallatúns um 660m SSV af gamla bæjarstæðinu á Keldulandi eru þrennar tóftir.
**Lýsing**
Þriðja tóftin og jafnframt sú nyrsta er þrískipt og snýr norðaustur/suðvestur, 5,5x9m að utanmáli. Stærsta hólfið er til suðvesturs 3x3,5m að innanmáli. Tvenn hólf samsíða eru til norðausturs, hið syðra tæplega 1x1,5m að innanmáli. Norðan við er hólf sem er tæplega 1x2,5m að innanmáli og á því eru einu dyrnar sem eru sjáanlegar á tóftinni og snúa mót norðaustri. Veggir eru jarðsokknir og um 10-30sm á hæð. Þeir eru algrónir grasi og mosa og virðist tóftin gömul af útliti að dæma.

## Kelduland-44 (Hafsvellir)



*Mynd 8. Vörður á Vörðumel, horft er til austurs.*

**Sérheiti:** Vörðumelur
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Í svörum Óla Albertssonar frá Keldulandi árið 1982 segir: „Vörðumelur er suður undir Brandaskarðsmerkjum, ofarlega, uppi undir fjallsrótum, mitt á milli Bolabrúnar og Hraunhólahvolfs. Á Vörðumel eru tvær vörður, og suðvestan við hann er Vörðumelsflói eða Dýjaflói, frægur skepnubani.“ (ÖS5:3). Vörðumelur er um 1,3km suðaustur af gamla bæjarstæðinu á Keldulandi en um 700m suðaustur frá Hafsvallatúninu. Melurinn er lítt gróinn fyrir utan smá mosa og lynggróður sem er hvað þéttastur umhverfis vörðurnar, einkum þá nyrðri.

**Lýsing**

Nyrðri varðan er vel stæðileg um 2x2m að grunnfleti og um 70-80sm há.

## Kelduland-45 (Hafsvellir)

**Sérheiti:** Vörðumelur
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Syðri varðan á Vörðumel er minni og óverulegri heldur en varða nr. 44, um 40sm há og um 60x60sm á kant að grunnmáli. Varðan er hlaðin uppi á stórum steini sem er um 100sm á hæð.



***Mynd 9. Horft er til norðvesturs, fremst á mynd er varða nr. 44 og í baksýn er varða sjá nr. 43.***



*Mynd 10. Túngarðurinn liggur upp eftir miðri mynd og tóft nr. ofar á myndinni. Horft er til austurs.*

**Kelduland-46 (Hafsvellir)**
**Hlutverk:** Túnarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Sunnarlega í landi Keldulands, fyrrum Hafsvallalandi er ónefnt fornbýli. Býlið er á vestanverðri skurðbrún um 320m norður af merkjum Brandaskarðs og Keldulands og tæpa 400m suður af suðurenda Hafsvallatúns. Umhverfis minjarnar er mólendi og graslendi inn á milli lítt gróinna mela.
**Lýsing**
Túngarður umlykur býlið á alla kanta nema til austurs en líklegt er að sá hluti hans hafi horfið við gerðar skurðar sem liggur austan býlisins. Garðurinn er alls um 110m á lengd, mest um 60sm hár, gróinn mosa lyngi og vegghleðslur sem eru hrundar komnar í þúfur. Engar tóftir eru innan garðs en þrennar tóftir liggja við hann.




**Kelduland-47 (Hafsvellir)**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**
Við enda túngarðsins (nr. 46) að suðaustan er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er nánast ferhyrnd 8-9m að utanmáli og hæð veggja er um 30-40sm. Þeir eru grónir mosa og lyngi og hlaupnir í þúfur og engar dyr sjást á tóftinni. Hún liggur norðan í túngarðinum, sem er suðurveggur hennar og virðist hún vera frá sama tímabili og garðurinn.

**Kelduland-48 (Hafsvellir)**
**Sérheiti:** Hafsvallastekkur
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Upp við suðurhluta túngarðsins (nr. 46) er tóft og eru aðeins um 5m á milli hennar og tóftar sem skráð er (nr. 47).
**Lýsing**
Tóftin snýr austur/vestur samsíða túngarðinum sem er norðurveggur hennar, hún er 7x7,5m að utanmáli og virðist fjórskipt. Tvenn hólf, sem gengt er á milli, eru til norðurs það vestara 1,5x3,5m að innanmáli en það eystra 1,5x2m að innanmáli. Tvenn minni hólf sem eru rúmlega 1x0,8m að innanmáli eru til suðurs. Dyr eða hlið hefur verið á nyrðri hólfunum sem snéru til vesturs en engar dyr sjást á syðri hólfunum. Tóftin er eins og túngarðurinn gömul að sjá, algróin mosa og veggir komnir í þúfur, þeir eru um 30-40sm á hæð.

**Kelduland-49 (Hafsvellir)**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tóft er utanvert við túngarðinn (nr. 45) að vestan.
**Lýsing**
Tóftin er 8,5x10m að utanmáli vestan við túngarðsvegginn sem er austurveggur hennar. Tóftin er gömul að sjá algróin, grasi og mosa og veggir hlaupnir í þúfur. Hæð veggja er um 30-40sm og virðist tóftin frá sama tíma og túngarðurinn. Tóftin snýr NNA/SSV og hefur hlið eða dyr verið og snúið mót suðri (SSV).

**Kelduland-50 (Hafsvellir)**
**Sérheiti:** Syðstavarða
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Í viðbótum við örnefnaskrá segir: „Á sunnanverðum Hofsvallabrúnum er Syðstavarða.“ Sunnarlega á Brúnunum, tæpa 300m suðvestur af Hafsvallatúni er varða.
**Lýsing**
Varðan er stæðileg þó frekar stór grjóthrúga en hlaðin varða. Hæð er um 80-100sm og grunnmál um 1,5x2,5m.

**Aðrar upplýsingar**

„Syðstavarða gegndi upphaflega því hlutverki, að smali Lárusar Björnssonar afa míns hlóð hana sér til hita, þegar hann stóð yfir fé suður í Hafsvallamýri.“ (ÖS5, 4).



**Mynd 11. Horft er til norðausturs yfir eina af Brúnavörðunum.**

**Kelduland-51 (Hafsvellir)**

**Sérheiti:** Brúnavörður

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá er svo lýst: „Vestur af Hofsvallatúni og norður af Dældum eru Hofsvallabrúnir eða Brúnir, lágar brúnir á lágri hæð.“ (ÖS4:6). Nokkrar vörður voru skráðar á svonefndum Brúnum vestur af Hafsvallatúninu og er ein þeirra rúma 160m vestur af Jeríkó (sjá nr. 40-42).

**Lýsing**

Varðan er umfangsmikil eða um 3m á kant að grunnmáli en hleðslan er nokkuð hrunin og mest um 50sm á hæð. Varðan er að hluta lyngi gróin og nánasta umhverfi hennar einnig en Brúnirnar eru að öðru leyti lítt grónar.

**Aðrar upplýsingar**

„Jón man ekki eftir, að Brúnavörður hafi þjónað nokkrum tilgangi.“ (ÖS4:6).



***Mynd 12. Horft er til SV.***

**Kelduland-52 (Hafsvellir)**

**Sérheiti:** Brúnavörður

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá er svo lýst: „Vestur af Hofsvallatúni og norður af Dældum eru Hofsvallabrúnir eða Brúnir, lágar brúnir á lágri hæð.“ (ÖS4:6). Sunnarlega á Brúnunum um 350m suðvestur af Hafsvallatúninu er hleðsla.

**Lýsing**

Hleðslan er ferhyrnd, rúmlega 1,5m á kant og um 60sm á hæð og umlukin gróðri í annars gróðursnauðu umhverfi.

**Aðrar upplýsingar**

„Jón man ekki eftir, að Brúnavörður hafi þjónað nokkrum tilgangi.“ (ÖS4:6).

**Kelduland-53 (Hafsvellir)**

**Sérheiti:** Brúnavörður

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá er svo lýst: „Vestur af Hofsvallatúni og norður af Dældum eru Hofsvallabrúnir eða Brúnir, lágar brúnir á lágri hæð.“ (ÖS4:6). Nyrst á Brúnunum, rúmlega 200m suður af íbúðarhúsinu á Keldulandi er varða.



*Mynd 13. Nyrsta Brúnavarðan.*

**Lýsing**

Varðan stendur á nokkuð stórum steini, grunnmál hennar er um 60sm á kant en hún er um 40sm há en um 70sm á hæð með steininum. Hluti hleðslunnar er hruninn niður af steininum.

**Aðrar upplýsingar**

„Jón man ekki eftir, að Brúnavörður hafi þjónað nokkrum tilgangi.“ (ÖS4:6).



**Mynd 14. Ein Brúnavarðanna, horft er til austurs.**

**Kelduland-54 (Hafsvellir)**

**Sérheiti:** Brúnavörður

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá er svo lýst: „Vestur af Hofsvallatúni og norður af Dældum eru Hofsvallabrúnir eða Brúnir, lágar brúnir á lágri hæð.“ (ÖS4:6). Nyrst og austast á Brúnunum er varða, hún er tæplega 380m suðaustur af íbúðarhúsinu á Keldulandi og innan við 100m frá Hafsvalla-ánni

**Lýsing**

Varðan er stæðileg um 80-90sm há og um 120sm að þvermáli. Næst vörðunni er lynggróður en Brúnirnar að öðru leyti lítt grónar.

**Aðrar upplýsingar**

„Jón man ekki eftir, að Brúnavörður hafi þjónað nokkrum tilgangi.“ (ÖS4:6).

**Kelduland-55 (Hafsvellir)**

**Sérheiti:** Danskavarða

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Á Brúnunum er svonefnd Danskavarða. Hana hlóðu danskir mælingamenn.“ (ÖS4:6). Vestanvert á Brúnunum, tæplega 500m SSA af íbúðarhúsinu á Keldulandi er varða.



**Mynd 15. Danskavarða? horft er til suðausturs.**

**Lýsing**

Varðan stendur vel, hún er kringlótt um 1m á hæð og um 1,5m að þvermáli. Næst henni er gras og lynggróður en melurinn umhverfis annars gróðursnauður.



**Mynd 16. Horft er yfir mógrafirnar til suðvesturs.**

**Kelduland-56 (Hafsvellir)**

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðhættir**

**Lýsing**

Vestur undir Brúnunum, undir gróinni brekku eru mógrafir, um 240m austur og upp af þjóðveginum.

**Lýsing**

Mógrafirnar er 25x125m að utanmáli og mest um 1,5m á dýpt. Grafirnar snúa NNV/SSA og liggja í votlendi og vatn safnast fyrir í nokkrum grafanna einkum austanvert þar sem þær liggja niður undan brekkunni.

**Kelduland-57 (Hafsvellir)**
**Sérheiti:** Tvívörðuholt
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Á sunnanverðum teig er Tvívörðuholt.“ (ÖS2, 1). Í eldri skrá segir að Teigur sé vestan við Brúnirnar en þær eru vestur af Hafsvallatúninu (ÖS1, 2). Mun því Teigur vera á milli svonefndra Brúna og þjóðvegarins. Sunnarlega í landi Keldulands, um 280m austur af þjóðveginum, er gróið holt og á því tvær vörður önnur nyrst en hin syðst.


**Mynd 17. Horft er til norðvesturs og fremst á mynd er syðri varðan á Tvívörðuholti.**

**Lýsing**
Syðri varðan er um 2x1,5m á kant að grunnmáli og 30-40sm á hæð. Grjótið í vörðunni liggur í hrúgu og hafi hún verið upphlaðin er hún nú hrunin. Ekki er gróið yfir sjálfa vörðuna en umhverfis hana er mólendi og er holtið að mestu gróið.


**Mynd 18. Nyrðri varðan á Tvívörðuholti, horft er til norðvesturs.**

**Kelduland-58 (Hafsvellir)**
**Sérheiti:** Tvívörðuholt
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Á sunnanverðum teig er Tvívörðuholt.“ (ÖS2, 1). Í eldri skrá segir að Teigur sé vestan við Brúnirnar en þær eru vestur af Hafsvallatúninu (ÖS1, 2). Mun því Teigur vera á milli svonefndra Brúna og þjóðvegarins. Sunnarlega í landi Keldulands, um 280m austur af þjóðveginum, er gróið holt og á því tvær vörður önnur nyrst en hin syðst.
**Lýsing**
Nyrðri varðan er 1x2m að grunnmáli og um 40-50sm á hæð. Varðan sjálf er ógróin en umhverfis hana er mólendi.

**Kelduland-59 (Hafsvellir)**
**Sérheiti:** Götulág
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir að Breiðahvarf sé austan við Háamel sem er austur og upp af gamla bæjarstæðinu. „Norðast í Breiðahvarfi er Götulág og Götulágarhóll, þar suður af Tóuhóll.“ (ÖS1: 1).
**Lýsing**
Gatan var ekki skráð á vettvangi en ágætlega sést fyrir henni á köflum á loftmynd. Hún liggur fyrst til vesturs frá gamla túninu og beygir svo til norðausturs yfir í Álfhólsland og þaðan til austur í átt að Geldingaskarði, alls um 2km á lengd.
**Aðrar athugasemdir**
Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir að: „Götur í Götulág munu eftir búfé, en víða á Keldulandi eru greinilegar götur sitt á hvað eftir búfé, svo og á Skagaheiði. Um Götulág var líka farið, þegar menn fóru upp frá Keldulandi og austur um Geldingaskörð.“ (ÖS4, 3).


*Mynd 19. Barnaþúfa, horft er til norðvesturs.*

**Kelduland-60**
**Sérheiti:** Barnaþúfa
**Hlutverk:** Álagablettur
**Tegund:** Þúst
**Staðhættir**
Barnaþúfa var austur af bænum en hana mátti ekki slá þá átti taðan að brenna (ÖS1; 3). Barnaþúfa er um 13m norðaustur af gamla bæjarstæðinu.
**Lýsing**
Barnaþúfa er þýfð þúst um 5x5,5m að utanmáli og um 1m á hæð. Ekki er ólíklegt að þústin sé manngerð en hlutverk er óþekkt. Hugsanlegt er að þarna hafi verið leikstaður barna sem gæti skýrt nafngiftina.
**Aðrar upplýsingar**
Í athugasemdum við örnefnaskránna segir að: „Á Barnaþúfu áttu að hafa sézt börn að leik, ekki mennsk.“ (ÖS4, 8).

**Kelduland-61**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Á lítt grónum mel um 640m austur af gamla bæjarstæðinu á Keldulandi er varða.
**Lýsing**
Varðan er um 40sm á hæð og um 1m á kant og er mynduð af fremur stóru grjóti sem er raðað í hrúgu upp við stóran stein.


*Mynd 20. Horft yfir vörðuna til VSV.*

## Horfnar og óskráðar minjar

**Kelduland-62**
**Sérheiti:** Bæjarlækur
**Hlutverk:** Álagablettur
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Þau munnmæli eru sögð, að ekki megi veiða silung í Bæjarlæknum, því þá muni farast hross, sem bóndinn eigi" (ÖS1:3). Í athugasemdum við örnefnaskrána kemur fram ákveðið misræmi því samkvæmt Jóni Ól. Benónýssyni sem fluttist að Keldulandi laust fyrir aldamótin 1900 hafi álögin verið á Stóralæk (syðri bæjarlæknum) en Óli Albertsson sagðist hafa heyrt sömu álög um Hofsvallaána (ÖS4:7).
**Lýsing**
Eftirfarandi álagablettur var ekki skráður sérstaklega enda búið að veita bæjarlæknum og þar er nú tún. Ákveðins misræmi gætir með álagablettinn og má sjá á meðfylgjandi korti hvar Stórilækur og Hofsvallaáin eru.

**Kelduland-63**
**Sérheiti:** Digravarða
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Keldulands segir um landamerki: „Þaðan ræður lækurinn á Harastaða-brekkubrún, norður brekkubrúnir í Digruvörðu, þaðan í Grænuþúfu, [...]" (ÖS1:3).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni var Digravarða stór torfvarða sem fór undir vegagerð í kringum 1953.

**Aðrar upplýsingar**

Í athugasemdum við örnefnaskrá er því bætti við að Digravarða hafi verið á Flæðabrúnum ásamt Grænuþúfu sem var grasþúfa norðan vörðunnar og skammt var á milli. (ÖS4: 8).

**Kelduland-64**

**Sérheiti:** Teigsendi

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í svörum við spurningum um örnefnaskrá Keldulands segir Óli Albertsson: „Þessum örnefnum hef ég sagt frá annars staðar, nema Teigsenda; þar er varða, sem er hornmerki milli Bakka og Neðri-Harastaða og Keldulands. Sú varða er um 200m suður af Hafsvallaá.“ (ÖS5:4).

**Lýsing**

Varðan fannst ekki við skráningu 2009.

**Kelduland-65**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í landamerkjalýsingu Keldulands og Hafsvalla (svo ritað) frá 1891 er eftirfarandi lýsing: „[...] úr Teigsenda til torfvörðu, sem stendur á ofanverðum Flæðabrúnum; þaðan beina sjónhending í áður nefnda torfvörðu fyrir utan Pottalækjargil.“ (Úr Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1891)).

**Lýsing**

Varðan fannst ekki við skráningu sumarið 2009. Ekki er ólíklegt að hún hafi horfið undir merkjagirðingu.

**Kelduland-66**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í landamerkjalýsingu Keldulands og Hafsvalla (svo ritað) frá 1891 er eftirfarandi lýsing: „Að norðan er torfvarða á mel fyrir utan Pottalækjargil; þaðan bein sjónhending í Tvísteina; eiga Skeggjastaðir þar land að norðan; úr Tvísteinum í stefnu á torfvörðu, er setjast á ofanvert við lítið melhorn, er ber milli Tvísteina [...].“ (Úr Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1891).

**Lýsing**

Ekki var leitað sérstaklega að vörðunni og hún fannst ekki við skráningu 2009.

**Kelduland-67**

**Sérheiti:** Snjógilsbunga

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**
Í landamerkjalýsingu Keldulands og Hafsvalla (svo ritað) frá 1891 er eftirfarandi lýsing: „Að norðan er torfvarða á mel fyrir utan Pottalækjargil; þaðan bein sjónhending í Tvísteina; eiga Skeggjastaðir þar land að norðan; úr Tvísteinum í stefnu á torfvörðu, er setjast á ofanvert við lítið melhorn, er ber milli Tvísteina, rjett fyrir utan Bræðrakeldu; þaðan bein sjónhending í Hlóðarstein á ofanverðum Stólbekk; þaðan í vörðu á Snjógilsbungu vestanverðri [...].“ (Úr Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1891)).
**Lýsing**
Ekki var leitað sérstaklega að vörðunni og hún fannst ekki við skráningu 2009.

**Kelduland-68**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í landamerkjalýsingu Keldulands og Hafsvalla (svo ritað) frá 1891 er eftirfarandi lýsing: „Að norðan er torfvarða á mel fyrir utan Pottalækjargil; þaðan bein sjónhending í Tvísteina.“ (Úr Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1891)).
**Lýsing**
Ekki var leitað sérstaklega að vörðunni og hún fannst ekki við skráningu 2009.

**Kelduland-69**
**Sérheiti:** Syðribreiðar
**Hlutverk:** Álagablettur
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Ekki má slá Syðribreiðar, þá að drepast bezta kýrin.“ (ÖS1:3).
**Lýsing**
Álagabletturinn var ekki skráður sumarið 2009.

**Kelduland-70**
**Sérheiti:** Katlar
**Hlutverk:** Álagablettur
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Keldulands er sagt að ekki megi taka fjallagrös í Kötlum því þá muni farast gemlingar (ÖS1:3). Í athugasemdum er sagt að talið hafi verið að í Kötlum byggju álfar. Hvorki mátti þar né tína grös (ÖS4:5).
**Lýsing**
Álagabletturinn var ekki skráður 2009 en staðsetningu Katla má sjá á meðfylgjandi korti.

## Brandaskarð – söguágrip

Í Húnaþingi II segir: „Bærinn stendur við fjallsrætur norðan við samnefnt fjallaskarð. þar er bæjarstæði fagur og allgott til ræktunar.“[21]

### Ábúð

Brandaskarð var í eigu Hólastóls[22] og þegar manntal var fyrst tekið á Íslandi bjuggu þar hjónin Einar Einarsson og Guðný Gamalíelsdóttir ásamt þremur börnum þeirra.[23] Brandaskarð var fremur lítil jörð og voru 9 manns skráðir til heimilis þegar flest var[24] en annars voru heimilismenn venjulega um 4-6.[25]

### Náttúrufær og jarðabætur

Í jarðamati frá 1686 og 1696 var jörðin metin á 5 hundruð að dýrleika, kúgildi voru 4 og landskuld 30 hundruð.[26] Árið 1708 var jarðardýrleikinn 5 hundruð, landskuld var 30 álnir og var greidd í landaurum, en leigukúgildum virðist hafa fækkað og þau sögð þrjú og voru greidd í smjöri. Búfénaður var kýr, veturgömul kvíga, kálfur, 20 ær, 12 lömb og 1 hross. Engjar voru sagðar litlar og liggja undir ágangi af búfénaði nágranna. Torfrista og stunga var næg og lyngrif var til eldiviðar.[27] Eitthvað hefur jarðardýrleiki verið á reiki því að í sóknarlýsingu frá 1840 er jörðin metin á 8 hundruð[28] en í jarðatali 1847 aftur á 5 hundruð en þar segir neðanmáls að hreppstjóri og sýslumaður telji einir jörðina vera 8 hundruð að dýrleika.[29] Ný jarðabók fyrir Ísland var gerð 1861 og segir þar að Brandaskarð hafi að fornu verið metið á 8 hundruð en 5,4 hundruð að nýju.[30]

Árið 1954 birtist í Tímanum grein um Vilhjálm Benediktsson í tilefni sextugs afmælis hans en hann var þá bóndi í Brandaskarði. Í greininni er því lýst hvernig ástand jarðarinnar var þegar hann tók við henni 30 að aldri (1924). Þar segir: „Brandaskarð er lítil jörð og heldur kostasnauð. Þar höfðu fátækir leiguliðar búið lengi og ábúendaskipti verið tíð. Þar hafði ekki verið unnið að jarða- og húsabótum. [...] Hann keypti kotið, sléttaði og bætti túnið og byggði steinsteypt íbúðarhús [...].“[31]

---

21 *Húnaþing II (1978),* 100.
22 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, VIII. bindi,* 458.
23 Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. http://manntal.is/#
24 Árin 1840 og 1870.
25 Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. http://manntal.is/#. Sjá manntöl 1703, 1835, 1840, 15845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1890,01901.
26 Björn Lárusson (1967), 241.
27 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, VIII. bindi,* 458.
28 *Sýslu- og sóknarlýsingar I. bindi,* 167.
29 Jarðatal Johnsen , 244.
30 *Ný jarðabók fyrir Ísland* , 90.
31 Magnús Björnsson (1954).




*Mynd 21. Á myndinni er túnakort frá fyrri hluta 20. aldar lagt yfir hnitaða loftmynd frá Loftmyndum ehf. Túnakortið var hvorki merkt höfundi né með ártali en flest kortin voru gerð um eða rétt eftir 1920 og eru á Þjóðskjalasafni Íslands. Á kortinu sjást þau hús sem voru á Brandaskarði upp úr aldamótum 1900, Bærinn nr. 1, fjósið nr. 2, fjárhús nr. 3 og heimtröð nr. 4. Nr. 5 er hesthús, kálgarður nr. 6 en nr. 7 en ólæsilegt á korti (númerin eru hlaupandi númer úr fornleifaskráningu Keldulands).*

## Fornleifaskráning Brandaskarðs



**Mynd 22. Bæjarhóllinn lengst til hægri á mynd, greinilega sést hvar bærinn stóð þó hann sé nú horfinn.**

**Brandaskarð-1**
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Hóll
**Staðhættir**
Á túnakorti frá því um 1920 má sjá að bærinn stóð um það bil fyrir miðju gamla túninu og við hann var sambyggt fjós.
**Lýsing**
Sjálf bæjarhúsin eru horfin en gamla bæjarstæðið er enn vel greinilegt í túninu, tæpa 70m SA af íbúðarhúsinu, þar sem það sker sig nokkuð úr umhverfi. Engin veggjalög voru greinanleg í óslegnu túninu, en við norðausturhorn bæjarstæðisins var um 10sm djúpur niðurgröftur 2x4m að utanmáli. Hugsanlegt er að einhverjar leifar bæjarins sjáist þegar þar er minni gróður. Bæjarhóllinn liggur upp (norður) af bæjarlæknum og er um 24m að þvermáli. Samkvæmt heimildamanni Jens Jónssyni bónda í Brandaskarði var bærinn rifinn einhvern tímann eftir 1948 í tíð föður hans Jóns Vilhjálmssonar.
**Aðrar upplýsingar**
Í úttekt frá 1868 tilheyrðu eftirfarandi hús bænum: Búr, eldhús, fjós yfir 2 kýr, göng frá baðstofu til útidyra og að líkindum skemma (Úttektarbók Vindhælishrepps (1868), Brandaskarð, skjal nr. 32).

**Brandaskarð-2**
**Hlutverk:** Fjós
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá því um 1920 má sjá að bærinn stóð um það bil fyrir miðju gamla túninu og við hann var sambyggt fjós.
**Lýsing**
Í úttekt frá 1868 er fjósið sambyggt bænum og tekur 2 kýr (Úttektarbók Vindhælishrepps (1868), Brandaskarð, skjal nr. 32).




**Brandaskarð-3**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Tæpa 50m suður af gamla bænum var fjárhús sem búið er að rífa en leifar þess sjást enn í túninu.
**Lýsing**
Tóftin liggur norður/suður og hafa dyrnar snúið mót vestri. Tóftin er af þrístæðum fjárhúsum, tvö syðri húsin hafa greinilega verið garðahús en það nyrsta er einhölukró. Samkvæmt heimildamanni var hesthús í hluta hússins. Hlaða eða heytóft er til austurs en innanmál hennar er aðeins greinilegt nyrst. Utanmál tóftar er 16x23m og hún er grasi gróinn og mikill gróður var í tóftinni þegar skráning fór fram í júlí byrjun 2009. Veggjahæð er um 40-70sm. Samkvæmt heimildamanni Jóni Vilhjálmssyni bónda í Brandaskarði voru fjárhúsin í notkun fram til 1978.
**Aðrar upplýsingar**
Í úttekt frá 1868 er getið um fjárhús yfir 28 kindur (Úttektarbók Vindhælishrepps (1868), Brandaskarð, skjal nr. 32). Staðsetning er ókunn en ekki er ólíklegt að húsin hafi staðið þar sem fjárhúsin (nr. 3) stóðu snemma á 20. öld, sunnan bæjar og bæjarlækjar.



**Mynd 23. Heimreiðin þar sem hún liggur til norðausturs í átt að bæjarhólnum.**



**Mynd 24. Vaðið á heimreiðinni, horft er til VNV.**

**Brandaskarð-4**
**Hlutverk:** Heimreið
**Tegund:** Gata
**Staðhættir**
Á túnakorti frá því um 1920 er heimreiðin sýnd annars vegar í norðaustur frá bænum og hinsvegar í boga frá bænum og til vesturs.
**Lýsing**
Heimreiðin sést á kafla um 70m suður af nýja íbúðarhúsinu, þaðan sem hún liggur til VNV að vaði á Harrastaðaá og heldur áfram upp brekku vestan megin árinnar, alls um 140m á lengd. Hluti heimreiðar var skráður af loftmynd en sá hluti hennar sem ekki sést lengur vegna túnasléttunar eftir hnitsettu túnakorti. Heildarlengd heimreiðar er þannig 238m.

**Brandaskarð-5**
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá því um 1920 er merkt inn hesthús um 75m vestur af gamla bænum.
**Lýsing**
Hesthúsið er horfið undir slétt tún en punktur var tekinn af hnitsettu túnakorti og því má búast við allt að 20m skekkju.

**Brandaskarð-6**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá því um 1920 er matjurtagarður vestan í bæjarhólnum, beint vestan af bænum.
**Lýsing**
Hann er nú horfinn undir slétt tún en punktur var tekinn eftir hnitsettu túnakorti. Gera má ráð fyrir allt að 20m skekkju.

**Brandaskarð-7**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá því um 1920 er mannvirki sýnt á hlaðinu framan (vestan) við bæinn. Merking við mannvirkið er ólæsileg og því óvíst hvað þar hefur staðið.
**Lýsing**
Mannvirkið er horfið undir tún ásamt öðrum minjum á bæjarhólnum.




**Brandaskarð-8**
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat:** Minjunum stafar hætta vegna rasks við girðingaframkvæmdir en girðing liggur eftir vesturvegg tóftar.
**Staðhættir**
Rétt utan túns rúmlega 170m austur af íbúðarhúsinu eru leifar réttar sem samkvæmt heimildamanni var notuð til að rýja féð að vori.
**Lýsing**
Réttin liggur austur undir túngirðingu og er samsíða henni frá norðri til suðurs. Hún er opin mót suðri þar sem að trégrind hefur lokað réttinni. Utanmál er 11x7-10m og veggir sem hlaðnir eru úr grjóti eru um 30-60sm háir og að mestu grónir grasi og mosa en þó sést greinilega í vegghleðslur.

**Brandaskarð-9**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í suðausturhorni heimatúnsins, innan túngirðingar, tæplega 250m suðaustur af íbúðarhúsinu er tóft.
**Lýsing**
Tóftin liggur austur-/vestur, samhliða túngirðingu sem er sunnan hennar. Hún er tvískipt, líklega gripahús, með heytóft til austurs en dyr vísa mót vestri. Utanmál er 4x7m, veggir eru lágir eða um 10-30sm á hæð, algrónir grasi og mosa.




**Brandaskarð-10**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst
**Staðhættir**
Í suðausturhorni heimatúnsins, innan túngirðingar, tæplega 250m suðaustur af íbúðarhúsinu er tóft (nr. 9) og innan við 10m vestar er þúst sem liggur alveg upp við túngirðinguna.
**Lýsing**
Þústin er 1,5x4m að utanmáli og snýr austur/vestur samhliða túngirðinguna sem er sunnan hennar. Ekki er ólíklegt að hafi þarna verið mannvirki en hluti þess raskast við lagningu girðingarinnar. Þústin sem er fremur lág, eða um 20sm, er algróin grasi.



**Mynd 25. Horft er eftir túngarðinum til vesturs í átt að Harrastaðaá.**

**Brandaskarð-11**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Sunnan við heimatúnið eru leifar túngarðsins, tæplega 190m SSA af íbúðarhúsinu. Garðurinn liggur frá Harrastaðaá í vestri og nær rúmlega 90m til austurs.
**Lýsing**
Til vesturs er garðurinn um 20-50sm hár, 2m á breidd og algróinn grasi og mosa. Sá hluti garðsins er 28m á lengd og við austari enda hans fer hann undir túngirðinguna og liggur hún eftir honum áfram til austurs. Á þeim hluta sem girðingin liggur eftir garðinum er frekar erfitt að átta sig á hvar garðinum sleppir og hvar síðari tíma ruðningur undir girðingunni tekur við. Sá hluti garðsins var um 65m á lengd, grasi gróinn og 30-50sm á hæð, mest um 100sm á breidd.

**Brandaskarð-12**
**Sérheiti:** Brandaskarðsskot
**Hlutverk:** Híbýli/Hesthús?
**Tegund:** Heimild
**Hættumat:** Hætta vegna framkvæmda við íbúðarhús.
**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni mun kot að nafni Brandaskarðskot hafa staðið um 20m neðan (vestan) við nýja íbúðarhúsið. Kotið er horfið en punktur var tekinn samkvæmt lýsingu heimildamanns og gera verður ráð fyrir töluverðri skekkju. Þarna hafa nýverið farið fram framkvæmdir tengdar byggingu íbúðarhússins og þar sem minjar geta leynst neðanjarðar þó þær sjáist ekki á yfirborði gæti þeim stafað hætta af frekara raski. Engar ritaðar heimildir eru til um kotið en heimildamaður hafði heyrt að þar hefði staðið hesthús.




**Brandaskarð-13**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Rúmlega 200m norðaustur af íbúðarhúsinu, norðaustan við nyrðri enda heimatúnsins er stekkjartóft.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt, lambakró til vesturs en á henni hefur verið hlið sem snéri mót norðri. Réttin er austan við krónna og hlið á henni mót suðvestri. Utanmál tóftar er 6x6m og hæð veggja er 30-60sm. Tóftin stendur í mýri og hún er öll gróin mýrargróðri.




**Brandaskarð-14**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í grónum hvammi á austurbakka Harra-staðaár um 500m SSA af íbúðarhúsinu á Brandaskarði eru tvennar tóftir að líkindum báðar af stekk.
**Lýsing**
Aðeins 3 metrar eru á milli tóftanna tveggja og virðist sú sem liggur lengra til norðvesturs vera eldri en tóft nr. 15. Hún liggur NV/SA og er í heild tæplega 10x3,5m að utanmáli. Veggir eru jarðsokknir og að hluta komnir í þúfur. Tóftin er öll gróin grasi og mosa en þó sér í grjót þar sem hlið hefur verið á tóftinni. Suðausturendi tóftar er ógreinilegri og verr farinn og er að hluta rofinn í burtu. Hlutverk er óvíst og ekki sést greinilega hvort tóftin hafi verið tvískipt en miðað við staðsetningu er ekki ólíklegt að þarna hafi verið stekkur eða annarskonar gripheldi.

**Brandaskarð-15**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í grónum hvammi á austurbakka Harrastaðaár um 500m SSA af íbúðarhúsinu á Brandaskarði eru tvennar tóftir að líkindum báðar af stekk.

**Lýsing**
Aðeins um 3m eru á milli tóftanna og liggur önnur tóftin lengra til suðausturs. Hún er tvískipt, liggur NNV/SSA og er heillegri en tóftin sem skráð var nr. 14 og virðist yngri. Lambakróin snýr til NNV en réttin til SSA. Hlið hafa verið á hvorutveggja, á krónni til austurs og til vesturs á réttinni. Utanmál tóftar er 5x9m og er hæð veggja 30-40sm og eru þeir algrónir grasi og mosa.

**Brandaskarð-16**
**Sérheiti:**
Stekkjarhvammur
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í grasi grónum hvammi norðan Harrastaðaár þar sem hún beygir snarlega til norðurs á leið sinni niður úr Brandaskarði er stekkjartóft. Hún er um 600m suðaustur af Brandaskarðsbænum.




**Lýsing**
Tóftin liggur austur/ vestur, suður undir brekkunni niður að hvamminum. Tóftin er þrískipt og innangengt milli hólfa, hlið hefur verið á tóftinni og snúið mót austri. Hún er 12x7m að utanmáli og veggjahæð frá 30-80sm. Tóftin er nánast algróin grasi en þó sér í grjóthleðslur í veggjum.

**Brandaskarð-17**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í grasi grónum hvammi norðan Harrastaðaár þar sem hún beygir snarlega til norðurs á leið sinni niður úr Brandaskarði er stekkjartóft. Hún er um 600m suðaustur af Brandaskarðsbænum. Tæplega 90m austur af henni er tóft í grónum hvammi.
**Lýsing**
Tóftin fannst ekki við vettvangsskráningu 2009 en sást við skráningu sunnan ár í landi Harrastaða. Hún var ekki skráð að þessu sinni en punktur var tekinn af loftmynd og tóftin mun skráð síðar.


**Mynd 26. Horft er yfir hluta mógrafarsvæðisins til suðvesturs og yfir í Harrastaðaland.**

**Brandaskarð-18**
**Hlutverk:** Mógröf
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Í Brandaskarðinu er fátt örnefna. Þó má nefna þar mel við Harrastaðaá. Hann er kúptur og nokkuð stór. Þessi melur heitir Gildrumelur. Nærri honum er mótak allmikið, og var mórinn fluttur á melinn og þurrkaður þar.“ (ÖS: 2). Norðan Harrastaðaár um 1,5km suðaustur frá bænum í Brandaskarði eru mógrafir.
**Lýsing**
Grafirnar eru nokkuð umfangsmiklar um 100m á lengd og mest um 25m á breidd. Þær voru ekki mældar upp á vettvangi þar sem þær sáust greinilega á loftmynd og var mógrafarsvæðið teiknað inn eftir henni.




**Brandaskarð-19**
**Hlutverk:** Mótóft
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Um 130m norðvestur af mógröfunum (nr. 18) er Gildrumelur og á honum mótóft og tvær mótóftir önnur norðvestan við melinn en hin suðaustan hans.
**Lýsing**
Næst mógröfunum, suðaustan við Gildrumel er mótóft sem er nálega ferhyrnd og er um 4m á kant að utanmáli. Veggir eru um 20sm á hæð algrónir grasi og mosa.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Í Brandaskarðinu er fátt örnefna. Þó má nefna þar mel við Harrastaðaá. Hann er kúptur og nokkuð stór. Þessi melur heitir Gildrumelur. Nærri honum er mótak allmikið, og var mórinn fluttur á melinn og þurrkaður þar.“ (ÖS: 2).

**Brandaskarð-20**
**Hlutverk:** Mótóft
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Gildrumelur er um 1,5km suðaustur af bænum á Brandaskarði og á honum er mótóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðaustur/suðvestur og er um 3,5x4,5m að utanmáli. Hún er um 10-30sm á hæð en innveggir eru ekki greinanlegir. Tóftin er algróin grasi og mosa og að hluta hlaupin í þúfur.



***Mynd 27. Horft er yfir mótóft nr. 20 til suðvesturs.***

**Brandaskarð-21**
**Hlutverk:** Mótóft
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Gildrumelur er um 1,5km suðaustur af bænum á Brandaskarði og norðvestan við hann er mótóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr austur/vestur og er um 4,5x5,5m að utanmáli. Engir innveggir eru greinanlegir og tóftin mest um 20sm á hæð, öll grasi gróin.



***Mynd 28. Horft til suðvesturs í átt að fjósi á Brandaskarði. Steinlögnin er til hægri á mynd en stór steinn vinstra megin hennar.***

**Brandaskarð-22**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Steinlögn
**Staðhættir**
Á mel tæplega 400m norðaustur af bænum er steinlögn mynduð af steinum sem liggja þétt saman, tæplega 1,5x2m að utanmáli og snýr nálega norður/suður. Hlutverk hleðslunnar er óvíst en hún virðist manngerð.

**Brandaskarð-23**
**Sérheiti:** Vörðumelur
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:**
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Fallið hefir niður að geta um hól einn sunnan Landamerkja-lágar. Hann er stór nokkuð og kúptur. Á honum er varða og hefir staðið þar frá aldamótum fram til 1938 a.m.k. Þessi melur heitir Vörðumelur.“ (ÖS: 2). Melurinn er tæplega 900m NNA af íbúðarhúsinu á Brandaskarði.


***Mynd 29. Horft er af Vörðumel í átt að Brandaskarði í SSV.***

**Lýsing**
Varðan er um 50sm á hæð, nokkuð stæðileg þó aðeins sé farið að hrynja úr hleðslunni.

## Horfnar minjar

**Brandaskarð-24**
**Hlutverk:** Smiðja
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í úttekt frá 1868 er getið um smiðju. (Úttektarbók Vindhælishrepps (1868), Brandaskarð, skjal nr. 32). Óvíst er hvort hún hefur staðið sér eða við bæinn en líklegt verður að telja eftir uppröðun í úttektinni að hún hafi staðið sér.
**Lýsing**
Smiðjan fannst ekki við skráningu 2009 og er að líkindum komin undir tún.

## Efri og Neðri Harrastaðir – söguágrip

Í Húnaþingi II segir um Efri-Harrastaði: „Bærinn stendur norðan við Harrastaðaá um það bil mitt á milli fjalls og fjöru. Þar eru heimahagar grösugir og ræktunarskilyrði allgóð.“[32]

Í Húnaþingi II segir um Neðri-Harrastaði sem áður hétu Harrastaðakot: „Bærinn stendur norðan Harrastaðaár, austan Harrastaðabergja, en þau eru klettaborgir skammt frá sjó, norðan árinnar. Ræktunarland er sæmilegt.“[33]

Harrastaða er fyrst getið í kaupbréfi frá 1387 fyrir jörðina Finnsstaði sem lágu sunnan Harrastaða en tilheyra nú Sveitafélaginu Skagaströnd.[34] Ári síðar gerðu eigendur Harrastaða og Finnsstaða með sér samning um landamerkja milli jarðanna og fengu Finnsstaðir alla Gullhellisvík en Harrastaðir útræði að hausti í Finnsstaðanesi og hafði þar skipsátur og naust eftir samkomulagi.[35] Jörðin kemur fyrir í kaupbréfi frá 1449 þá seld Bessa Einarssyni ásamt öðrum jörðum.[36]

Í máldögum Ólafs Rögnvaldssonar Hólabiskups frá 1461 er getið um bænhús á Harrastöðum sem þá var sagt aflagt.[37]

### Ábúð

Þegar manntal var fyrst tekið á Íslandi árið 1703 voru 5 skráðir til heimilis á Harrastöðum, ábúandi var þá Guðrún Tumadóttir, skráð ekkja, ásamt fjórum börnum hennar.[38] Fimm árum síðar bjó þar Þórarinn Þórðarson en eigandi var Lauritz Gottrup lögmaður á Þingeyrum.[39] Jörðin virðist hafa verið í samfelldri ábúð eftir það og voru 14 manns í heimili þegar mest var.[40] Tvíbýlt var á Harrastöðum að minnsta kosti frá árinu 1835 og fram yfir 1870 en þá er síðast skráð tvíbýli á jörðinni.[41] Árið 1703 voru þrír skráðir til heimilis á Harrastaðakoti, ábúandinn var Sesselja Jónsdóttir, skráð ekkja, ásamt tveimur börnum hennar.[42] Tvíbýli var einnig á kotinu fram undir aldamótin 1900, nema árið 1860. Yfirleitt voru yfir 10 manns skráðir til heimilis á kotinu eða fram til 1890, flestir árið 1835 en þá eru þar 14 til heimilis.[43]

### Náttúrufar og jarðabætur

Í jarðabókum frá 1686 og 1696 er jörðin metin á 40 hundruð, kúgildi voru 8 og landskuld 2 hundruð. Árið 1708 var landskuld lxl álnir en þess getið að hún hafi áður verið 2 hundruð, hún var greidd í landaurum heim til Þingeyra. Leigukúgildi voru þrjú, sögð 2 átta árum og áður og 8 tuttugu árum áður. „Túninu grandar vatnsuppgángur, sem jetur úr rótina og gjörir með því móti grasleysumýrar í vellinum með stórblettum. Engjar öngvar, nema hvað hent er úr hagmýrum, sem þó er að nokkru gagni.“ Eins og getið er framar átti jörðin skipsuppsátur í Finnsstaðalandi um vetur en einnig var heimræði og lending fyrir heimalandi en var brimsöm

[32] *Húnaþing II (1978),* 101.
[33] Sama.
[34] Íslenskt Fornbréfasafn III, 398.
[35] Íslenskt Fornbréfasafn III, 423.
[36] Íslenskt Fornbréfasafn IV, 755.
[37] Íslenskt Fornbréfasafn V, 354.
[38] Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. http://manntal.is/#
[39] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII. bindi, 456.
[40] Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. http://manntal.is/# 1835, 1855.
[41] Þess ber að geta að miðað er við manntöl á manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands en þar er að finna manntöl frá: 1703, 1835, 1840 ,1845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1890 og 1901.
[42] Sjá Manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands: 1835, 1840, 1845, 1855, 1860, 1870, 1890 og 1901.
[43] Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. http://manntal.is/Default.aspx#.

og því aðeins notuð yfir sumartímann.[44] Í sýslu- og sóknarlýsingum frá 1840 eru Harrastaðir metnir á 20 hundruð og Harastaðakot á 20 hundruð[45] en í jarðatali Johnsen telur hann dýrleikann 40 hundruð og er kotið þar talið með.[46] Ný jarðabók frá 1861 segir að jörðin hafi að fornu verið metin á 22 hundruð og hjáleigan á 18 hundruð en nýtt mat er sameiginlegt og hún í heild metin á 21,7 hundruð.[47]

## Hjáleigur og kot

Í jarðabók frá 1708 er getið um Harastaðahjáleigu, Harastaðakot (Neðri-Harrastaðir) og Hólkot í landi Harrastaða.

Um **Harastaðahjáleigu** er sagt: „bygð fyrir manna minni innan garða, hefur í auðn legið í næstu tíu ár." Landskuld af henni voru 60 álnir í landaurum, leigukúgildi voru 2 og greiddust í smjöri. Bóndinn á Harrastöðum nýtti grasnautn hjáleigunnar frá því hún lagðist í eyði.[48]

Um **Harastaðakot** (Neðri-Harrastaði) segir: „önnur hjáleiga, bygð fyrir tólf eður þrettán árum innan garðs í vellinum, og varaði bygðin í tvö eður þrjú ár; hefur síðan verið í auðn, og vita nálægir ekki að undirrjetta, með hvörjum kostum þetta býli hefur bygt verið og ekki hvað þar kunni að fóðrast, en þó atla þeir að þessari hjáleigu hafi fylgt lítil grasnautn af heimajörðunni, því þetta býli hafi verið bygt mest þess vegna, að fjölga fólki á skipum heimabóndans. Ekki má þetta hrakkot aftur byggja nema jörðunni til meins og skaða."[49]

„**Hólkot**, fornt eyðibýli, ekki bygt í manna minni, eru hjer þó ljós byggíngamerki á tóftabrotum og garðaleifum. Enginn veit með hvörjum kostum þetta býli hafi bygt verið, og ekki hvað þar fóðrast kunni. Þetta kot stendur nálægt landamerkjum milli Harastaða og Finnstaða, og hefur jafnan verið misgreiníngar um þetta kot millum jarðanna, enn hefur þó enginn lagaprocess verið um það gjörður so menn viti, er því óvíst hvörjir rjettara hafa. En jafnan hafa Harastaðamenn haft eignarhald og brúkun á þessu landplátsi, framar en þeir á Finnstöðum."[50]

[44] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII. bindi,* 457.
[45] *Sýslu- og sóknarlýsingar I. bindi*, 168.
[46] *Jarðatal Johnsen*, 244.
[47] *Ný Jarðabók fyrir Ísland*, 90.
[48] Sama.
[49] Sama.
[50] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII. bindi,* 458.




*Mynd 30. Á myndinni er túnakort frá fyrri hluta 20. aldar lagt yfir hnitaða loftmynd frá Loftmyndum ehf. Túnakortið var hvorki merkt höfundi né með ártali en flest kortin voru gerð um eða rétt eftir 1920 og eru á Þjóðskjalasafni Íslands. Á kortinu sjást þau hús sem voru á Harrastöðum (Efri- og Neðri (Harrastaðakoti)) upp úr aldamótum 1900, Bæjartóftirnar og fjósin frá nr. 1-2 á báðum jörðum og á Neðri-Harrastöðum eru fjárhús og kofi nr. 3-4 og kálgarður er nr. 5. Á Efri-Harrastöðum er mókofi nr. 3, heimreiðin nr. 7, Fjárhús nr. 9 og 10 en hesthús nr. 11 (númerin eru hlaupandi númer úr fornleifaskráningu Efri- og Neðri-Harrastaða).*

## Fornleifaskráning Efri-Harrastaða



**Mynd 31. Horft til norðurs heim að Efri-Harrastöðum. Gamli bærinn stóð þar sem fjósið er (lengst til vinstri) en náði töluvert lengra til vesturs (vinstri).**

### Efri-Harrastaðir-1

**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni Gunnlaugi Sigmarssyni sem ólst upp á Efri-Harrastöðum stóð bærinn vestan við steinsteypt fjós sem er beint norður af íbúðarhúsinu. Hann er nú horfinn. Taldi Gunnlaugur að bærinn hefði veri rifinn eitthvað í kringum 1935.
**Aðrar upplýsingar**
Í úttekt Harrastaða frá 1869 eru eftirfarandi hús metin: Baðstofa, búr, eldhús, göng frá skellidyrum til eldhúss, fjós yfir 4 kýr, göng frá eldhúsi að vatni og skemma. Önnur úttekt er til á bænum frá 1887 og þar segir frá eftirfarandi húsum: Baðstofa, búrhús, eldhús, göng frá baðstofu til eldhúsgangs, göng frá skellidyrum til útidyra, göng frá eldhúsi til skellidyra, göng frá eldhúsi til vatns og fjós yfir 4 kýr. Samkvæmt heimildamanni voru mókofi og fjós áföst bænum.

### Efri-Harrastaðir-2

**Hlutverk:** Fjós
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni var fjós áfast gamla bænum að austan og stóð það á sama stað og fjósið stendur í dag.

**Aðrar upplýsingar**
Í úttektum á Harrastöðum frá 1869 og 1887 er fjós sagt áfast við bæinn fyrir 4 kýr (Úr Úttektarbók Vindhælishrepps fyrir jörðina Harrastaði. Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnvetninga).

**Efri-Harrastaðir-3**
**Hlutverk:** Mókofi
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20 aldar er sýnt lítið hús austur af bænum en ekki er getið um hlutverk þess. Punktur var tekinn eftir tilsögn heimildamanns.
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni var þarna mókofi.

**Efri-Harrastaðir-4**
**Hlutverk:** Öskuhóll
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni var öskuhóll suður af bænum.
**Lýsing**
Hóllinn er horfinn en punktur var tekinn eftir ábendingu heimildamanns sem jafnframt sagði að öskuhólnum hefði veri ýtt út og síðar var gerður þar blómagarður.

**Efri-Harrastaðir-5**
**Hlutverk:** Skemma
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni var reist skemma úr torfi og grjóti þar sem gamli bærinn stóð áður. Hún var með eina burst sem snéri mót suðri.
**Lýsing**
Skemman telst ekki til eiginlegra fornleifa en hún fylgir hér með skránni þar sem hún var byggð eftir gömlum byggingahefðum.

**Efri-Harrastaðir-6**
**Hlutverk:** Smiðja
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt heimildamanni var smiðja við bæjarlækinn norðan bæjarins sem einnig var notuð sem reykhús.
**Lýsing**
Smiðjan er nú horfin en punktur var tekinn samkvæmt lýsingu heimildamanns og því má gera ráð fyrir einhverri skekkju á punktinum

**Efri-Harrastaðir-7**
**Hlutverk:** Heimtröð
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Heimtröðin lá til suðurs frá bænum á sama stað og hún gerir í dag og er því eldri tröðin nú komin undir veg.

**Lýsing**
Tröðin liggur til suðurs að vaði á Harrastaðaánni sem liðast sunnan við gamla túnið og hefur áður markað syðri mörk þess.


**Mynd 32. Horft er yfir Harrahól til austurs heim að bæ.**

**Efri Harrastaðir-8**
**Sérheiti:** Harrahóll
**Hlutverk:** Álagablettur, gröf
**Tegund:** Hóll
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir að í norðurhluta túnsins, norðan bæjarlækjar sé „hóll eða öllu heldur ávalur hryggur, nokkuð langur, og nefndur Harrahóll.“ (ÖS:1). Harrahóll liggur austur/vestur norður af bæjarlæknum, um 60m norðvestur af íbúðarhúsinu.
**Lýsing**
Hóllinn er aflangur frá austri til vesturs, 23m á lengd, 5m breiður og 1,3m á hæð. Hann er grasi gróinn og samkvæmt heimildamanni er hann álagablettur og fylgir honum sú sögn að þar hafi maður að nafni Harri verið heygður, jafnvel með bát og öðrum munum.

**Efri-Harrastaðir-9**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á túnakorti er sýnt fjárhús austur af bænum. Leifar þeirra sjást enn á nyrðri bakka Harrastaðaár, rúmlega 50m austur af íbúðarhúsinu.
**Lýsing**
Tóftin er að mestu leyti horfin en utanmál hennar er greinilegt 7x15m og hún snýr norður/suður. Vegghæð er engin en það sést á köflum efst á grjóthleðslur í veggjum og hugsanlega einnig görðum. Innan útveggja er dæld sem er mest um 10sm djúp. Samkvæmt heimildamanni voru fjárhúsin með þremur timburstöfnum sem sneru til vesturs og voru tvennar dyr á hverjum stafni. Þau rúmuðu samtals um 150 fjár og var það sá fjöldi sem var í þeim er skorið var niður um 1948. Austast var heytóft sem sneri norður/suður svolítið niðurgrafin og með hlöðnum veggstubbum.

**Efri-Harrastaðir-10**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er fjárhús í norðausturhorni túnsins um 140m NNA af bænum.
**Lýsing**
Þarna hefur nú verið sléttað tún og fjárhúsið er horfið en þess má geta að tún var óslegið og því ekki hægt að fullyrða að engin merki þess sjáist þegar gróður er minni. Punktur var tekinn, um 150m NNA af íbúðarhúsinu, af túnakorti sem lagt hafði verið yfir hnitaða loftmynd og má gera ráð fyrir nokkurri skekkju á honum. Samkvæmt heimildamanni er líklegt að hér sé um að ræða sömu minjar og skráðar eru nr. 57.

**Efri-Harrastaðir-11**
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er sýnt hesthús austast í túni.
**Lýsing**
Húsið er nú horfið vegna túnasléttunar en punktur var tekinn tæplega 120m ANA af íbúðarhúsinu eftir staðsetningu á túnakorti sem lagt var yfir hnitaða loftmynd. Gera má ráð fyrir nokkurri skekkju á punktinum.



**Mynd 33. Algróinn norðurveggur fjóssins.**



**Mynd 34. Norðvesturhorn réttarinnar. Greinilega sést í Klömbruhnausa í veggjum að innan en þeir eru að miklu leyti grónir að utan eins og sést á myndinni til vinstri.**

**Efri-Harrastaðir-12**
**Hlutverk:** Fjós
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Sunnan Harrastaðaár, tæplega 90m SSA af íbúðarhúsinu og um 30m norður af heimreiðinni að Brandaskarði eru leifar steypts fjárhúss og norðan við það er fjós hlaðið úr torfi og grjóti, frá árinu 1948.
**Lýsing**
Fjósið er um 7x8m að utanmáli og dyr hafa snúið mót vestri. Allir veggir eru hlaðnir úr torfi- og grjóti nema suðurveggur sem er sameiginlegur með fjárhúsi. Veggirnir eru að miklu leyti grasi grónir og um 160sm á hæð.

**Efri-Harrastaðir-13**
**Hlutverk:** Hesthús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Rúma 170m ASA af Efri-Harrastöðum og um 30m norður af heimreiðinni að Brandaskarði er hesthústóft.




**Lýsing**
Tóftin er 9x9m að utanmáli og hafa dyr snúið mót vestri. Veggir eru heillegir að miklu leyti, hlaðnir úr torfi og grjóti og eru minnst um 70sm á hæð og mest um 160sm. Byggð hefur verið rétt úr timbri utan um torfveggina og grjóthlaðinn garða sem er fyrir miðri tóft. Veggir eru að mestu grónir að utan en aðeins lítillega að innan þar sem greinilega sést í klömbruhleðslur í veggjum sem og grjót.

**Efri-Harrastaðir-14**
**Hlutverk:** Kartöflugeymsla
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Austan við heimreiðina heim að Efri-Harrastöðum rúma 10m suður af Harrastaðaá er samkvæmt heimildamanni tóft kartöflugeymslu. Tóftin, sem er fast vestan við steypta súrheysgryfju, var ekki skráð á vettvangi 2009 en er hér skráð eftir lýsingu heimildamanns og hnitsettri loftmynd.

**Efri-Harrastaðir-15**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Lynghólar heita á merkjum milli Brandaskarðs og Efri-Harrastaða. Lækur rennur eftir gili norðan við Syðri-Lynghólinn og í lækjargilinu eru tvennar tóftir. Rúma 400m norð-austur af Efri-Harra-stöðum, neðst í gilinu er stekkjartóft.




**Lýsing**
Tóftin er um 6x8m að utanmáli og snýr norður/ suður, suðurveggur (réttar) er þó nokkuð lengri eða um 11m og hefur hann verið notaður til að auðvelda innrekstur í réttina. Veggir eru um 30-60sm á breidd. Króin er til norðurs og er hlið á henni til norðurs og síðan innangengt til suðurs inn í réttina. Hlið hefur verið á réttinni til vesturs þar sem vestur- og suðurveggur mætast. Tóftin er algróin grasi og mosa og hvergi sér í grjót.

**Efri-Harrastaðir-16**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Lynghólar heita á merkjum milli Brandaskarðs og Efri-Harrastaða. Lækur rennur eftir gili norðan við Syðri-Lynghólinn og í lækjargilinu eru tvennar tóftir.
**Lýsing**
Tóftin snýr NA/SA og er 11x12m að utanmáli. Hún er þrískipt, tvö hús hafa snúið stafni mót suðvestri og dyr á þeim báðum en það þriðja er til norðausturs. NA veggur er rofinn og því ekki hægt að segja með fullvissu hvort eða hvar dyr hafa verið á honum.



**Mynd 35. Horft er yfir vörðuna til suðvesturs í átt að Efri- og Neðri-Harrastöðum.**

**Efri-Harrastaðir-17**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Um 110m norður af tóft (nr. 16), á Ytri-Lynghól, tæpa 40m vestan við merkin milli Brandaskarðs og Efri-Harrastaða er varða.
**Lýsing**
Varðan er hrunin og er mest um 30sm á hæð. Þvermál er tæplega 3m með því grjóti sem hefur hrunið úr hleðslunni. Gróið er umhverfis vörðuna, grasi og mosa.

**Efri-Harrastaðir-18**
**Hlutverk:** Mógrafir
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Á merkjum milli Efri-Harrastaða og Neðri-Harrastaða eru mógrafir, beggja vegna merkjanna og skurður á milli (sjá einnig Neðri-Harrastaðir nr. 32). Fernar mótóftir eru norðaustan við mógrafirnar og liggja þær í landi Neðri-Harrastaða (sjá Neðri-Harrastaði nr. 33-36).
**Lýsing**
Mógrafirnar sem liggja sunnan merkjagirðingar, í landi Efri-Harrastaða eru 50x60m að utanmáli og mest um 1-1,5m að dýpt. Þarna er nú búið að ræsa fram land og eru grafirnar því þurrar og grasi grónar.
**Aðrar upplýsingar**
Torftökustaður; torfrista og stunga var sögð næg 1708 og reiðingsrista bjargleg (JÁM VIII:456).

## Háagerðissel/Harrastaðasel




**Efri-Harrastaðir-19**
**Sérheiti:** Háagerðissel/Harrastaðasel
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Tóftaþyrping
**Staðhættir**
Ofarlega í Brandaskarði, rúma 3,7km ASA af bænum á Efri-Harrastöðum eru seltóftir. Um þær segir í örnefnaskrá: „Austan hans [Átt er við svonefndan Skálarhrygg sem liggur norður úr Spákonufelli] er flói sem Selflói heitir og liggur vestan við Selhrygg, en hann liggur frá fjallinu að norðan suður yfir skarðið að mestu leyti. Vestan undir Selhrygg var að fornu sel og sá glöggt fyrir tóftum þess eftir aldamót [1900]“. (ÖS:3). Samkvæmt Reyni Davíðssyni bónda á Neðri-Harrastöðum er selið í óskiptu landi Efri- og Neðri-Harrastaða.
**Lýsing**
Selstæðið er í grónum aflíðandi halla ofarlega í Brandaskarði og snýr mót vestri. Vestan og norðvestan við eru blautar mýrar en móar til suðurs og austurs. Sú tóft sem að líkindum er bæjartóftin sem reist var 1854 (sjá aðrar upplýsingar) er 11-20m að utanmáli og liggur í stefnuna norður/suður. Hún skiptist í 5 eða 6 hólf en aðeins eru einar dyr sjáanlegar og snúa þær mót austri og liggja inn í tvískipt hólf sem í heild er 2x7m að innanmáli. Ekki sjást dyr á milli hólfa sem stafar að líkindum af því að hrunið er í dyraop. Auk þeirra tveggja hólfa sem talin eru að framan er eitt nyrst í tóftinni rúmlega 2x2m að innanmáli. Annað fyrir miðri tóft sem hugsanlega er tvískipt, það er 2x3,5m að innanmáli og syðsta hólfið er 3x5m að innanmáli. Veggir tóftar eru frá 30-90sm á hæð og eru víða hrundir. Þeir eru að hluta hlaupnir í þúfur, nærri algrónir grasi og mosa en þó sér í grjóthleðslur á köflum.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskránni segir jafnframt: „Þar voru kvíaær hafðar á sumrum, stutt var í hjásetuland því grasi vafin skál gengur þar upp í fjallið að norðan vestanvert við Selhrygg, sú heitir Smjörskál.“ (ÖS:3). Vafi leikur á uppruna selsins, þ.e. hvaða jörð það tilheyrði upphaflega því selið er ýmist nefnt Háagerðissel, Finnsstaðasel eða Harrastaðasel. Ljóst er þó að síðast var selið í notkun frá Háagerði og segir Jóhann Jónsson, nefndur póstur, svo frá: „Árið 1854 byggði faðir minn upp gamalt sel, sem líklega hafði ekki verið byggt í hundrað ár. Það var langt frammi á svonefndu Brandaskarði í Harrastaðalandi, en þá jörð átti hann og hafði í nokkur ár 1/3 af henni með. Þarna byggði hann lítinn, en snotran bæ, baðstofu, búr, eldhús og

fjárhús yfir hundrað fjár. Flutt var í selið á fráfærum, og var móðir mín sjálf þar allt sumarið. Skyr, smjör og sýra var reitt heim vikulega. Þessari selsbyggingu fylgdi sú búbót, að ær gerðu mikið betra gagn og urðu feitari á haustin, því að rekstur á haga var margfalt styttri en heiman að." (Heimdragi I, 24).

**Efri-Harrastaðir-20**
**Sérheiti:** Háagerðissel/Harrastaðasel
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Þrennar tóftir eru norður af bæjartóftinni (nr. 19), næst henni er tóft sem virðist fjórskipt.
**Lýsing**
Tóftin snýr norður/suður og eru þrennar dyr sjáanlegar, einar mót norðri og tvennar mót suðvestri. Fjórða hólfið er fyrir miðri tóft en engar dyr sjást á því. Utanmál er 12x14m og hæð veggja um 20-40sm, þeir nánast algrónir en þó sér í grjóthleðslur á nokkrum stöðum. Hlutverk er óþekkt en gæti verið hluti eldra sels.

**Efri-Harrastaðir-21**
**Sérheiti:** Háagerðissel/Harrastaðasel
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Þrennar tóftir eru norður af bæjartóftinni (nr. 19) og liggja tvennar þeirra samsíða henni en þriðja tóftin þvert á hinar og er það sú tóft sem hér verður lýst.
**Lýsing**
Af útliti tóftar að dæma er líklegast að þarna sé um fjárhústóft að ræða, hugsanlega það fjárhús sem sagt er að hafi verið reist 1854 í æviminningum Jóhanns pósts sem ólst upp í Háagerði (Heimdragi I, 24). Tóftin er aflöng og snýr austur/vestur, fjárhús til vesturs en heytóft eða hlaða til austurs. Vestara hólfið virðist tvískipt en einnig er möguleiki að sá veggur sé hrun úr útvegg. Utanmál tóftar er 5x15m og hæð veggja 30-100sm. Hún er nær algróin grasi og mosa en þó sér í grjóthleðslur í veggjum.

**Efri-Harrastaðir-22**
**Sérheiti:** Háagerðissel/Harrastaðasel
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Þrennar tóftir eru norður af bæjartóftinni (nr. 19) og nyrst þeirra er tví- eða þrískipt tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr norður/suður og eru tvennar dyr á henni sem báðar snúa mót vestri. Hlutverk er óþekkt en líklegast er að um sé að ræða sé hluti eldra sels. Utanmál er 7,5x10m og hæð veggja 30-100sm. Tóftin er grasi og mosa gróin og veggir að nokkru komnir í þúfur en þó sér í grjót.

**Efri-Harrastaðir-23**
**Sérheiti:** Háagerðissel/Harrastaðasel
**Hlutverk:** Rétt, kvíar?
**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**
Sunnan við bæjartóftina (nr. 19) eru tvennar tóftir sem virðast báðar nokkuð eldri en aðrar tóftir selinu og gætu því hafa tilheyrt seli eða seljum þeim sem voru í notkun fyrir 1854 þegar þarna var haft í seli frá Háagerði.
**Lýsing**
Nyrðri tóftin gæti verið af rétt eða kvíum. Hún snýr norðvestur/suðaustur með dyr eða hlið mót norðvestri. Suðvesturveggur er hlaðinn en tóftin að öðru leyti grafin í náttúrulegan bakka. Veggjahæð er um 50sm og eru veggir algrónir grasi og mosa. Tóftin er 9x4m að utanmáli.

**Efri-Harrastaðir-24**
**Sérheiti:** Háagerðissel/Harrastaðasel/
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Syðst tófta á Háagerðisseli er aflöng og liggur nálega norðvestur/suðaustur.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt og eru dyr á henni sem vísa mót norðvestri og liggja inn í stærra hólf tóftarinnar sem er 1x3,5m að innanmáli. Engar dyr sjást inn í minna hólfið sem liggur til suðausturs og er um 1x2m að innanmáli. Veggir eru hlaupnir í þúfur, algrónir grasi og mosa og hvergi sér í grjót í vegghleðslum. Tóftin virðist af útliti að dæma vera nokkuð gömul.

**Efri-Harrastaðir-25**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á hól rúmlega 230m suðaustur af Háagerðisseli er tóft. Hún stendur á grónum hól sem virðist vera náttúrulegur og umhverfis eru móar nema til suðurs en þar votlendi sem nær að Finnsstaðatjörn sem er tæpa 100m sunnan við tóftina.
**Lýsing**
Hóllinn er rúmlega 1m á hæð og er um 7x10m að ummáli, aðeins örlítið breiðari en tóftin sem er um rúmlega 9x5m að utanmáli. Tóftin er gömul að sjá veggir komnir í þúfur og að hluta grónir grasi, mosa og lyngi. Útbrún veggja er á bilinu 20-30sm en innri brún óljósari um 5-10sm há.





*Mynd 36. Varða á Selhrygg, horft er til SSV í átt að tjörn sem er sunnarlega í Brandaskarði.*

**Efri-Harrastaðir-26**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Selhryggur liggur frá fjallinu að norðan og yfir mest allt Brandaskarð og á honum sunnarlega er varða (ÖS:4) segir í örnefnaskrá. Hryggurinn liggur í stefnuna norður/suður og á honum er varða.
**Lýsing**
Varðan er um 60sm á kant að grunnfleti og um 60-90sm há, grjóthlaðin og ógróin. Hugsanlegt er að varðan hafi verið merkjavarða milli Háagerðis og Harrastaða. En í landamerkjaskrá frá 1891 segir: „[...] þaðan til vesturs sunnanvert á Selhrygg sunnan við Háagerðissel.“ (Úr Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1891), skjal nr. 249).



*Mynd 37. Horft er til suðvesturs yfir tjörn sem er sunnarlega í Brandaskarði.*

**Efri-Harrastaðir-27**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Efst í Brandaskarði er Finnsstaðatjörn og upp af henni til norðausturs melur og á honum varða.
**Lýsing**
Varðan er um 50sm á kant að grunnfleti og 30-40sm há grjóthlaðin og ógróin. Hugsanlegt er að varðan hafi verið merkjavarða milli Háagerðis og Harrastaða en einnig er hugsanlegt að hún sé hlaðin af smala sem gætti fjár í skarðinu.



Mynd 38. Varða á Miðhrygg.

**Efri-Harrastaðir-28**
**Sérheiti:** Miðhryggur
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Þegar komið er að Brandaskarðsgili liggja merkin til vesturs yfir Selhrygg sunnanverðan, þá sjónhending vestur í vörðu efst á Miðhrygg.“ (ÖS: 3). Á Miðhrygg tæplega 630m VSV af Háagerðisseli er varða.

**Lýsing**
Hleðslan er hrunin og er hæst um 30sm há en um 60sm að grunnmáli. Ekki er ólíklegt að þetta sér merkjavarða sú sem talað er um í örnefnaskránni þó svo að varðan sé ekki efst á hryggnum heldur fremur fyrir miðju hans.

**Efri-Harrastaðir-29**
**Hlutverk:** Mógrafir
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Í Hrossamýri, u.þ.b. miðja vegu milli Hólkots og Háagerðissels eru mógrafir.
**Lýsing**
Austurhlið grafanna er greinileg og er um 30m löng en aðrar hliðar óljósari og því ekki hægt að segja til um flatarmál grafanna. Þær eru um 40-50sm djúpar.

**Efri-Harrastaðir-30**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Á lítt grónum hrygg vestan við Harrastaðaá þar sem hún beygir snögglega til norðurs í átt að Brandaskarði er varða.
**Lýsing**
Hún er rúmlega 2m á kant að grunnfleti en um 20-30sm á hæð.



Mynd 39. Horft er til norðvesturs, Efri- og Neðri-Harrastaðir í baksýn.

## Hólkot



**Mynd 40. Hólkot. Horft er til norðvestur efst af Hólkotsbrekkunni og sést í Neðri- og Efri-Harrastaði ofarlega til hægri á mynd.**

Í örnefnaskrá segir: „Austan Efrigrófar er Hólkotsbrekka, um hana liggja landamerki sem áður er getið. Þar var býli til forna sem hét Hólkot og sjást þar merki tófta eftir aldamót [1900].“ (ÖS: 3). Minjar býlisins eru rúma 800m SSA af Efri-Harrastöðum í grasi gróinni brekku en upp af henni til austurs er ógróinn hryggur. Vestur undir kotinu er flói sem ekki ber neitt nafn en vestan hans Efrigróf niður að þjóðvegi (ÖS: 3). Töluvert er af minjum á býlinu en garðlög umlykja það að hluta og innan þeirra bæjar- og útihúsatóftir sem eftir útliti að dæma eru misgamlar.




**Efri-Harrastaðir-31**
**Sérheiti:** Hólkot
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Austan Efrigrófar er Hólkotsbrekka, um hana liggja landamerki sem áður er getið. Þar var býli til forna sem hét Hólkot og sjást þar merki tófta eftir aldamót [1900].“(ÖS: 3).
**Lýsing**
Túngarðurinn er í tveimur hlutum. Nyrst er garðlag sem liggur frá suðri til norðurs og síðan til norðvesturs. Það liggur alveg upp undir brekkunni að austan og er alls um 43m á lengd, hæð er frá 30-100sm og breiddin allt að 2,5m. Syðri hlutinn liggur um 80m sunnar. Hann er tæplega 130m langur og liggur frá suðri til NNA og beygir svo til NV. Hann er um 30-70sm hár og mest um 2m á breidd. Hann liggur einnig samsíða brekkunni sem er austur af túninu og er að hluta hlaðinn upp við hana. Garðurinn er allur gróinn grasi, mosa og ljónslöpp og hvergi sér í grjót.

**Efri-Harrastaðir-32**
**Sérheiti:** Hólkot
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Sunnan við nyrðri hluta túngarðsins (nr. 31) er tóft.
**Lýsing**
Hún liggur upp undir brekku og er austurveggur hennar hlaðinn upp við brekkuna, dyr eru á tóftinni og vísa til vesturs. Hæð veggja er frá 20-60sm og breidd mest um 110sm, þeir eru algrónir grasi mosa og ljónslöpp og þýfðir líkt og umhverfi tóftarinnar.

**Efri-Harrastaðir-33**
**Sérheiti:** Hólkot
**Hlutverk:** Kolagröf
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Tæplega 45m vestur af tóft (nr. 32 ) er niðurgröftur hugsanlega kolagröf.
**Lýsing**
Niðurgröfturinn er um 1,5m að þvermáli og um 70sm djúpur og umhverfis brún hans er um 60sm breiður kantur. Holan er algróin gras, mosi og ljónslöpp og stór steinn er í botni hans.

**Efri-Harrastaðir-34**
**Sérheiti:** Hólkot
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Við nyrðri enda syðri hluta túngarðsins eru þrennar tóftir og eitt garðlag.
**Lýsing**
Garðlagið liggur í vinkil frá suðri til austurs og myndar túngarðurinn suðurvegginn en brekkan austurvegg, líklegt er að þarna hafi verið rétt. Líklegast er að hlið hafi verið við samskeytin milli réttarveggjarins og túngarðsins þar sem opið er þar á milli. Réttarveggurinn er alls um 25m langur, nokkuð rofinn og hlaupinn í þúfur. Hæð veggjar er frá 20-50sm.




**Efri-Harrastaðir-35**
**Sérheiti:** Hólkot
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Við NV horn garðlags (nr. 34) er tóft.
**Lýsing**
Tóftin liggur NNV/SSA og hafa dyr vísað mót SSA. Utanmál er 5x9m og hæð veggja 30-50sm. Hún er algróin, veggir nokkuð þýfðir og er austari langveggur nokkuð lengri en sá vestari.

**Efri-Harrastaðir-36**
**Sérheiti:** Hólkot
**Hlutverk:** Híbýli?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Við norðurenda syðri hluta túngarðsins er fimm skipt tóft sem líklegt er að sé bæjartóftin.
**Lýsing**
Tóftin liggur frá norðri til suðurs og er 20m löng og 6-14m breið. Tvennar dyr eru á tóftinni og snúa aðrar þeirra mót vestri en hinar mót suðri. Nyrst er aflangt hólf 3x1,5m að innanmáli,

engar dyr eru á því og ekki á næsta hólfi sunnan við sem er 3,5x2,5m að innanmáli. Það eru ekki heldur dyr á því en sunnan þess er hólf með dyrum mót vestri, það er 3x3m að innanmáli. Austan þess er fjórða hólfið 2x2,5m að innanmáli, engar dyr eru sjáanlega á því. Syðsta hólfið er 3x8m að innanmáli og eru dyr á því sem snúa mót suðri. Veggir eru hrundir, hlaupnir í þúfur og tóftin nærri algróin grasi, mosa og ljónslöpp en þó sér í grjót á nokkrum stöðum. Túngarðurinn endar við suðaustur enda tóftarinnar.

**Efri-Harrastaðir-37**
**Sérheiti:** Hólkot
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Við norðurenda syðri hluta túngarðsins er fimm skipt tóft sem líklegt er að sé bæjartóftin og norðan hennar er önnur tóft. líklega af útihúsi.
**Lýsing**
Hún liggur þvert á hina og snýr því austur/vestur og eru dyr á henni sem snúa mót vestri. Tóftin er fjórskipt nyrst er aflangt hólf 8x1-2m að innanmáli. Innangengt er úr því til suðurs yfir í nokkuð stærra hólf sem hugsanlega hefur verið rétt, 7x7-10m að innanmáli. Á milli þessara tveggja hólfa er lítil hólf sem innangengt er í, það er 2x1m að innanmáli. Úr stærsta hólfinu er innangengt í hólf sem er austanvert á austurhlið tóftar 1,5x3,5m að innanmáli. Veggir eru 20-50sm á hæð, algrónir og hlaupnir í þúfur og falla vel að umhverfi sínu.

**Efri-Harrastaðir-38**
**Sérheiti:** Hólkot
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á grónum bala syðst í túninu, sem liggur nokkuð lægra en norður hluti túnsins, eru fimm tóftir sem virðast eldri en þær sem áður hefur verið fjallað um. Lengst til norðvesturs er aflöng tóft sem liggur NA/SV.
**Lýsing**
Tóftin er 5x17m að utanmáli og hæð veggja sem eru jarðsokknir eru 30-60sm. Hún er algróin grasi og mosa, veggir eru hlaupnir í þúfur og tóftin fellur vel að umhverfi sínu. Engar dyr eru sjáanlegar. Hlutverk er óþekkt en miðað við stærð og útlit gæti hafa verið þarna skáli eða stór rétt.




**Efri-Harrastaðir-39**
**Sérheiti:** Hólkot
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Suðaustan við tóft (nr. 38 ) er önnur tóft nokkuð stærri.

**Lýsing**
Tóftin er 9x21m að utanmáli og snýr NA/SV. Enginn veggur er mót NA og líklegt að þar hafi verið dyr. Veggir eru jarðsokknir um 30-60sm á hæð, hlaupnir í þúfur og algrónir grasi, mosa og lyngi. Hlutverk er óþekkt en miðað við stærð og útlit gæti hafa verið þarna skáli eða stór rétt.

**Efri-Harrastaðir-40**
**Sérheiti:** Hólkot
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Norðaustan við tóft (nr. 39 ) er minni tóft sem liggur upp undir brekku til NA.
**Lýsing**
Hún liggur nálega norður/suður og er 3x4m að utanmáli. Hún er tvískipt og snúa dyr mót vestri. Veggir eru jarðsokknir, frekar lágir eða um 10-30sm háir og algrónir grasi, mosa og ljónslöpp.

**Efri-Harrastaðir-41**
**Sérheiti:** Hólkot
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Austan við tóft (nr. 39 ) er tvískipt tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr nánast norður/suður og eru tvennar dyr á henni sem snúa mót vestri. Utanmál er 7x11m og veggjahæð er 20-40sm en þeir jarðsokknir og algrónir grasi, mosa og ljónslöpp. Þó sér í grjót sem liggur í tóftinni sem gæti þó verið síðari tíma.

**Efri-Harrastaðir-42**
**Sérheiti:** Hólkot
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Sunnan við tóft (nr. 39 ) er önnur tóft, töluvert minni.
**Lýsing**
Hún liggur fram á brekkubrún, snýr NV/SA og engar dyr sjást á henni. Utanmál er 6x7m, veggir eru hrundir, 30-40sm háir, algrónir grasi, mosa og ljónslöpp og að nokkru hlaupnir í þúfur.



Mynd 41. Horft er til vestur að hugsanlegu heystæði í Efrigróf.
Mynd 42.

**Efri-Harrastaðir-43**
**Hlutverk:** Óþekkt, heystæði?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í svonefndri Efrigróf, rúma 300m vestur af Hólkoti er grasi gróinn hóll sem sker sig nokkuð úr umhverfi.
**Lýsing**
Hóllinn er um 6x10m að utanmáli og um 70-80sm á hæð. Ofan í hann er 10sm djúp dæld 3,5x5m að ummáli. Hóllinn ber þess merki að eitthvert mannvirki hafi verið á honum en hlutverk er óþekkt en hugsanlega hefur þar verið safnað saman heyi.

**Efri-Harrastaðir-44**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Norðan þessarar ár [átt er við Harrastaðaá] hafa verið talin örnefni hér að framan en sunnan hennar talið frá sjó eru þessi helst: Neðrigróf frá sjó og upp að þjóðvegi." (ÖS, 3). Norðan við læk þann sem rennur vestan við Hólkotið og vestur i gegnum Efrigróf og síðan Neðrigróf til sjávar er tóft, tæpa 20m vestur af þjóðveginum.
**Lýsing**
Tóftin er 3x4m að utanmáli og veggir mest tæplega 1m á þykkt, grasi grónir og hvergi sér í grjót. Hún snýr NA/SV og er alveg opin til SA. Gólf tóftarinnar er niðurgrafið og eru mest um 60sm frá botni og upp að veggjum. Hlutverk er óþekkt.





**Efri-Harrastaðir-45**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Norðan þessarar ár [átt er við Harrastaðaá] hafa verið talin örnefni hér að framan en sunnan hennar talið frá sjó eru þessi helst: Neðrigróf frá sjó og upp að þjóðvegi.“ (ÖS, 3). Sunnan við læk þann sem rennur vestan við Hólkotið og vestur i gegnum Efrigróf og síðan Neðrigróf til sjávar eru hlaðnir veggir, leifar fjárhúss sem hlaðið var 1965 samkvæmt heimildamanni.
**Lýsing**
Minjarnar eru ekki fornminjar sem slíkar en fá að fylgja með í skránni þar sem veggir þeirra eru byggðir eftir gömlum byggingarhefðum. Húsið snéri nálega austur/vestur, með dyr til vesturs. Veggir til norðurs, austurs og suðurs standa enn að hluta, hlaðnir úr Klömbruhnausum með streng á milli en grjót er neðst í vegg. Norðurveggur er um 4m á lengd og 30-130sm á hæð, lægstur til vesturs. Það sem eftir er af austurvegg er um 1,3m á hæð og um 3m á lengd og suðurveggur sem er 4m á lengd er 20-130sm hár, lægstur til vesturs.

**Efri-Harrastaðir-46**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Á lítt grónum mel tæplega miðja vegu á milli sjávar og þjóðvegar og rúma 200m suður af Harrastaðaá er grjót-hleðsla eða –hrúga sem gæti verið manngerð.
**Lýsing**
Grjótið liggur í hrúgu á milli þriggja stórra steina sem eru mest um 60-70sm á hæð. Svo virðist sem grjót hafi verið dregið þarna saman en hlutverk er óvíst nema að þarna hafi verið hlaðið einhverskonar skjól.



**Mynd 43. Grjóthleðsla eða -hrúga á milli stærri steina. Horft er til austurs í átt að Brandaskarði.**

**Efri-Harrastaðir-47**
**Hlutverk:** Brunnhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í úttektum Harrastaða frá 1869 og 1887 er getið um göng frá eldhúsi að vatni. Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er brunnhús merkt norðvestur af gamla bænum og punktur tekinn eftir því og því ber að geta að gera má ráð fyrir nokkurra metra skekkju á punktinum.

## Horfnar minjar

**Efri-Harrastaðir-48**
**Hlutverk:** Bænhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í máldögum Ólafs Rögnvaldssonar Hólabiskups frá 1461 er getið um bænhús á Harrastöðum sem þá var sagt aflagt (DI V, 354).
**Lýsing**
Ekki er vitað hvar bænhúsið stóð.

**Efri-Harrastaðir-49**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir að landamerkin liggi um vörðu efst á Hrossamýrarhrygg (en hann liggur til norðurs frá Spákonufellsborg að Harrastaðaá, sunnan við Brandaskarðsbæinn) (ÖS:3).
**Lýsing**
Varðan fannst ekki við skráningu 2009.

**Efri-Harrastaðir-50**
**Sérheiti:** Harrastaðahjáleiga
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í jarðabók frá 1708 kemur fram að Harrastaðahjáleiga hafi verið „bygð fyrir manna minni innan garða, hefur í auðn legið í næstu tíu ár.“ (JÁM VIII: 457).
**Lýsing**
Ekki er vitað hvar býlið var og það fannst ekki við skráningu 2009.

**Efri-Harrastaðir-51**
**Sérheiti:** Kofahlíð
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Austan Selhryggjar er flói sem ekki ber sérstakt nafn, hann nær að efri enda Brandaskarðsgils. Þá er komið austur úr skarðinu og liggur þá hlíðin til norðurs. Sú heitir Kofahlíð og er grösug hátt upp í fjall og niður á Stallbrún þar sem landamerkin liggja milli Harrastaða og Spákonufells. Kofahlíðin þótti að fornu ágætt hjásetuland.“(ÖS:4).
**Lýsing**
Engar minjar fundust þarna við skráningu 2009 og vissu heimildamenn ekki til þess að þarna væru nokkrar tóftir. Ekki er þó óvarlegt að álíta að nafnið sé dregið af smalakofum eða kofa

sem reistir hafi verið þarna í gegnum tíðina en þarna er gott beitarland og var m.a. haft í seli í nágrenninu (nr. 19-24).

**Efri-Harrastaðir-52**
**Sérheiti:** Gullhellisnöf
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í Landamerkjaskrá frá 1891 segir: „[...] þaðan sjónhending til vörður á Hrossamýrarhrygg; þaðan og í vörðu á Hólkotsbrekku, þaðan beina sjónhending til sjáfar til vörðu við Gullhellisnöf.“ (Úr Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1891), skjal nr. 249).
**Lýsing**
Varðan fannst ekki við skráningu 2009 og er samkvæmt heimildamönnum að líkindum farin undir girðingu.

**Efri-Harrastaðir-53**
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í landamerkjaskrá Harrastaða frá 1891 segir: „Að norðan eru merki við sjó varða við Kolþúfu, þaðan til austurs til sunnanverðar Sævarholtstjarnar, þaðan beina sjónhending til torfvörðu á Teigsenda; þaðan sem Harastaðabrekkurbrúnir ráða til Landamerkjalækjar; [...].“ (Úr Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1891), skjal nr. 249).
**Lýsing**
Varðan fannst ekki við skráningu 2009 og ekki er ólíklegt að hún sé horfin.

**Efri-Harrastaðir-54**
**Sérheiti:** Kolþúfa
**Hlutverk:** Varða
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í landamerkjaskrá Harrastaða frá 1891 segir: „Að norðan eru merki við sjó varða við Kolþúfu, þaðan til austurs til sunnanverðar Sævarholtstjarnar, þaðan beina sjónhending til torfvörðu á Teigsenda; þaðan sem Harastaðabrekkurbrúnir ráða til Landamerkjalækjar; [...].“ (Úr Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1891), skjal nr. 249).
**Lýsing**
Varðan fannst ekki við skráningu 2009.

**Efri-Harrastaðir-55**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Í landamerkjaskrá Harrastaða frá 1891 segir: „Að norðan eru merki við sjó varða við Kolþúfu, þaðan til austurs til sunnanverðar Sævarholtstjarnar, þaðan beina sjónhending til torfvörðu á Teigsenda; þaðan sem Harastaðabrekkubrúnir ráða til Landamerkjalækjar; síðan upp með læknum til vörðu beint norður af Lynghól; frá vörðunni liggja merkin suður í Lynghól, [...].“ (Úr Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1891), skjal nr. 249).
**Lýsing**
Varðan fannst ekki við skráningu 2009.

**Efri-Harrastaðir-56**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir að landamerki liggi um vörðu á Hrossamýrarhrygg og þaðan er sjónhending í vörðu á Hólkotsbrekku. (ÖS:3).
**Lýsing**
Varðan fannst ekki við skráningu 2009.

**Efri-Harrastaðir-57**
**Sérheiti:** Tóftir
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Austast í túni Harrastaða var stykki sem kallað var Tóftir. Mun hafa dregið nafn af að þar voru tóftabrot, þrjú að tölu, en sáust öll nokkuð greinilega upp úr aldamótum. Þetta stykki var þýft nokkuð, en er nú löngu sléttað.“ (ÖS:1).
**Lýsing**
Samkvæmt heimildamanni er líklegt að þarna séu sömu minjar og skráðar eru **nr. 10.**

## Fornleifaskráning Neðri-Harrastaða/Harrastaðakots



**Mynd 44. Neðri-Harrastaðir.**

**Neðri-Harrastaðir -1**
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Neðri-Harrastaðir hétu áður Harrastaðakot. Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er kotið merkt vestast í túninu og hefur gamli bærinn staðið nærri þar sem íbúðarhúsið stendur í dag.
**Lýsing**
Gamli bærinn er nú með öllu horfinn en samkvæmt heimildamanni Reyni Daðasyni var brunnur inn í gamla bænum og sást enn eftir af honum 1968 og var hann þar sem þvottahúsið í íbúðarhúsinu er núna. Lok var yfir honum og þá var komin dæla sem dældi upp vatninu.
**Aðrar upplýsingar**
Úttekt var gerð á Harrastaðakoti 1870 og var þá álag metið á eftirfarandi hús: Baðstofu, búr, eldhús, göng, fjós yfir 4 kýr og rangala frá eldhúsi til vatns (úr Úttektarbók Vindhælishrepps (1870). Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnvetninga).

**Neðri-Harrastaðir-2**
**Hlutverk:** Fjós
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Neðri-Harrastaðir hétu áður Harrastaðakot. Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er kotið merkt vestast í túninu og hefur gamli bærinn staðið nálega þar sem íbúðarhúsið stendur í dag.

**Lýsing**
Fjós var við bæinn yfir fjórar kýr (úr Úttektarbók Vindhælishrepps (1870). Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnvetninga). Búið er að rífa gamla bæinn ásamt fjósinu.

**Neðri-Harrastaðir-3**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í úttekt á Harrastaðakoti frá 1870 er getið um 24 kinda fjárhús og kofa sunnanundir (Úr Úttektarbók Vindhælishrepps (1870). Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu). Ekki er ólíklegt að húsið sé það sama og það sem sýnt er á túnakorti frá fyrrihluta 20. aldar vestast í Harrastaðatúni. Samkvæmt heimildamanni voru fjárhúsin vestan við bæ, ofan við þjóðveginn. Þeim var rutt út ca. 1974. Tóft er austan við þjóðveginn og norðan heimreiðar sem liggur heim að Neðri-Harrastöðum, 120m vestur af íbúðarhúsinu.
**Lýsing**
Tóftin er í heild 4x6m að utanmáli, en hún er í raun í tveimur hlutum, lítil tóft að norðan en þúst sunnan við. Tóftin snýr nálega norður/suður og dyr hafa verið mót vestri. Veggir eru ekki háir, lægstir um 10sm en hæstir um 30sm. Tóftin er algróin grasi og mosa. Hugsanlegt er að þetta sé tóft kofa sem getið er um í úttekt á Harrastaðakoti frá 1870 (Úr Úttektarbók Vindhælishrepps (1870). Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu).
**Aðrar upplýsingar**
Þau voru hlaðin úr torfi og grjóti en timburhlaða við og járn komið á þak. Hross voru hýst við fjárhúsin.

**Neðri-Harrastaðir-4**
**Hlutverk:** Kofi
**Tegund:** Þúst
**Staðhættir**
Í úttekt á Harrastaðakoti frá 1870 er getið um 24 kinda fjárhús og kofa sunnanundir (Úr Úttektarbók Vindhælishrepps (1870). Óprentað handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu).
**Lýsing**
Ekki er ólíklegt að húsið sé það sama og það sem sýnt er á túnakorti vestast í Harrastaðatúni. Gróin þúst er sunnan undir tóft (nr. 3) og hugsanlegt að hún sé leifar af kofanum sem getið er í úttektarbók frá 1870. Einnig má þó vera að þústin sé hluti fjárhúsanna sem þarna stóðu. Hún er gróin um 20-30sm á hæð og 2x4m að utanmáli.

**Neðri-Harrastaðir-5**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar var matjurtagarður syðst og vestast í túninu.
**Lýsing**
Matjurtagarðurinn er horfinn undir sléttað tún en á túnakorti sem lagt var yfir hnitaða loftmynd sést að hann var um 160m suðvestur af bænum á nyrðri bakka Harrastaðaár, nú í landi Neðri-Harrastaða. Punktur var tekinn af loftmynd og því má gera ráð fyrir einhverri skekkju á hnitum.

**Neðri-Harrastaðir-6**
**Hlutverk:** Heimreið
**Tegund:** Leið
**Staðhættir**
Í horninu milli þjóðvegar og heimreiðarinnar að Neðri-Harrastöðum sjást leifar gömlu heimreiðarinnar.
**Lýsing**
Slóðin er tæplega 30m löng og 2m á breidd og liggur frá SV til NA.

**Neðri-Harrastaðir-7**
**Hlutverk:** Beðasléttur
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt Reyni Davíðssyni voru beðasléttur ofan (austan) við bæinn en sléttað var yfir þær vegna þess að skurðirnir á milli þeirra voru það djúpir að erfitt var að slá.




**Neðri-Harrastaðir-8**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Harrastaðaá skiptir löndum Efri- og Neðri-Harrastaða neðan (vestan) þjóðvegar og eiga Neðri-Harrastaðir land norðan ár, norður að merkjum. Í grasi grónum hvammi við ána rúma 220m norðaustur af árósnum eru tvennar stekkjartóftir.
**Lýsing**
Nyrðri tóftin er byggð sunnan undir hvammbrekkunni sem er norðurveggur hennar. Hún snýr austur/vestur, samsíða brekkunni, og er um 6x7,5m að utanmáli. Réttin er til norðurs en króin til suðurs. Ekki sást hlið á krónni en hlið er til vesturs á réttinni. Tóftin er algróin og hvergi sér í grjóthleðslur í veggjum sem eru um 20-40sm á hæð.

**Neðri-Harrastaðir-9**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Harrastaðaá skiptir löndum Efri- og Neðri-Harrastaða neðan (vestan) þjóðvegar og eiga Neðri-Harrastaðir land norðan ár, norður að merkjum. Í grasi grónum hvammi við ána rúma 220m norðaustur af árósnum eru tvennar stekkjartóftir.
**Lýsing**
Önnur stekkjartóft er rúmum 20m suðvestan við stekkjartóft (sjá nr. 8). Hún er tvískipt, annars vegar kró til austurs og hinsvegar rétt til vesturs en hún er niðurgrafin. Hlið hefur verið á

krónni og snúið mót austri en til suðurs á réttinni. Vestur langveggur réttar er nokkuð lengri en mótveggurinn og hefur það líklega verið til að auðvelda innrekstur í hana. Utanmál tóftar er 6x9m, veggjahæð í kró er frá 10-50sm, veggir í rétt eru um 30-50sm háir. Tóftin er öll gróin grasi og mosa og hvergi sér í grjót í veggjum.



Mynd 45. Horft er til norðausturs í átt að matjurtagarðinum sem liggur í brekkunni mót suðri.

**Neðri-Harrastaðir-10**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Harrastaðaá skiptir löndum Efri- og Neðri-Harrastaða neðan (vestan) þjóðvegar og eiga Neðri-Harrastaðir land norðan ár, norður að merkjum. Í grónum hvammi tæplega 130m norðaustur af árósnum er matjurtagarður.
**Lýsing**
Garðlagið er 10x13m að utanmáli og veggjahæð er 20-40sm, hærri til norðurs en lægstir að sunnan. Það liggur í brekku mót suðri og er gróið grasi og mosa en rofið á köflum.

**Neðri-Harrastaðir-11**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Garðlag
**Hætta:** Minjunum stafar hætta af landbroti
**Staðhættir**
Harrastaðaá skiptir löndum Efri- og Neðri-Harrastaða neðan (vestan) þjóðvegar og eiga Neðri-Harrastaðir land norðan ár, norður að merkjum. Norðan við árósinn er matjurtagarður í aflíðandi halla mót suðri.




**Lýsing**
Garðurinn hefur verið um 10x30m að utanmáli. Veggir eru á þrjá kanta, til vesturs, norðurs og austurs. Lítil tóft, 3x2m að innanmáli, er áföst að vestan, hugsanlega kartöflugeymsla. Veggir eru að hluta komnir í þúfur.

**Neðri-Harrastaðir-12**
**Hlutverk:** Óþekkt, kofi
**Tegund:** Þúst
**Hætta:** Minjunum stafar hætta af landbroti

**Staðhættir**
Rúmlega 280m norður af árósi Harrastaðarár eru þrennar tóftir sem liggja samsíða framarlega á sjávarbrún við Harrastaðavík.
**Lýsing**
Syðst er þúst, 3x4m að utanmáli, hugsanlega leifar kofatóftar. Innbrúnir veggja eru ekki greinanlegan en að utan eru þeir um 10-30sm á hæð, grasi og mosa grónir en nokkuð rofnir eftir ágang búfjár. Tóftin virðist af gróðurfari og öðru í útliti hennar að dæma vera frekar gömul.




**Neðri-Harrastaðir-13**
**Hlutverk:** Naust
**Tegund:** Tóft
**Hætta:** Minjunum stafar hætta af landbroti
**Staðhættir**
Rúmlega 280m norður af árósi Harrastaðarár eru þrennar tóftir sem liggja samsíða framarlega á sjávarbrún við Harrastaðavík.
**Lýsing**
Tóftin fyrir miðju er 4x6m að utanmáli, opin til vesturs. Veggir eru um 20-40sm að hæð og eru nærri algrónir grasi og mosa en tóftin er rofin til austurs af fjárgötu. Veggir eru að hluta hlaupnir í þúfur og virðast tóftirnar af útliti að dæma vera frekar gamlar.

**Neðri-Harrastaðir-14**
**Hlutverk:** Naust
**Tegund:** Tóft
**Hætta:** Minjunum stafar hætta af landbroti
**Staðhættir**
Rúmlega 280m norður af árósi Harrastaðarár eru þrennar tóftir sem liggja samsíða framarlega á sjávarbrún.
**Lýsing**
Nyrsta tóftin er 3x5,5m að utanmáli og dyr eru mót vestri. Veggir eru rofnir og að hluta komnir í þúfur, þeir eru um 30sm á hæð og eru grónir grasi og mosa. Tóftin er gamalleg að sjá.

**Neðri-Harrastaðir-15**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Til austurs frá Harrastaðavík og neðan Harrastaðatúns eru svonefnd Berg venjulega nefnd Harrastaðaberg.“ (ÖS: 2). Syðst undir Harra-staðabergi eru nokkrar tóftir.
**Lýsing**
Undir berginu er stekkjartóft sem liggur VNV/ASA og er 5x10m að utanmáli. Hún er tvískipt með kró til ASA en rétt til VNV. Hlið er út úr réttinni til VNV og innangengt yfir í krónna sem liggur nokkuð hærra en réttin. Tóftin stendur á nokkurri upphækkun og hefur hugsanlega verið byggð á eldri minjum. Hún er grasi gróin, og sker sig töluvert úr umhverfi en þó sér í nokkra steina í veggjum.



**Mynd 46. Horft er til suðvesturs ofan á stekkjartóftina.**




**Neðri-Harrastaðir-16**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Til austurs frá Harrastaðavík og neðan Harrastaðatúns eru svonefnd Berg-venjulega nefnd Harra-staðaberg.“ (ÖS: 2). Syðst undir Harrastaðabergi eru tóftir.
**Lýsing**
Rúma 10m suðaustur af stekkjartóftinni (nr. 15) er niður-gröftur um 4,5m að þvermáli og um 30-40sm á dýpt. hann er gróinn grasi, mosa og lyngi. Hlutverk er óvíst.

**Neðri-Harrastaðir-17**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Til austurs frá Harrastaðavík og neðan Harrastaðatúns eru svonefnd Berg venjulega nefnd Harra-staðaberg.“ (ÖS: 2). Syðst undir Harrastaðabergi eru tóftir.
**Lýsing**
Tæplega 10m NA af stekkjartóft (nr. 15) er garðlag eða hluti tóftar. Veggur er greinilegur að austan, norðan og að hluta að vestan og hann er alls um 18m langur og um 20sm hár. Veggurinn er gróinn grasi og mosa og veggir nokkuð rofnir. Norðurveggur er hlaðinn upp við brekku.

**Neðri-Harrastaðir-18**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Til austurs frá Harrastaðavík og neðan Harrastaðatúns eru svonefnd Berg venjulega nefnd Harrastaðaberg.“ (ÖS: 2). Syðst á Harrastaðabergi eru tóftir sem liggja á milli kletta í berginu.
**Lýsing**
Beint norður af garðlaginu sem skráð er nr. 17 er tóft 4,5x3m að utanmáli. Hún snýr í stefnuna norður/suður og hafa dyr eða hlið vísað til austurs. Hæð veggja er um 10-30sm og þeir virðast hafa rofnað einhvern tímann en síðan gróið yfir það og eru þeir nú grónir grasi og mosa.

**Neðri-Harrastaðir-19**
**Hlutverk:** Óþekkt, rétt
**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Til austurs frá Harrastaðavík og neðan Harrastaðatúns eru svonefnd Berg venjulega nefnd Harrastaðaberg.“ (ÖS: 2). Syðst á Harrastaðabergi eru tóftir sem liggja á milli kletta í berginu.
**Lýsing**
Gegnt tóft nr. 18 er önnur tóft minni og er aðeins rúmlega 1m á milli þeirra. Tóftin liggur vestan undir smá kletti sem er austurveggur hennar. Tveir samsíða veggir liggja til austurs frá klettinum um 1,5m á lengd. Veggirnir eru um 20-30sm á hæð að mestu grónir grasi og mosa en þó sést í nokkra steina í hleðslum. Hlutverk er óvíst en ekki er ólíklegt að þarna hafi verið lítil rétt. Hlið hefur snúið mót vestri.




**Neðri-Harrastaðir-20**
**Hlutverk:** Óþekkt, kofi
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Til austurs frá Harrastaðavík og neðan Harrastaðatúns eru svonefnd Berg venjulega nefnd Harrastaðaberg.“ (ÖS: 2). Sunnarlega á Harrastaðabergi, rúma 130m norðaustur af tóftum sem skráðar eru nr. (sjá nr. 15-19) eru tvennar tóftir sem liggja vestur undir klettum sem standa upp úr berginu.
**Lýsing**
Syðri tóftin er 2,5x3m að utanmáli og snýr austur/vestur með dyr mót vestri. Veggjahæð er 20-30sm og eru þeir grónir grasi og mosa og virðist tóftin eftir útliti að dæma vera nokkuð gömul. Veggir eru jarðsokknir og að miklu leyti komnir í þúfur.

**Neðri-Harrastaðir-21**
**Hlutverk:** Óþekkt, rétt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Til austurs frá Harrastaðavík og neðan Harrastaðatúns eru svonefnd Berg-venjulega nefnd Harrastaðaberg.“ (ÖS: 2). Sunnarlega á Harrastaðabergi, rúma 130m norðaustur af tóftum sem skráðar eru nr. 15-19 eru tvennar tóftir sem liggja vestur undir klettum
**Lýsing**
Nyrðri tóftin er þrískipt 9x6,5m að utanmáli og snýr nálega austur/vestur. Þrennar dyr eða hlið hafa verið á tóftinni tvennar mót norðri en þær þriðju mót vestri. Til suðurs er aflangt hólf 2,5x6m að innanmáli en norðan við eru tvö hólf hlið við hlið, þau eru minni, það vestara 1x2m að innanmáli en það austara 1x3m að innanmáli. Tóftin er gömul að sjá, veggir jarðsokknir og komnir í þúfur, hæð þeirra er um 20-50sm og þeir eru grónir grasi, mosa og lyngi.


**Mynd 47. Horft er til suðausturs, grjóthleðsla sést ágætlega til hægri á myndinni.**

**Neðri-Harrastaðir-22**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Staðhættir**
Tæplega 20m austur af tóft nr. 21 er grjóthleðsla og við hana niðurgröftur um 50sm á kant. Grjóti er hlaðið báðum megin við topp á smá kletti sem stendur upp af Harrastaðabergi. Hleðslan er sjáanleg frá vegslóðanum sem liggur frá þjóðvegi og niður að sjó. Hlutverk er óþekkt.


**Mynd 48. Myndin er af niðurgreftri sem er fremst á Hvalbúðanesi. Horft er til VSV.**

**Neðri-Harrastaðir-23**
**Sérheiti:** Hvalbúðarnes
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur.
**Hættumat:** Minjunum stafar mikil hætta af landbroti.
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Norðan hellisins [átt er við helli í Hellisbökkum] tekur við vík sem heitir Hvalbúðarvík og dregur nafn sitt af samnefndu nesi norðan hennar, Hvalbúðarnesinu.“
Hvalbúðarnes er um 900m norðvestur af Neðri-Harrastöðum og á því eru nokkrar tóftir.

**Lýsing**
Vestast á nesinu er 30sm djúpur niðurgröftur sem liggur í stefnuna NA/SV. Hann er um 2x3m að utanmáli og er grasi gróinn. Trégrindverk er utan um niðurgröftinn. Hlutverk og aldur er óþekkt.

**Neðri-Harrastaðir-24**
**Sérheiti:** Hvalbúðarnes
**Hlutverk:** Kolagröf
**Tegund:** Niðurgröftur
**Hættumat:** Minjunum stafar mikil hætta af landbroti.
**Staðhættir**
Innan við 20m norðaustur af niðurgreftri nr. 23 er annar niðurgröftur, hugsanlega kolagröf.
**Lýsing**
Niðurgröfturinn er tæplega 1m að þvermáli og 60sm djúpur og grasi gróinn. Utan um hann er kantur sem er um 1m á breidd. Líklegt er að um kolagröf sé að ræða en útlit samræmist kolagröfum sem finnst víða um land.


**Mynd 49. Horft er yfir niðurgröftinn til norðvesturs yfir Náttmálavík.**




**Neðri-Harrastaðir-25**
**Sérheiti:** Hvalbúðarnes
**Hlutverk:** Óþekkt, kofi
**Tegund:** Tóft
**Hættumat:** Minjunum stafar hætta af landbroti.
**Staðhættir**
Um 45m austur af niðurgreftri (nr. 23) sem er fremst á Hvalbúðarnesi er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er 1,5x2m að utanmáli og snýr NNA/SSV með dyr til SSV. Veggjahæð er 30sm og er tóftin öll gróin grasi mosa og lyngi. Veggir eru sokknir og falla vel að umhverfi sínu.




**Neðri-Harrastaðir-26**
**Sérheiti:** Hvalbúðarnes
**Hlutverk:** Óþekkt, Sjóbúð
**Tegund:** Tóft
**Hættumat:** Minjunum stafar hætta af landbroti.
**Staðhættir**
Rúma 50m austur af niðurgreftri nr. 24 sem er fremst á Hvalbúðarnesi er fjórskipt tóft sem er hugsanlega leifar sjóbúða.
**Lýsing**
Tóftin snýr nálega norður/suður en suðurenda beygir örlítil til SV. Hún er 6,5x10m að utanmáli og eru veggir um 10-20sm háir nema í hólfinu sem er fyrir miðju tóftar þar sem þeir eru um 60sm háir. Úr því liggja dyr til vesturs og er það 2x2,5m að innanmáli, norðan við er hólf sem er 1x2m að innanmáli. Austan við stærsta hólfið er minna hólf sem er rúmlega 1m á kant. Syðsta hólfið er um 0,5x2m að innanmáli með dyrum sem snúa mót vestri. Tóftin er nánast algróin grasi en þó sér í grjót.

**Neðri-Harrastaðir-27**
**Sérheiti:** Hvalbúðarnes
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Austan við Hvalbúðarnesið er tóft.
**Lýsing**
Hún er grasi gróin, jarðsokkin og veggir eru um 25sm að hæð, utanmál er um 4x5m. Engar dyr sjást á tóftinni.







**Neðri-Harrastaðir-28**
**Sérheiti:** Hvalbúðarnes
**Hlutverk:** Óþekkt, rétt
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Við Náttmálavík, beint norður af Hvalbúðarnesi er tóft og liggur hún norðanvert í lækjar-dragi en lækurinn er upp-þornaður og dragið grasi gróið.
**Lýsing**
Tóftin er 4,5x13m að utanmáli og snýr NV/SA. Við NV enda er veggur eða garðlag sem liggur til SV frá NV enda og er alls um 10m langt. Veggir eru 20-60sm á hæð grasi gróin en veggir rofnir og hlaupnir í þúfur.

Hlið hefur verið á tóftinni mót NV. Hlutverk er óvíst en útlit tóftar minnir á rétt og gæti veggurinn að NV verið til að auðvelda innrekstur.



Mynd 50. Varða á Sævarholti. horft er til suðausturs og er Spákonufell í baksýn.

**Neðri-Harrastaðir-29**
**Sérheiti:** Sævarholt
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Varða
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Upp frá Kolþúfu [norðvestur hornmerkjum Harrastaðalands] og þó nokkru sunnar er holt, svonefnt Sævarholt. Beint suður frá þessu holti er Sævarholtsflói, hann var beitiland og slægnaland að nokkru áður fyrr." (ÖS: 2). Á holtinu er stæðileg varða.
**Lýsing**
Varðan er um 80sm á hæð og um 3m að þvermáli. Varðan er heilleg en nokkur grjót eru þó hrunin úr henni.

**Neðri-Harrastaðir-30**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Staðhættir**
Tæplega 20m austur af tóft nr. 21 er grjóthleðsla nr. 22 og við hana niðurgröftur um 50sm á kant og um 10-20sm djúpur.




**Neðri-Harrastaðir-31**
**Hlutverk:** Mylla?
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á litlu nesi á suðurbakka Harrastaðaár, tæplega 100m SSV af Efri-Harrastöðum er tóft og út frá staðsetningu hennar er ekki ólíklegt að þarna hafi verið mylla.
**Lýsing**
Tóftin liggur alveg fram á árbakkanum og snýr norður/suður. Engar dyr sjást á henni en niðurgröftur liggur að tóftinni úr suðri og frá henni til vesturs. Hún er um 3x4m að utanmáli, hæð veggja um 30sm og eru þeir algrónir grasi og mosa og er tóftin sokkin í gras.



**Mynd 51. Horft er frá Efri-Harrastöðum til norðvesturs yfir í Neðri-Harrastaði, mógrafirnar (nr. 32) eru fyrir miðri mynd.**

**Neðri-Harrastaðir-32**

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Niðurgröftur.

**Staðhættir**

**Lýsing**

Á merkjum milli Efri- og Neðri-Harrastaða eru mógrafir. Svæðið er í tvennu lagi og skerst í sundur af skurði sem liggur á merkjum jarðanna.

**Lýsing**

Mógrafarsvæðið norðan skurðarins, Neðri-Harrastaðamegin, er heldur minna en það sem er Harrastaðamegin merkja eða um 35x40m að utanmáli. En sunnan merkja er það um 55x55m að utanmáli en bæði svæðin eru þó óregluleg að lögun. Grafirnar eru grasi grónar og mest um 1,5m á dýpt.




**Neðri-Harrastaðir-33**
**Hlutverk:** Mótóft
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á merkjum milli Efri- og Neðri-Harrastaða eru mógrafir og norðvestan þeirra eru fernar mótóftir sem liggja í röð frá norðri til suðurs.
**Lýsing**
Nyrsta mótóftin er 6x9m að utanmáli og hæð veggja um 10-30sm á hæð, lægstir til vesturs. Tóftin snýr nálega austur/vestur og sker sig úr umhverfi gróin dökkgrænu grasi og mosa, veggir eru að hluta komnir í þúfur.

**Neðri-Harrastaðir-34**
**Hlutverk:** Mótóft
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á merkjum milli Efri- og Neðri-Harrastaða eru mógrafir og norðvestan þeirra eru fernar mótóftir sem liggja í röð frá norðri til suðurs.
**Lýsing**
Önnur tóftin að norðan er tvískipt, hún liggur ana/VSV og er 4x9m að utanmáli. Veggir eru fremur lágir um 10-30sm á hæð, grónir grasi og mosa og hlaupnir í þúfur en tóftin samt vel greinileg í landslagi og stendur nokkuð hærra en landið umhverfis.

**Neðri-Harrastaðir-35**
**Hlutverk:** Mótóft
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á merkjum milli Efri- og Neðri-Harrastaða eru mógrafir og norðvestan þeirra eru fernar mótóftir sem liggja í röð frá norðri til suðurs.
**Lýsing**
Þriðja tóftin að norðan er rétt tæpa 20m norður af landamerkjum. Hún liggur austur/vestur og er 4x8m að utanmáli. Veggir eru 10-30sm háir, grónir grasi og mosa og hlaupnir í þúfur.

**Neðri-Harrastaðir-36**
**Hlutverk:** Mótóft
**Tegund:** Tóft
**Staðhættir**
Á merkjum milli Efri- og Neðri-Harrastaða eru mógrafir og norðvestan þeirra eru fernar mótóftir sem liggja í röð frá norðri til suðurs.
**Lýsing**
Syðsta tóftin er 12m norður af merkjum Efri-Harrastaða og Keldulands. Hún snýr ANA/VSV og er um 3,5x5,5m að utanmáli og er hæð veggja um 10-20sm. Hún er algróin grasi og mosa og veggir eru komnir í þúfur, rof er í veggjum sem gróið hefur yfir og tóftinni ekki talin stafa hætta af frekara rofi.

## Horfnar minjar og óskráðar

**Neðri-Harrastaðir-37**
**Sérheiti:** Harrastaðavík
**Hlutverk:** Naust
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá er eftirfarandi lýsing: „Syðst þar sem landamerki milli Harrastaða og Háagerðis liggja að sjó er hamar, sem sjór fellur að. Í þennan hamar er hellisskúti, nefndur Gullhellir. – Næsta vík að norðan er Gullhellisvík, þá Djúpavík og liggja að þessum víkum allháir bakkar og sennilega ekki lægri en 10-12 metra háir. Næst fyrir norðan er vík sem ber nafnið Harrastaðavík. Þaðan var oft róið til fiskjar áður, en lending var ekki góð.“ (ÖS: 1). Samkvæmt heimildamanni Reyni Davíðssyni mundi hann eftir nausti í Harrastaðavík sem að nú er farið í sjó.
**Aðrar upplýsingar**
Í jarðabók frá 1708 segir að heimræði hafi verið, lending brimsöm og því er heimræði einungis yfir sumartímann (JÁM VIII: 457).

## Samantekt og niðurstöður

Alls voru skráðar 187 minjar á jörðunum fjórum og þar af voru 26 minjar sem ekki sáust á yfirborði en voru staðsettar með upplýsingum frá heimildamönnum eða af túnakortum. Alls voru 21 minjar sem fundust ekki á vettvangi eða ekki tókst að staðsetja með viðunandi nákvæmni. Eins og sjá má í töflunni hér að neðan var heildarhlutfall horfinna og óstaðsettra minja alls 25% og voru langflestar þeirra minjar sem staðið höfðu innan eða í nágrenni túna.

Flestar minjanna sem skráðar voru eru búsetuminjar frá 19. og 20. öld s.s. útihús, stekkir og réttir og mógrafir svo eitthvað sé nefnt. Töluvert var þó af eldri minjum og má þar nefna Hólkot, fornbýli í landi Efri-Harrastaða, fornbýli eða forn nytjaeining í Keldulandi og minjar á svonefndum Gerðum þar sem mögulegt er að búseta hafi verið auk gamalla minja við eyðibýlin Hafsvelli og Jeríkó. Gamlar minjar eru einnig við sjó í landi Neðri-Harrastaða, naust, sjóbúðir og landbúnaðarminjar á svonefndum Harrastaðabergum. Þær tilheyrðu áður Harrastöðum og gera enn í sögulegu samhengi en eru í dag í landi Neðri-Harrastaða og eru hér skráðar svo. Eyðijörðin Hafsvellir er í dag í landi Keldulands og minjar sem tilheyrðu henni fylgja Keldulandi í fornleifaskráningunni en eru einnig merktar Hafsvöllum í titli.

| Jörð | Fjöldi fornleifa | Staðsettar horfnar minjar | Óstaðsettar minjar | Hlutfall horfinna/-óstaðsettra minja |
|---|---|---|---|---|
| Kelduland | 70 | 6 | 9 | 21% |
| Brandaskarð | 24 | 5 | 1 | 25% |
| Efri-Harrastaðir | 57 | 10 | 10 | 35% |
| Neðri-Harrastaðir | 37 | 5 | 1 | 16% |
| **Alls** | **188*** | **26** | **21** | **25%** |

*Hér er átt við allar minjar sem skráðar voru upp úr heimildum og sem fundust á vettvangi.

### Minjar í landi Keldulands

Búið er að rífa gamla bæinn **(nr. 1)** á Keldulandi en dældir sjást enn á bæjarhólnum og gat Óli Albertsson fyrrum bóndi bent á hvar baðstofan hefði staðið. Minjar innan túns og við það eru að mestu vel varðveittar. Þótt búið sé að rífa gamla bæinn þá sést enn tóft fjárhúsa með hlöðu **(nr. 5)** í túninu sunnan bæjarlækjar, túngarður (**nr. 7**) umlykur túnið norðan bæjarlækjar en er horfinn sunnan hans. Mylla **(nr. 11)** var við syðri bæjarlækinn, hún er horfinn en heimildamaður gat bent með vissu á hvar hún stóð. Beðasléttur **(nr. 8, 9, 10)** sjást á þremur stöðum í túni og norðaustan við bæjarhólinn er þúst sem nefnd er Barnaþúfa **(nr. 60)** að líkindum leifar mannvirkis en nafngiftin er sögð stafa af því að þar hefðu sést börn að leik sem ekki voru mennsk. Austur frá túninu er gömul leið fjárgata (**nr. 59**) sem einnig var sagt að hefði verið notuð þegar farið var í Geldingaskarð, hún liggur yfir í Álfhólsland og þaðan yfir í land Steinnýjarstaða. Rétt utan við norðausturhorn túngarðsins eru kvíatóftir **(nr. 13)** í svonefndu Kvíabóli. Norðan við gamla túnið er hóll sem nefndur er Karrahóll og á honum hesthústóft **(nr. 14).** Suðvestan við túnið er áveituskurður **(nr. 15)** og heitir þar Veita en sunnan hennar er svonefndur Nátthagi en þar eru tvennar tóftir **(nr. 16, 17)**. Suðaustan túnsins er tóft **(nr. 6)** sem heimildamaður sagði að hefði gegnt mismunandi hlutverkum og verið fjárhús, hesthús og hænsnakofi. Nokkuð sunnan við túnið var matjurtagarður **(nr. 12)** og garðlögin utan um hann standa enn. Norður frá túninu eru þrennar mótóftir og mógrafir **(nr. 21-24)** og ná þær næstum norður að landamerkjum. Norður af íbúðarhúsinu er Stekkjarmelur og vestur undir honum stekkjartóft **(nr. 28).** Austan Stekkjarmels er Mómelur og vestur undir

honum eru mógrafir **(nr. 27)**. Norðaustan við Mómel eru svonefnd Gerði eða Efra- **(nr. 19)** og Neðra- **(nr. 18)** Gerði og tóftir á hvoru Gerðinu fyrir sig. Vestur undir Stekkjamel er stekkjartóft **(nr. 25)** og norðvestur af henni eru litlar mógrafir **(nr. 26)**. Á milli heimreiðar að sunnan og Hafsvallaár er torftökusvæði **(nr. 29)**. Eru þá taldar minjar þær sem liggja norðan við Hafsvallaá sem fyrrum skipti löndum Hafsvalla og Keldulands. Búið er rífa og slétta yfir flestar minjar í gamla Hafsvallatúninu. Nyrst og austast í túninu, sunnan Hafsvallaár eru mógrafir **(nr. 30)** og syðst og austast hávaði (**nr. 30**) þar sem bærinn stóð en sléttað hefur verið yfir aðrar minjar í túninu. Austan við túnið er tóft **(nr. 38)**, hugsanlega stekkur eða kvíar og norðaustan við hana garðlag **(nr. 39)**. Tvennar tóftir **(nr. 36, 37**) sem virðast fornar eru suður af túninu og suðvestur af túninu eru tóftir sem nefnst Jeríkó en þar var búið um tíma og síðar var þar beitarhús **(nr. 40-43)**. Vörðumelur er skammt norður af landamerkjum við Brandaskarð og á honum tvær vörður **(nr. 44, 45)**. Vestur af honum er gamalt býli **(nr. 46-49)** eða einhvers konar nytjaeining, tóftir sem eru fornar að sjá, garðlag og við það þrennar tóftir. Sunnar og vestarlega á jörðinni eru tvennar vörður **(nr. 57-58)** á svonefndu Tvívörðuholti. Vestur af Hafsvallatúninu og suður af Hafsvallaá heita Brúnir og á þeim eru nokkrar vörður **(nr. 50-54)** sem markað hafa leiðina heim að Keldulandi.

***Minjar í hættu***

*Engar minjar voru skráðar í sérstakri hættu í Keldulandi en þó ber að taka fram að minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær geti orðið fyrir skemmdum.*

**Minjar í landi Brandaskarðs**

Skráðar fornleifar í landi Brandaskarðs voru alls 24 þar af var ein fornleif horfin og staðsetning hennar ekki þekkt. Ritaðar heimildir um minjar á jörðinni voru af skornum skammti og örnefnaskrá fremur rýr. Flestar minjanna voru utan túns en innan þess er bæjarhóllinn **(nr. 1)** þó enn vel greinilegur þó búið sé að slétta yfir minjar sem þar stóðu. Frá honum lá heimreiðin **(nr. 4)** sem enn sést greinilega á köflum suðvestur og vestur af bæjarhólnum. Sunnar í gamla túninu, sunnan bæjarlækjar eru tóftir fjárhúsa **(nr. 3)** og við þau hefur verið hlaða. Við túnjaðarinn að sunnanverðu sést túngarðurinn **(nr. 11)** enn á kafla og í suðausturhorni túnsins eins og það er í dag eru tóft, hugsanlega útihúsa, og ógreinilegri þúst sem líklega eru leifar mannvirkis. Austan við heimatúnið eins og það er í dag er grjóthlaðin rétt **(nr. 8)** og norðaustur af túninu er stekkjartóft sem tilheyrir þeim hluta minja sem er utan túns. Norðarlega í landi Brandaskarðs er varða **(nr. 23)** á mel sem nefnist Vörðumelur og nær bænum er steinlögn **(nr. 22)** sem virðist manngerð en hlutverk hennar og aldur óþekkt. Sunnan túns, upp með Harrastaðaá eru fernar tóftir og eru þrjár þeirra að líkindum stekkjatóftir **(14, 15, 16)** en óvíst er með þá fjórðu **(nr. 17)** þar sem að hún fannst ekki við vettvangsskráningu 2009 en verður skráð síðar. Enn ofar í Brandaskarði við svonefndan Gildrumel eru nokkuð umfangsmiklar mógrafir **(nr. 18)** og þrennar mótóftir **(nr. 19-21).**

***Minjar í hættu***

*Tvær fornleifar í Brandaskarðslandi voru taldar í hættu, annarsvegar rétt sem liggur í túnjaðri og girðing yfir hana að hluta. Henni gæti stafað hætta af viðgerðum á girðingum. Munnleg heimild er um kot vestan við nýja íbúðarhúsið á Brandaskarði sem nefnt var*

*Brandaskarðskot. Býlið er horfið en minjar geta leynst undir yfirborði og eru minjar kotsins hér skráðar í hættu vegna nálægðar við framkvæmdasvæði vegna byggingar íbúðarhúss og lóðagerðar. Minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær geti orðið fyrir skemmdum.*

| Nr. | Fvnr. | Tegund | Hlutverk | Hættumat | Hættuorsök |
|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 12216 | Garðlag | Rétt | Hætta | Rasks |
| 12 | 12220 | Heimild | Híbýli | Hætta | Byggingaframkvæmdir |

**Minjar í landi Efri-Harrastaða**

Búið er að rífa gamla bæinn **(nr. 1)** á Harrastöðum en hann stóð þar sem fjósið stendur nú. Norðvestan við húsin, norðan bæjarlækjar er Harrahóll **(nr. 8)** en á honum hvílir sú sögn að þar hvíli landnámsmaður að nafni Harri jafnvel með báti og tilheyrandi. Austur af bænum var fjárhús **(nr. 9)** og sjást þar tóftaleifar í túni. Sunnan Harrastaðaár en austan heimreiðar eru tóftir kartöflugeymslu **(nr. 14)** og nokkru austar standa leifar steinsteypts fjárhúss en við það var fjós **(nr. 12)** sem stendur sæmilega. Þar nokkru austar er hesthústóft með stæðilegum veggjum hlöðnum úr torfi- og grjóti **(nr. 13)**. Austur undir merkjum Efri-Harrastaða og Brandaskarðs eru tvennar tóftir, stekkjar **(nr. 15)** og tóftar **(nr. 16)**. Norður af tóftunum er varða **(nr. 17)** og nyrst á merkjum Efri- og Neðri-Harrastaða eru mógrafir **(nr. 18)** sem eru að hluta í landi Neðri-Harrastaða og að hluta í landi Efri-Harrastaða. Ofarlega í Brandaskarði í óskiptu landi Harrastaðajarðanna eru seltóftir **(nr. 20-24)** sem ýmist hefur verið nefnt Harrastaðasel eða Háagerðissel, nálægt selinu, norðan Finnsstaðatjarnar er tóft **(nr. 25)** og norðaustur og suðaustur af henni vörður **(nr. 26, 27)** sem líklega eru báðar merkjavörður. Neðar (vestar) í skarðinu er Miðhryggur og á honum er varða **(nr. 28)**. Nokkru vestan við Miðhrygg eru mógrafir **(nr. 29)** og enn vestar þar sem að Harrastaðá beygir til norðurs í átt að Brandaskarðsbænum er varða **(nr. 30)**. Syðst í landi Efri-Harrastaða á landamerkjum við Sveitafélagið Skagaströnd er fornbýlið Hólkot **(nr. 31-42)** en þar eru töluverðar minjar, tóftir og túngarðar sem ekki virðast allar frá sama tíma. Vestan þeirra, nær þjóðvegi er grasi gróinn hóll **(nr. 43)** sem ber þess merki að þar hafi staðið mannvirki sem nú er horfið. Vestan þjóðvegar eru tvennar tóftir **(nr. 44, 45)** en þær síðarnefndu eru af fjárhúsi sem reist var eftir miðja 20.öld. Vestar og nær sjónum er grjóthleðsla **(nr. 46)** sem virðist manngerð. Eru þá upptaldar þær minjar sem fundust við skráningu í Harrastaðalandi.

***Minjar í hættu***

*Minjum í landi Efri-Harrastaða eru almennt ekki taldar í hættu en minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær geti orðið fyrir skemmdum.*

**Minjar í landi Neðri-Harrastaða/Harrastaðakots**

Gamli bærinn í Harrastaðakoti **(nr. 1)** stóð þar sem íbúðarhúsið á Neðri-Harrastöðum er í dag og er hann nú horfinn. Vestan íbúðarhúss, upp við þjóðveginn er tóft og þúst (**nr. 3-4**) og heimreiðin sést á kafla vestur af bænum **(nr. 6)**. Á suðurbakka Harrastaðaár er tóft (**nr. 31**) sem gæti verið mylltutóft, eru þá upp taldar þær minjar sem sjást á yfirborði austan þjóðvegar.

Vestan vegar eru svonefnd Harrastaðaberg og sunnarlega á þeim er tóft **(nr. 21)** gömul að sjá og við hana kofi **(nr. 20)** og hleðslur **(nr. 22)**. Undir berginu syðst er grjóthlaðin stekkjartóft **(nr. 15)** og við hana garð- eða veggjalag **(nr. 17)** og kofatóftir **(nr. 18-19)** upp á milli berganna. Suðaustur af stekkjartóftinni er niðurgröftur **(nr. 16)**. Syðst og vestast í landi Neðri-Harrastaða á norðurbakka Harrastaðaár eru tvennir matjurtagarðar **(nr. 10, 11)** og tvær stekkjartóftir **(nr. 8, 9)** austar með ánni. Norðar með sjónum eru tvennar tóftir og þúst **(nr. 12-14)** líklega naust. Enn norðar er Hvalbúðarnes og á því minjar **(nr. 23-28)** að líkindum flestar tengdar sjósókn. Enn norðar um miðja vegu milli sjávar og þjóðvegar er varða **(nr. 29)** á Sævarholti. Á merkjum við Efri- og Neðri-Harrastaða eru mógrafir og mótóftir (**nr. 32-36**). Mógrafirnar eru beggja vegna merkja en mótóftirnar eru allar í landi Neðri-Harrastaða.

***Minjar í hættu***

*Neðri-Harrastaðir eiga land að sjó og eru minjar sem skráðar eru í töflunni hér að neðan taldar í hættu vegna landbrots. Öðrum minjum á jörðinni eru almennt ekki taldar í hættu en minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu.*

| Nr. | Fvnr. | Tegund | Hlutverk | Hættumat | Hættuorsök |
|---|---|---|---|---|---|
| 11 | 12242 | Garðlag | Matjurtagarður | Hætta | Landbrot |
| 12 | 12243 | Þúst | Óþekkt | Hætta | Landbrot |
| 13 | 12244 | Tóft | Naust | Hætta | Landbrot |
| 14 | 12245 | Tóft | Naust | Hætta | Landbrot |
| 25 | 12256 | Tóft | Óþekkt | Hætta | Landbrot |
| 26 | 12257 | Tóft | Búð | Hætta | Landbrot |
| 28 | 12259 | Tóft | Óþekkt | Hætta | Landbrot |

## Áhugaverðar minjar til rannsókna

Töluvert er af vel varðveittum minjum og minjaheildum í landi ofanskráðra jarða sem væru áhugavert rannsóknarefni í byggðasögulegu samhengi, þar má einkum nefna:

- Harrastaða-/Háagerðissel (**nr. 19-25**) í Brandaskarði sem er vel varðveitt minjaheild þar sem aldur minjanna benda til að þar hafi land verið nytjað um langt skeið.
- Fornbýlið Hólkot (**nr. 31-42**) í landi Efri-Harrastaða, einnig vel varðveitt minjaheild fornbýlis þar sem útlit minja bendir til þess að þar hafi verið búseta um langt skeið.
- Fornt eyðibýli eða nytjaeining (**nr. 46-49**) í landi eyðibýlisins Hafsvalla (Keldulandi) en heillegt garðlag (túngarður) og tóftir virðast forn en engar minjar benda þó til búsetu.
- Fornar tóftir eru við Hafsvallatún (**nr. 36-37**) og við kot það sem nefnt var Jeríkó (**nr. 40-43**).
- Efra-Gerði (**nr. 19**) er í landi Keldulands og þar er nokkuð umfangsmikil tóft og fylgja þau munnmæli að þar hafi á einhverjum tíma verið búseta.

Land Neðri-Harrastaða nær að sjó og þar eru gamlar minjar sem tengjast sjósókn:

- Sunnarlega á jörðinni eru gamlar tóftir sem gætu verið naust (**nr. 12-14**).

- Og norðar á svonefndu Hvalbúðanesi (**nr. 23-28**) eru búðartóftir og fleiri minjar sem tengjast sjósókn en örnefnið bendir til þess að þar hafi verið stundaðar hvalveiðar.

Heillegar búsetuminjar eru minnisvarðar um sögu einstakra byggða eða svæða, fornra búskapar- og atvinnuhátta. Þær geta því hentað vel til frekari kynningar og fræðslu t.d. við útikennslu og fræðslu grunnskólabarna og í tengslum við menningartengda ferðaþjónustu.

## Niðurlag

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með heildarskráningu fornleifa innan sveitarfélagsins skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt. Fornleifaskráningu er þó í raun aldrei lokið og staðir geta bæst við síðar sem einhverra hluta vegna hafa farið framhjá skrásetjurum við vettvangsskoðun. Þeim minjum þarf þá að bæta inn á fornleifaskrána.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning þeirra er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða öðrum ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

# Heimildaskrá

Björn Lárusson (1967). *The Old Icelandic Land Registers.* Lund University: Lund.

*Húnaþing II* (1978). Ritnefnd: Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson. Búnaðarsamband Austur- Húnvetninga o.fl.: Akureyri.

*Íslenzkt Fornbréfasafn IV.* (1897). Hið íslenzka bókmenntafélag: Kaupmannahöfn.

*Íslenzkt Fornbréfasafn III.* (1896). Hið íslenzka bókmenntafélag: Kaupmannahöfn.

*Íslenzkt Fornbréfasafn IX.* (1909-1913). Hið íslenzka bókmenntafélag: Reykjavík.

*Íslenzkt Fornbréfasafn V.* (1899-1902). Hið íslenzka bókmenntafélag: Kaupmannahöfn og Reykjavík.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII.* (1926). Hið íslenzka fræðafjélag: Kaupmannahöfn.

*Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr Búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* (1847). Útgefandi: J.Johnsen: Kaupmannahöfn.

Magnús Björnsson (1954). Íslendingaþættir. Í *Tímanum*, tbl. 108. Reykjavík.

*Ný jarðabók fyrir Ísland samin eptir tilskipun 27. maí mánuðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861.* (1861). Jarðabókaútgáfan: Kaupmannahöfn.

Páll Kolka (1950). *Föðurtún.* Útgefandi: P. V. G. Kolka: Reykjavík.

*Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 I - Húnavatnssýsla.* (1950). Hið íslenzka bókmenntafélag: Akureyri.

### Óprentaðar heimildir

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. http://manntal.is/. Skoðað þann 10.02.2010-11.02.2010.

Túnakort Brandaskarðs. Höf óþekktur. Þjóðskjalasafn Íslands: Reykjavík.

Túnakort Harrastaða. Höf óþekktur. Þjóðskjalasafn Íslands: Reykjavík.

Túnakort Keldulands. Höf óþekktur. Þjóðskjalasafn Íslands: Reykjavík.

Úttektarbók Vindhælishrepps (1868), Brandaskarð, skjal nr. 32. Handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

Úttektarbók Vindhælishrepps (1869), Harrastaðir skjal nr. 41. Handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

Úttektarbók Vindhælishrepps (1870), Harrastaðir. Handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

Úttektarbók Vindhælishrepps (1873), Kelduland. Handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

Úttektarbók Vindhælishrepps (1875), Hrafnsvellir. Handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

Úttektarbók Vindhælishrepps (1887), Harrastaðir. Handrit á Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu.

**(ÖS)** Örnefnaskrá Brandaskarðs. Andrés Guðjónsson skráði, 1959. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík. (ÖS)

**(ÖS)** Örnefnaskrá Harrastaða og Harrastaðakots. Andrés Guðjónsson skráði, 1959. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

**(ÖSA)** Örnefnaskrá Harrastaða og Harrastaðakots: Athugasemdir og viðbætur. Gunnlaugur Björnsson skráði, 1975. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

**(ÖS1)** Örnefnaskrá Keldulands. Jón Ól. Benónýsson skráði (e.1960). Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

**(ÖS2)** Örnefnaskrá Keldulands: Athugasemdir og viðbætur Óla Albertssonar. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

(**ÖS3**) Örnefnaskrá Keldulands: Athugasemdir og viðbætur Jóns Ól. Benónýssonar (1982). Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

(**ÖS4**) Örnefnaskrá Keldulands: Athugasemdir og viðbætur Jóns Ól. Benónýssonar (1981) og Óla Albertssonar (1982). Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

**(ÖS5)** Örnefnaskrá Keldulands: Svör við spurningum. Óli Albertsson (1982). Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

## Heimildamenn

Gunnlaugur Sigmarsson (f. 1949), uppalinn á Efri-Harrastöðum.

Jens Jónsson (f. 1965) bóndi Brandaskarði.

Jón Vilhjálmsson (1931) fyrrum bóndi Brandaskarði.

Óli Albertsson (f. 1941) fyrrum bóndi á Keldulandi.

Reynir Davíðsson (f. 1940) bóndi Neðri-Harrastöðum.

# Fylgiskjöl



Kelduland-yfirlitsmynd
N
23
24
22
21
26
25
18
19-20
14
13
15
59
61
8
1-3, 7,11
28
27
9
60
4
16-17
Mómelur
Húsamýri
10
5
6
Húsamelur
29
Kelduland
12
53
54
32
34
33
39
43
42
38
51
55
30-31
36
40-41
37
35
Neðri-Harrastaðir
56
52
50
46-49
Vörðu-
melur
44
45
58
Tvívörðuholt
57
Brandaskarð
Efri-
Harrastaðir
0
250
500
1.000
1.500
m

| Nr | Fvnr | Sérheiti | Tegund | Annað | Hlutverk | Annað | Aldur frá | Aldur til | Ástand | Horfin v. | Hættumat | Hætta v. | Veggh.frá | Veggh.til | Veggbr. | Gróður | Austun | Norðun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 12144 | Gamlabæjarhóll | Hóll og dældir | | Híbýli | | 900 | 1900 | Sést ekki | Sléttunar | | | 0,0 | 0,0 | | Gras | 441358,95 | 599655,88 |
| 2 | 12145 | | Dæld | | Fjós | | 1800 | 1900 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,1 | 0,1 | | Gras | 441351,83 | 599654,76 |
| 3 | 12146 | | Dæld | | Hesthús | | 1800 | 1900 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,1 | 0,1 | | Gras | 441340,52 | 599655,02 |
| 4 | 12147 | | Heimild | | Tröð | | 0 | 1900 | Sést ekki | Sléttunar | | | 0,0 | 0,0 | | | 441406,50 | 599607,09 |
| 5 | 12148 | | Tóft | | Fjárhús | | 1800 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 1,2 | | | 441373,13 | 599544,22 |
| 6 | 12149 | | Tóft | | Fjárhús | | 1800 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,2 | 1,0 | | Gras | 441443,37 | 599529,88 |
| 7 | 12150 | | Garðlag | | Túngarður | | 1700 | 1800 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,4 | 1,5 | 1,60 | Gras | 441321,20 | 599718,74 |
| 8 | 12151 | | Beðasléttur | | Jarðvinnsla | | 1900 | 0 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,0 | | Gras | 441306,90 | 599657,87 |
| 9 | 12152 | | Beðasléttur | | Jarðvinnsla | | 1900 | 0 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,0 | | Gras | 441244,00 | 599618,60 |
| 10 | 12153 | | Beðasléttur | | Jarðvinnsla | | 1900 | 0 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,0 | | Gras | 441343,35 | 599559,29 |
| 11 | 12154 | Mylluhóll | Heimild | | Mylla | | 800 | 1900 | Sést ekki | Ekki vitað | | | 0,0 | 0,0 | | | 441312,79 | 599602,11 |
| 12 | 12155 | | Garðlag | | Matjurtagarður | | 1900 | 0 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,0 | | | 441376,54 | 599371,94 |
| 13 | 12156 | Kvíaból | Garðlag | | Kvíar | | 1800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,4 | 0,5 | | Gras | 441423,85 | 599720,78 |
| 14 | 12157 | Karrahóll | Tóft | | Hesthús | Óþekkt | 1700 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,5 | | Gras | 441251,53 | 599780,25 |
| 15 | 12158 | Veita | Niðurgröftur | Skurður | Áveita | | 1900 | 0 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,4 | 0,70 | Gras | 441180,56 | 599715,27 |
| 16 | 12159 | Nátthagi | Tóft | | Óþekkt | | 1800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,5 | 0,6 | | Gras | 441190,19 | 599615,98 |
| 17 | 12160 | Nátthagi | Garðlag | | Rétt | Fjárborg | 1400 | 1800 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,4 | 0,6 | | Gras | 441164,82 | 599610,09 |
| 18 | 12161 | Neðra-Gerði | Garðlag | | Óþekkt | Rétt, mótóft | 800 | 1800 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,4 | 0,6 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 440925,75 | 599748,78 |
| 19 | 12162 | Efra-Gerði | Tóft | | Óþekkt | Híbýli | 1700 | 1800 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,4 | 0,5 | | Gras | 441022,24 | 599751,76 |
| 20 | 12163 | Efra-Gerði | Tóft | | Óþekkt | Híbýli | 1800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,4 | 0,5 | | Gras | 441015,03 | 599746,16 |
| 21 | 12164 | | Þúst | | Mókofi | | 1900 | 0 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,3 | | Gras, mosi | 441135,12 | 599838,04 |
| 22 | 12165 | | Tóft | | Mókofi | | 1900 | 0 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,2 | 0,3 | | Gras og mosi | 441136,02 | 599996,27 |
| 23 | 12166 | | Tóft | | Mókofi | | 1900 | 0 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,4 | | Gras og mosi | 441063,15 | 600175,47 |
| 24 | 12167 | Mólaut | Niðurgröftur | | Mógrafir | | 1800 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 1,5 | | | 441067,89 | 600090,34 |
| 25 | 12168 | | Tóft | | Stekkur | | 1700 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,4 | 0,6 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 440615,83 | 599812,44 |
| 26 | 12169 | | Niðurgröftur | | Mógröf | | 1800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,3 | | | 440582,51 | 599855,48 |
| 27 | 12170 | Mómelur | Niðurgröftur | | Mógrafir | | 800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,0 | | | 440834,59 | 599642,22 |
| 28 | 12171 | Stekkjarbrekka | Tóft | | Stekkur | | 1700 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,5 | 0,7 | | Gras og mosi | 440712,28 | 599572,83 |
| 29 | 12172 | | Niðurgröftur | | Náma | | 1900 | 0 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,1 | 0,2 | | Gras | 440576,78 | 599382,87 |
| 30 | 12173 | Hafsvellir | Bæjarstæði | | Hryggur | | 900 | 1900 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | | 0,1 | | Gras | 441464,21 | 598949,56 |
| 31 | 12174 | | Fjárhús | | Heimild | | 1800 | 1900 | Sést ekki | Sléttunar | | | | | | Gras | 441465,89 | 598947,01 |
| 32 | 12175 | | Niðurgröftur | | Mógröf | | 1700 | 1800 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,2 | 0,5 | | Gras | 441463,98 | 599147,83 |
| 33 | 12176 | Mótóft | Heimild | | Fjárhús | | 1800 | 1900 | Sést ekki | Sléttunar | | | 0,0 | 0,0 | | Gras | 441432,93 | 599098,94 |
| 34 | 12177 | | Niðurgröftur | | Heytóft | Óþekkt | 1800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,0 | | Gras | 441365,07 | 599055,17 |
| 35 | 12178 | Brunnhús | Heimild | | Brunnhús | | 1700 | 1900 | Sést ekki | Rasks | | | 0,0 | 0,0 | | Gras | 441486,01 | 598895,73 |
| 36 | 12179 | | Tóft | | Óþekkt | Rétt | 1400 | 1800 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,5 | | | 441429,15 | 598916,28 |
| 37 | 12180 | | Tóft | | Óþekkt | | 1400 | 1800 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,4 | 0,6 | | | 441436,38 | 598905,59 |
| 38 | 12181 | | Tóft | | Stekkur | Kvíar | 1700 | 1800 | vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,4 | 0,6 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 441507,77 | 599013,63 |
| 39 | 12182 | | Garðlag | | Óþekkt | | 1000 | 1800 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,7 | 0,8 | | Mosi og lyng | 441523,17 | 599034,62 |
| 40 | 12183 | Jeríkó | Tóft | | Beitarhús | | 1800 | 1900 | vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,4 | | Gras | 441299,98 | 598948,00 |
| 41 | 12184 | Jeríkó | Tóft/Heimild | | Híbýli | | 1200 | 1900 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,0 | | Gras | 441300,53 | 598947,53 |
| 42 | 12185 | Jeríkó | Tóft | | Fjárhús | | 1400 | 1800 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,2 | 0,3 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 441313,53 | 598960,65 |
| 43 | 12186 | Jeríkó | Tóft | | Óþekkt | | 1200 | 1800 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,1 | 0,3 | | Gras og mosi | 441301,57 | 598977,65 |
| 44 | 12187 | Vörðumelur | Varða | | Kennimark | | 800 | 1900 | Heilleg | | Engin hætta | | 0,7 | 0,8 | | | 441860,60 | 598452,53 |
| 45 | 12188 | Vörðumelur | Varða | | Kennimark | | 800 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,4 | 1,4 | | | 441881,84 | 598426,94 |
| 46 | 12189 | | Garðlag | | Túngarður | | 1000 | 1700 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,4 | 0,6 | | Mosi og lyng | 441578,84 | 598524,58 |
| 47 | 12190 | | Tóft | | Óþekkt | | 1000 | 1700 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,4 | | Gras, mosi, lyng | 441606,14 | 598509,09 |
| 48 | 12191 | Hafsvallastekkur | Tóft | | Stekkur | | 1000 | 1700 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,4 | | Gras, mosi | 441594,33 | 598500,55 |
| 49 | 12192 | | Tóft | | Óþekkt | | 1000 | 1700 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,4 | | Gras, mosi, lyng | 441557,03 | 598521,55 |

| Nr | Fvnr | Sérheiti | Tegund | Annað | Hlutverk | Annað | Aldur frá | Aldur til | Ástand | Horfin v. | Hættumat | Hætta v. | Veggh.frá | Veggh.til | Veggbr. | Gróður | Austun | Norðun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 50 | 12193 | Syðstavarða | Varða | | Kennimark | | 1000 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,8 | 1,0 | | | 441260,44 | 598698,24 |
| 51 | 12194 | Brúnavörður | Varða | | Kennimark | | 800 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,5 | | Lyng | 441133,99 | 598934,73 |
| 52 | 12195 | Brúnavörður | Varða | | Kennimark | | 800 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,6 | 0,0 | | | 441074,28 | 598766,76 |
| 53 | 12196 | Brúnavörður | Varða | | Kennimark | | 800 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,4 | 0,7 | | Lyng | 440735,89 | 599201,97 |
| 54 | 12197 | Brúnavörður | Varða | | Kennimark | | 800 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,8 | 0,9 | | Lynggróður | 441002,80 | 599164,52 |
| 55 | 12198 | Danskavarða | Varða | | Kennimark | | 800 | 1900 | Heilleg | | Engin hætta | | 0,0 | 1,0 | | Lyng, gras | 440900,65 | 598963,01 |
| 56 | 12199 | | Niðurgröftur | | Mógröf | | 1800 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 1,5 | | | 440704,10 | 598704,94 |
| 57 | 12200 | Tvívörðuholt | Varða | | Kennimark | | 800 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,4 | | Gróðurvana | 440805,13 | 598342,27 |
| 58 | 12201 | Tvívörðuholt | Varða | | Kennimark | | 800 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,4 | 0,5 | | Gróðurvana | 440803,79 | 598394,22 |
| 59 | 12207 | Götulág | Gata | | Leið | | 800 | 1900 | Greinanleg | | Ómetið | | 0,0 | 0,0 | | | 442814,55 | 600105,89 |
| 60 | 12208 | Barnaþúfa | Þúst | | Álagablettur | | 800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 1,0 | | Gras | 441394,48 | 599669,16 |
| 61 | 12783 | | Varða | | Kennimark | | 800 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | | 0,4 | | | 442010,52 | 599714,21 |



Brandaskarð-yfirlitsmynd
Kelduland
N
23
22
Brandaskarð
Efri-Harrastaðir
13
8
12
5
1-2, 6-7
4
3
9-10
11
14
15
16
17
Harrastaðaá
21
20
19
18
0
250
500
750
m

| Nr | Fvnr | Sérheiti | Tegund | Hlutverk | Annað | Aldur frá | Aldur til | Ástand | Horfin v. | Hættumat | Orsök | Veggh. Frá | Veggh. Til | Breidd | Gróður | Austun | Norðun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 12209 | | Hóll | Híbýli | | 800 | 1900 | Illgreinanleg | Sléttunar | | | 0,0 | 0,0 | | Gras | 441802,83 | 596979,90 |
| 2 | 12210 | | Heimild | Fjós | | 1800 | 1900 | Sést ekki | Sléttunar | | | | | | Gras | 441797,37 | 596976,54 |
| 3 | 12211 | | Tóft | Fjárhús | | 1800 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,4 | 0,7 | | Gras | 441822,51 | 596916,55 |
| 4 | 12212 | | Gata | Heimreið | | 0 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,0 | 2,00 | | 441775,33 | 596954,61 |
| 5 | 12213 | | Heimild | Hesthús | | 1800 | 1900 | Sést ekki | Sléttunar | | | 0,0 | 0,0 | | Gras | 441713,86 | 596958,52 |
| 6 | 12214 | | Heimild | Matjurtagarður | | 1800 | 1900 | Sést ekki | Sléttunar | | | 0,0 | 0,0 | | Gras | 441786,06 | 596973,59 |
| 7 | 12215 | | Heimild | Óþekkt | | 1800 | 1900 | Sést ekki | Sléttunar | | | 0,0 | 0,0 | | Gras | 441797,58 | 596973,59 |
| 8 | 12216 | | Garðlag | Rétt | | 1900 | 0 | Greinanleg | | Hætta | Rasks | 0,3 | 0,6 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 441899,67 | 597044,39 |
| 9 | 12217 | | Tóft | Útihús | | 1700 | 1900 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,1 | 0,3 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 441932,72 | 596874,82 |
| 10 | 12218 | | Þúst | Óþekkt | | 900 | 1800 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,2 | | Gras | 441920,12 | 596869,37 |
| 11 | 12219 | | Garðlag | Túngarður | | 1800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,2 | 0,5 | 2,00 | Gras/mosi/ljónslöpp | 441843,78 | 596855,59 |
| 12 | 12220 | Brandaskarðsskot | Heimild | Híbýli | | 800 | 1700 | Sést ekki | Ekki vitað | Hætta | Byggingaframkvæmdir | 0,0 | 0,0 | | | 441687,19 | 597014,31 |
| 13 | 12221 | | Tóft | Stekkur | | 1800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,6 | | Gras | 441807,07 | 597215,52 |
| 14 | 12222 | | Tóft | Óþekkt | | 1700 | 1900 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,1 | 0,2 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 441902,18 | 596559,14 |
| 15 | 12223 | | Tóft | Stekkur | | 1800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,4 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 441912,49 | 596552,63 |
| 16 | 12224 | Stekkjarhvammur | Tóft | Stekkur | | 1800 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,8 | | Gras | 442006,54 | 596478,67 |
| 17 | 12225 | | Tóft | Óþekkt | | 0 | 0 | Ómetið | | Ómetið | | 0,0 | 0,0 | | | 442105,50 | 596469,81 |
| 18 | 12226 | | Niðurgröftur | Mógrafir | | 1800 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 1,2 | | | 442940,04 | 596093,24 |
| 19 | 12227 | Gildrumelur | Tóft | mókofi | | 1800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,2 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 442803,06 | 596134,39 |
| 20 | 12228 | Gildrumelur | Tóft | mókofi | | 1800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,1 | 3,0 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 442749,42 | 596189,09 |
| 21 | 12229 | | Tóft | mókofi | | 1800 | 1900 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,2 | | Gras | 442677,60 | 596233,33 |
| 22 | 12230 | | Steinalögn | Óþekkt | | 900 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,2 | | | 441963,45 | 597340,04 |
| 23 | 12231 | Vörðumelur | Hleðsla | Kennimark | Varða | 1900 | 0 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,5 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 441763,26 | 597907,99 |



Efri- og Neðri-Harrastaðir-yfirlitsmynd
N
29
Kelduland
33-36
32
18
17
28
24
26
16
15
23
25
27
10
Hvalbúðarnes
Efri-og Neðri-Harrastaðir
1-8
11
Brandaskarð
1-2
9
3-4
7
31
13
6
12
5
14
20-22,30
15-19
12-14
8
9
10
11
44
30
46
43
Hólkot
45
31-42
0 75 150 300 450 600
m



Efri-Harrastaðir og óskipt land Harrastaðajarðanna
N
17
16
15
11
Brandaskarð
13
Efri-Harrastaðir
30
Hólkot
31-42
Óskipt land
Harrastaðajarðanna
Harrastaðasel/
Háagerðissel
19-24
Harrastaðaá
29
28
26
25
27
0
150
300
600
900
1.200
m

| Nr | Fvnr | Sérheiti | Tegund | Annað | Hlutverk | Annað | Aldur til | Aldur frá | Ástand | Horfin v. | Hættumat | Hætta v. | Veggh. til | Veggh.til | Gróður | Austun | Norðun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 12263 | | Heimild | | Híbýli | | 1800 | 1900 | Sést ekki | Niðurrifs | | | 0,0 | 0,0 | | 440996,24 | 597090,77 |
| 2 | 12264 | | Heimild | | Fjós | | 1800 | 1900 | Sést ekki | Byggingaframkvæmda | | | 0,0 | 0,0 | | 441001,71 | 597091,12 |
| 3 | 12265 | | Heimild | | Mókofi | | 1800 | 1900 | Sést ekki | Niðurrifs | | | 0,0 | 0,0 | | 441006,49 | 597091,08 |
| 4 | 12266 | | Heimild | | Öskuhaugur | | 800 | 1900 | Sést ekki | Sléttunar | | | 0,0 | 0,0 | | 440998,14 | 597078,35 |
| 5 | 12267 | | Heimild | | Skemma | | 1960 | 0 | Sést ekki | Niðurrifs | | | 0,0 | 0,0 | | 440988,67 | 597088,16 |
| 6 | 12268 | | Heimild | | Smiðja | | 1800 | 1900 | Sést ekki | Niðurrifs | | | 0,0 | 0,0 | | 440996,46 | 597112,37 |
| 7 | 12269 | | Heimild | | Heimtröð | | 1000 | 1900 | Sést ekki | Framkvæmda | | | 0,0 | 0,0 | | 440996,58 | 597054,10 |
| 8 | 12270 | Harrahóll | Hóll | | Álagablettur | | 900 | 1900 | Heillegar | | Engin hætta | | 0,0 | 1,3 | Gras | 440948,68 | 597124,16 |
| 9 | 12271 | | Tóft | Dældir og hleðslur | Fjárhús | | 1900 | 0 | Illgreinanleg | Niðurrifs | Engin hætta | | 0,0 | 0,1 | | 441075,60 | 597095,27 |
| 10 | 12272 | | Heimild | | Fjárhús | | 1800 | 1900 | Sést ekki | Sléttunar | | | 0,0 | 0,0 | | 441050,39 | 597240,80 |
| 11 | 12273 | | Heimild | | Hesthús | | 1800 | 1900 | Sést ekki | Sléttunar | | | 0,0 | 0,0 | | 441124,87 | 597129,75 |
| 12 | 12274 | | Tóft | | Fjárhús | | 1900 | 0 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 1,6 | Gras | 441046,13 | 596982,61 |
| 13 | 12275 | | Tóft | | Hesthús | | 1900 | 0 | Heilleg | | Engin hætta | | 0,7 | 1,6 | | 441188,24 | 597038,56 |
| 14 | 12276 | | Tóft | | Kartöflugeymsla | | 1900 | 0 | Vel greinanleg | | Ómetið | | 0,0 | 0,0 | | 441015,25 | 596992,51 |
| 15 | 12277 | | Tóft | | Stekkur | | 1800 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,6 | Gras/mosi/ljónslöpp | 441341,92 | 597342,11 |
| 16 | 12278 | | Tóft | | Óþekkt | | 1800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,4 | 0,6 | Gras | 441388,21 | 597378,36 |
| 17 | 12279 | | Varða | | Kennimark | | 1800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,3 | | 441363,98 | 597495,01 |
| 18 | 12280 | | Niðurgröftur | | Mógrafir | | 1700 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,0 | | 441014,53 | 597806,89 |
| 19 | 12281 | | Tóft | Þyrping | Sel | Híbýli | 1800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,9 | Gras/mosi/ljónslöpp | 444566,78 | 596094,25 |
| 20 | 12282 | | Tóft | | Óþekkt | | 1800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,2 | 0,4 | Gras | 444556,20 | 596113,36 |
| 21 | 12283 | | Tóft | | Fjárhús | | 1800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 1,0 | Gras | 444564,00 | 596124,45 |
| 22 | 12284 | | Tóft | | Óþekkt | | 1700 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 1,0 | Gras/mosi/ljónslöpp | 444551,61 | 596131,95 |
| 23 | 12285 | | Tóft | Niðurgröftur | Kvíar | Rétt | 1700 | 1800 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,5 | Gras/mosi/ljónslöpp | 444562,95 | 596079,55 |
| 24 | 12286 | | Tóft | | Óþekkt | | 1600 | 1800 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,6 | Gras/mosi/ljónslöpp | 444558,35 | 596076,32 |
| 25 | 12287 | | Tóft | | Óþekkt | | 800 | 1500 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,1 | 0,3 | Gras/mosi/lyng | 444715,98 | 595889,74 |
| 26 | 12288 | Selhryggur | Varða | | Kennimark | | 800 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,6 | 0,9 | Gróðurvana | 444819,89 | 595991,68 |
| 27 | 12289 | | Varða | | Kennimark | | 800 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,4 | | 444809,46 | 595808,78 |
| 28 | 12290 | Miðhryggur | Hleðsla | | Kennimark | Varða | 800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,3 | | 443935,63 | 595939,49 |
| 29 | 12291 | | Niðurgröftur | | Mógrafir | | 1800 | 1900 | | | Engin hætta | | 0,4 | 0,5 | | 443075,81 | 595963,00 |
| 30 | 12292 | | Varða | | Óþekkt | | 800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,2 | 0,3 | | 441880,21 | 596422,87 |
| 31 | 12293 | Hólkot | Garðlag | | Túngarður | | 1000 | 1700 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,1 | Gras/mosi/ljónslöpp | 441332,37 | 596238,48 |
| 32 | 12294 | Hólkot | Tóft | | Óþekkt | | 1000 | 1700 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,2 | 0,6 | Gras/mosi/ljónslöpp | 441336,55 | 596318,49 |
| 33 | 12295 | Hólkot | Niðurgröftur | | Kolagröf | | 1000 | 1700 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,7 | Gras/mosi/ljónslöpp | 441288,49 | 596319,17 |
| 34 | 12296 | Hólkot | Garðlag | | Óþekkt | | 1000 | 1700 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,2 | 0,5 | Gras/mosi/ljónslöpp | 441333,67 | 596256,51 |
| 35 | 12297 | Hólkot | Tóft | | Óþekkt | | 1000 | 1700 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,5 | Gras/mosi/ljónslöpp | 441327,51 | 596264,83 |
| 36 | 12298 | Hólkot | Tóft | Þyrping | Híbýli | | 1000 | 1700 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,6 | Gras/mosi/ljónslöpp | 441309,91 | 596262,56 |
| 37 | 12299 | Hólkot | Tóft | Þyrping | Óþekkt | | 1000 | 1700 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,2 | 0,5 | Gras/mosi/ljónslöpp | 441309,09 | 596283,15 |
| 38 | 12300 | Hólkot | Tóft | | Óþekkt | | 1000 | 1700 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,6 | Gras/mosi/ljónslöpp | 441278,64 | 596212,28 |
| 39 | 12301 | Hólkot | Tóft | | Óþekkt | | 1000 | 1700 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,6 | Gras/mosi/lyng | 441291,74 | 596197,30 |
| 40 | 12302 | Hólkot | Tóft | | Óþekkt | | 1000 | 1700 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,1 | 0,3 | Gras/mosi/ljónslöpp | 441303,57 | 596205,33 |
| 41 | 12303 | Hólkot | Tóft | | Óþekkt | | 1000 | 1700 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,2 | 0,4 | Gras/mosi/ljónslöpp | 441308,07 | 596194,63 |
| 42 | 12304 | Hólkot | Tóft | | Óþekkt | | 1000 | 1700 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,4 | Gras/mosi/ljónslöpp | 441291,99 | 596183,00 |
| 43 | 12305 | | Hóll | Dæld | Óþekkt | Heystæði | 1900 | 0 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 1,0 | Gras | 440941,36 | 596285,34 |
| 44 | 12306 | | Tóft | Niðurgröftur | Óþekkt | | 1900 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,6 | Gras | 440792,64 | 596404,77 |
| 45 | 12307 | | Hleðsla | Tóft | Fjárhús | | 1900 | 0 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,0 | Gróðurvana | 440779,19 | 596300,91 |
| 46 | 12308 | | Hleðsla | | Kennimark | | 800 | 1900 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,2 | Gróðurvana | 440492,04 | 596314,81 |
| 47 | 12309 | | Heimild | | Brunnhús | | 1700 | 1900 | Sést ekki | Ekki vitað | | | 0,0 | 0,0 | | 440982,05 | 597101,04 |

| Nr | Fvnr | Sérheiti | Tegund | Annað | Hlutverk | Annað | Aldur frá | Aldur til | Ástand | Horfin v. | Hættumat | Hætta v. | Veggh. | Veggh. til | Veggbr. | Gróður | Austun | Norðun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 12232 | Harrastaðakot | Heimild | | Híbýli | | 1700 | 1900 | Sést ekki | Byggingaframkvæmda | | | 0,0 | 0,0 | | | 440829,57 | 597017,12 |
| 2 | 12233 | | Heimild | | Fjós | | 1800 | 1900 | Sést ekki | Niðurrifs | | | 0,0 | 0,0 | | | 440828,82 | 597022,86 |
| 3 | 12234 | | Tóft | | Fjárhús | | 1800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,1 | 0,3 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 440702,39 | 597028,74 |
| 4 | 12235 | | Þúst | | Kofi | | 1800 | 1900 | Sést ekki | Sléttunar | | | 0,0 | 0,0 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 440703,20 | 597026,69 |
| 5 | 12236 | | Heimild | | Matjurtagarður | | 1900 | 0 | Sést ekki | Sléttunar | | | 0,0 | 0,0 | | Er í túni | 440892,52 | 596956,51 |
| 6 | 12237 | | Gata | | Leið | | 1800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,0 | 2,00 | | 440729,00 | 597003,34 |
| 7 | 12238 | | Heimild | | Beðasléttur | | 1900 | | Sést ekki | Sléttunar | | | | | | | | |
| 8 | 12239 | | Tóft | | Stekkur | | 1700 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,2 | 0,4 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 440448,80 | 596560,07 |
| 9 | 12240 | | Tóft | Niðurgröftur | Stekkur | Rétt | 1700 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,1 | 0,5 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 440432,27 | 596533,45 |
| 10 | 12241 | | Garðlag | | Matjurtagarður | | 1900 | 0 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,2 | 0,4 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 440364,81 | 596524,00 |
| 11 | 12242 | | Garðlag | | Matjurtagarður | | 1900 | 0 | Greinanleg | | Hætta | Landbrots | 0,2 | 0,4 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 440285,33 | 596456,69 |
| 12 | 12243 | | Þúst | | Óþekkt | Kofi | 1500 | 1800 | Illgreinanleg | | Hætta | Landbrots | 0,1 | 0,3 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 440294,28 | 596621,28 |
| 13 | 12244 | | Tóft | | Naust | | 1500 | 1800 | Greinanleg | | Hætta | Landbrots | 0,2 | 0,4 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 440293,69 | 596625,60 |
| 14 | 12245 | | Tóft | | Naust | | 1500 | 1800 | Illgreinanleg | | Hætta | Landbrots | 0,0 | 0,3 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 440293,30 | 596630,69 |
| 15 | 12246 | | Tóft | | Stekkur | | 1800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,3 | 0,7 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 440448,33 | 596707,42 |
| 16 | 12247 | | Niðurgröftur | | Óþekkt | | 1700 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,0 | | Gras/mosi/lyng | 440464,02 | 596695,92 |
| 17 | 12248 | | Garðlag | | Óþekkt | | 1600 | 1800 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,2 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 440460,94 | 596715,55 |
| 18 | 12249 | | Tóft | | Óþekkt | | 1600 | 1800 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,1 | 0,3 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 440459,32 | 596723,27 |
| 19 | 12250 | | Tóft | | Óþekkt | Rétt | 1600 | 1800 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,2 | 0,3 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 440464,39 | 596724,14 |
| 20 | 12251 | | Tóft | | Óþekkt | Kofi | 1000 | 1800 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,2 | 0,3 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 440523,08 | 596841,49 |
| 21 | 12252 | | Tóft | | Óþekkt | | 1000 | 1800 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,2 | 0,5 | | Gras/mosi/lyng | 440511,76 | 596874,22 |
| 22 | 12253 | | Hleðsla | | Kennimark | | 800 | 1900 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,0 | | | 440533,09 | 596868,92 |
| 23 | 12254 | Hvalbúðarnes | Niðurgröftur | | Óþekkt | | 1900 | 0 | Greinanleg | | Mikil hætta | Landbrots | 0,0 | 0,3 | | Gras | 439959,95 | 597356,93 |
| 24 | 12255 | Hvalbúðarnes | Niðurgröftur | | Kolagröf | | 1500 | 1800 | Greinanleg | | Mikil hætta | Landbrots | 0,0 | 0,6 | | Gras | 439974,43 | 597374,48 |
| 25 | 12256 | Hvalbúðarnes | Tóft | | Óþekkt | Kofi | 1000 | 1800 | Greinanleg | | Hætta | Landbrots | 0,0 | 0,3 | | Gras/mosi/lyng | 440008,60 | 597359,34 |
| 26 | 12257 | Hvalbúðarnes | Tóft | Þyrping | Óþekkt | Sjóbúð | 1500 | 1800 | Greinanleg | | Hætta | Landbrots | 0,1 | 0,6 | | Gras | 440017,05 | 597366,40 |
| 27 | 12258 | Hvalbúðarnes | Tóft | | Óþekkt | | 1700 | 1900 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,3 | | Gras | 440056,29 | 597352,61 |
| 28 | 12259 | Hvalbúðarnes | Tóft | | Óþekkt | Rétt | 1700 | 1900 | Greinanleg | | Hætta | Landbrots | 0,2 | 0,6 | | Gras | 439989,89 | 597394,78 |
| 29 | 12260 | | Varða | | Kennimark | | 1000 | 1900 | Heillegar | | Engin hætta | | 0,0 | 0,8 | | | 440032,55 | 598560,27 |
| 30 | 12261 | | Niðurgröftur | | Óþekkt | | 800 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,1 | 0,2 | | | 440532,82 | 596867,62 |
| 31 | 12262 | | Tóft | | Mylla? | | 1800 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 0,3 | | Gras/mosi/ljónslöpp | 440968,43 | 596990,38 |
| 32 | 12202 | | Niðurgröftur | | Mógrafir | | 1700 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,0 | 1,5 | | Gras | 441001,73 | 597821,12 |
| 33 | 12203 | | Tóft | | Mótóft | | 1800 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,1 | 0,3 | | gras/mosi/ljónslöpp | 441060,57 | 597921,79 |
| 34 | 12204 | | Tóft | | Mótóft | | 1700 | 1900 | Greinanleg | | Engin hætta | | 0,1 | 0,3 | | gras/mosi/ljónslöpp | 441060,20 | 597909,60 |
| 35 | 12205 | | Tóft | | Mótóft | | 1800 | 1900 | Vel greinanleg | | Engin hætta | | 0,1 | 0,3 | | gras | 441065,11 | 597880,69 |
| 36 | 12206 | | Tóft | | Mótóft | | 1800 | 1900 | Illgreinanleg | | Engin hætta | | 0,1 | 0,2 | | gras | 441057,47 | 597872,91 |